

TÍMAVÉLIN Björguðu hollensku pari á Hornströndum

Maturinn var búinn



8. MARS 2019 / 10. TBL. 109. ÁRG. / VERD 995 KR.

VEINBI SUPERMAN

MYNDAÐI DJAMMIÐ Í YFIR ÁRATUG



DRÖM

LJÚFMENNI VERÐA AÐ FÓLUM




Björgvin Franz

Náttúrulegt að leika konu

- Flókin æska með ADHD
- Hætti að drekka eftir tvær meðferðir
- Stjaksettur í kvikmynd Clints Eastwood

Romeo stígur fram:

- Vill bara fá peningana sem hann á inni



Ingibjörg Rosa

Krabbamein efni-viður í uppstand

- „Verð að gera grín að hlutunum“



YFIRHEYRSLAN



Þorsteinn Víglundsson
389712

ARI ELTIHRELLIR áreitir konur



„ÞETTA VANDIST ALDREI“

- Fjölskylda Ástu Krístrúnar ofsótt í tvö ár
- Íslendingar sem lentu í eltihrellum



ÍSLENDINGAR SEM HURFU ERLENDIS



Margar gerðir af FARANGURSBOXUM



Dráttarbeisli undir flestar tegundir bíla



Hyrjarhöfða 8 - vikurvagnar.is - Sími 577 1090



Aldrei að skafa! Með Webasto bílahitara



Þú hitar bílinn með fjarstýringu og nýtur þannig þæginda og öryggis



Bílasmiðurinn hf. Bíldshöfða 16 - 110 Reykjavík - sími 5672330 - www.bilasmiðurinn.is - bilasmiðurinn@bilasmiðurinn.is



Síðustu orðin

„Slökum aðeins á, bræður...“

– Bandaríkjamaðurinn Malcolm X (1925–1965), baráttumaður fyrir mannréttindum og réttindum blökkumanna

Á þessum degi, 8. mars



1618 – Þýski stjörnufræðingurinn Johannes Kepler setur fram þriðja lögmálið um gang reikstjarnanna um sólu.



1817 – Kauphöllin í New York er stofnuð.



1910 – Franski flugmaðurinn Raymonde de Laroche fær fyrst kvenna flugstjórnarréttindi.



1974 – Charles de Gaulle-flugvöllurinn er opnaður í París í Frakklandi.

ARI ELTIHRELLIR DREIFIR NEKTAR- MYNDUM AF FYRRVERANDI



■ Ítrekað kærður til lögreglu fyrir áreitni ■ Hefur stundað stafrænt kynferðisofbeldi

Hjálmar Fríðriksson
hjalmar@dv.is



Hann heldur úti fjölmörgum grúppum og Facebook-síðum til að hrella konur, sem voru annaðhvort að deita hann í stuttan tíma eða eru tengd einhverjum í kringum þær. Hafa jafnvel bara vogað sér að segja nei við hann. Hann auglýsir þær sem vændiskonur, bendlar þær við barnanið og almennt reynir að eyðileggja mannorð þeirra.“ Þannig hljóðar nafnlaust ákall um hjálp í fjölmönnum Facebook-hópi kvenna, sem nefnist: Stöndum saman - stefnumótaforrit.

Sá er hjálparbeiðnin snýst um er Ari Sigurðsson, 46 ára gamall maður sem búsettur er í Tailandi nú um stundir. Ari hefur ítrekað verið kærður til lögreglu fyrir margs konar stafrænt kynferðisofbeldi án þess að lögreglufyrirvöld hafi getað stöðvað framgöngu hans. Þá hefur DV heimildir fyrir því að margar konur hafi lent í margs konar annarri áreitni af hálfu Ara eftir skammvinnu samskipti við hann á stefnumótaforritum.


Sendi grófar klámmyndir til DV og lögreglu

Á dögunum barst póstur frá Ara til ritstjórnar blaðsins sem innihélt ótal nektarmyndir af konu sem Ari hafði verið í sambandi með í stuttan tíma. Til að ögra yfirvöldum var afrit af póstinum einnig sent til Lögreglunnar á

höfuðborgarsvæðinu. Þá hefur DV heimildir fyrir því að sami póstur hafi verið sendur til allra samstarfsmanna konunnar þar sem gefið var í skyn að hún stundaði vændi. Þessi háttsemi Ara hefur verið kærð til lögreglu.

Þetta er þó ekki í fyrsta sinn sem Ari hefur uppi hegðun af þessu tagi. Í ágúst 2016 steig Björg Amalía Ívarsdóttir fram í viðtali við DV og lýsti sams konar háttsemi Ara. Hún hafði kynnst honum á stefnumótasíðu og sambandið gengið vel í fyrstu. Fljótlega fór að halla undan fæti og lýsti Björg Amalía margs konar andlegu ofbeldi sem hún sakaði Ara um að beita hana. Þegar sambandinu lauk fór hann að áreita Björgu Amalíu með ýmsum hætti, meðal annars dreifa niðurlægjandi myndum og myndböndum af henni sem víðast. Þá prentaði Ari út nektarmyndir af henni auk skilaboða um að hún væri að selja sig, og dreifði myndunum í póstkassa í fjölbýlishúsi sem Björg Amalía var búsett í. Einnig hélt hann því fram að Björg Amalía hefði beitt hann grófu heimilisofbeldi.

Þegar DV hafði samband við Ara á sínum tíma vegna ásakana Bjargar Amalíu þá sagðist hann vera í fullum rétti til að birta myndirnar og myndböndin. „Þetta eru myndbönd sem ég hef fullt leyfi til þess að birta. Ég hef yfirleitt lent í því að enginn trúir því að ég hafi lent í þessu ofbeldi. Þetta er að mínu mati myndband á móti orði,“ sagði Ari. ■



GIMLI FASTEIGNASALA

NÆSTI KAFLI HEFST HJÁ OKKUR



ARNARTANGI, 270 MOSFELLSBÆR
49.900.000 kr.

Tegund	Raðhús
Stærð	94 M ²
Herbergi	4



HRAUNBÆR 30, 110 REYKJAVÍK
38.900.000 kr.

Tegund	Fjölbýli
Stærð	107 M ²
Herbergi	4



NAUSTABRYGGJA 31, 110 REYKJAVÍK
79.900.000 kr.

Tegund	Fjölbýli
Stærð	184 M ²
Herbergi	5

„Iceland Recruitment” starfsmanna- og ráðningaþjónusta útvegar hæfa enska iðnaðarmenn, blikksmiði, vélavinumenn og menn með meirapróf. Við hugsum vel um okkar fólk. S: 522-7700 irc.is

ICELAND

RECRUITMENT

irc.is



Starfsmenn frá Bretlandi

Allir starfsmenn BKG koma frá Bretlandseyjum og tala ensku fyrir móðurmál



Fullkomið gegnsæi

Við bjóðum notendafyrirtækjum fullkomið gegnsæi varðandi greiðslur



Réttindi

Allir starfsmenn hafa viðeigandi réttindi til að starfa á Íslandi

Hver er hann?



■ Er með millinafnið Helgi

■ Fékk fálkaorduna árið 2011

■ Var valinn poppstjarna ársins árið 1969

■ Lék í kvikmyndunum Óðali fedranna, Djöflaeyjinni og Villiljósi

■ Söng fyrir Íslands hönd í Eurovision árið 1995

SVAR: BJÖRNVINNI HALDORSSON

Það er staðreynd að...



Inngrónar táneglur eru arfgengar



Jólin voru eitt sinn bönnuð á Englandi



Íslenskir karlar eru líklegri til að fá lekanda en konur að fá klamydíu



Neanderdalsflauta er elsta hljóðfærið sem fundist hefur, talin vera um 45 þúsund ára gömul



Það eru bakteríur í ríngingu

YFIRHEYRSLAN

Þorsteinn Víglundsson

Hjúskaparstaða og börn?

Kvæntur Lilju Karlsdóttur – við eigum saman þrjár dætur.

Bók eða bíó? Bækur, eða réttara sagt hljóðbækur, eru í miklu upphaldi þessa dagana.

Hvað er skemmtilegt? Lífið. Útivist með fjölskyldunni, skíði, golf og hvers konar hreyfing. Fátt slær þó því við að elda góðan mat með góðum vinum og vínunum. Mætti þó sjálf sagt vera meiri hreyfing og minni matur.

Hvað er leiðinlegt? Hroki. Fátt fer í taugarnar á mér en hrokafullt fólk gerir það svo sannarlega. Sérstaklega þegar fara saman völd og hroki. Völdum fylgir ábyrgð og ábyrgð mætti svo gjarnan fylgja meiri auðmýkt.

Trúir þú á drauga? Nei.

Notarðu regnhlíf? Nei – ég gleymi henni alltaf.

Áttu gæludýr? Já, við eigum 9 ára gamlan Dverg-Schnauzer sem heitir Glói. Mikill gleðigjafi fyrir fjölskylduna.

Hefurðu gengið á Esjuna? Já, geri það reglulega með fjölskyldunni.

Fyrsta atvinnan? Fyrsta sumarstarfið var þegar ég var 12 ára að tappa Nivea-kremi í dósir hjá S. Helgasyni, fyrir tæki sem móðurafi minn stofnaði. Eftirminnilegast var sennilega þegar ég hellti niður 200 lítrum af Double Douche-sjampói – þóttist ráða við að færa tunnuna en það reyndist rangt mat.

Leiðinlegasta húsverkið? Mér finnst ágætt að græja tiltekt, skúra og ryksuga. Hins vegar leiðist mér mest að þurrka af og þússa spegla.

Besta ráð sem þú hefur fengið? Ég hef fengið svo mörg góð ráð í gegnum lífið frá fjölskyldu og vinum að það er erfitt að greina á milli. Á endanum hafa þau flest snúist um að fylgja hjartanu – nokkuð sem ég hef alltaf gert og hefur reynst mér vel í lífi og starfi.

Mannkostir þínir? Það er nú kannski annarra að leggja mat á það. Ég held að það hafi alltaf gagnast mér vel að vera frekar róleg og yfirveguð týpa. Ég reyni að koma fram við fólk af virðingu og muna að það eru alltaf fleiri en ein hlið á málunum.

Lestir þínir? Var alltaf óstjórnlega óstundvís en það hefur batnað með árunum. Í seinni tíð er það eflaust helst áunninn athyglisbrestur og óhófleg notkun fréttamíla í símanum mínum.

Hver er fyrsta minningin þín?

Man eftir forlata rauðum slökkviliðsbíl sem ég átti þegar ég var u.þ.b. tveggja ára og hláturinn hjá föðurafa mínum þegar hann hrasaði með mig í stiga þegar ég var litlu eldri. Hann lést skömmu síðar og mér þykir alltaf vænt um þessa minningu.

Það erfðasta sem þú hefur gert? Að jarða föður minn.

Nammi, snakk eða ís? Alltaf nammi.

Fyrsti bíllinn? 1978 módel af Saab 96. Eðalbíll, þó svo að demparamir hafi verið vitaðnýtir og nokkurt ryð komi í gripinn.

Eitthvað að lokum? Nei, er þetta ekki bara fint?

AÐALFUNDUR BÍ 2019

Fimmtudaginn 4. apríl kl. 20.00 í Síðumúla 23

Aðalfundur Bláðamannafélags Íslands árið 2019 verður haldinn fimmtudaginn 4. apríl n.k. að Síðumúla 23 3. hæð, 108 Reykjavík þar sem félagið er til húsa og hefst fundurinn stundvíslega kl. 20.00.

Dagskrá:

- Venjuleg aðalfundarstörf
- Skýrslur frá starfsnefndum
- Kosningar*
- Lagabreytingar
- Önnur mál

*Framboð til formanns Bí þarf að berast skrifstofu Bí ekki síðar en tveimur vikum fyrir boðaðan aðalfund.

BÍ-félagar eru hvattir til að mæta



Konungsblæti Íslendinga



Svarthöfði

Floott er að fá reista af sér brjóstmynd úr graníti eða bronsi. Enn þá flottara að fá heila stytta á áberandi stað í bænum. Ólafur Ragnar Grímsson er flottur karl og veit vel af því. Það kitlar því hégómama að fá brjóstmynd á Bessastöðum og máske mun stytta í fullri stærð rísa af honum í fyllingu tímans. Sem fyrrverandi ráðherra og forseti er Ólafur ígildi konungs hér á þessu landi, sem sárlega vantar og þráir blátt blóð.

Við Íslendingar erum hrifnir af konungum og það sést best á því hvernig við tilbiðjum forseta vorn. Það sama er ekki uppi á teningnum hjá til dæmis Þjóðverjum og Ítölum, sem einnig hafa valdalaus forseta. Það veit enginn hverjir forsetarnir Frank-Walter Steinmeier og Sergio Matherella eru. Ekki einu sinni Þjóðverjar og Ítalir sjálfir.

Íslendingar gerðu þau klunnalegu mistök að segja sig úr lögum við Danakonung og taka upp embætti forseta. Ef við gætum snúið til baka í DeLorean-tímavél myndum við ekki gera sömu mistökin heldur halda sambandinu

Það er kominn tími til þess að við Íslendingar hættum þessu hálfkákí og viðurkennum að okkur langar sjúklega mikið í kóng og drottningu

við konung eða í versta falli taka upp eigin konungsætt. Það yrði að sjálfsgöðu að vera fín ætt með ættarnafn eins og til dæmis Thors, Buch eða Kjerúlf.

Hinar Norðurlandþjóðirnar eru þær þjóðir sem við Íslendingar berum okkur sífellt saman við, fyrir utan Finna með sín háu kinnbein og fimmtán fallbeygingar. Danir, Svíar og Norðmenn eiga sínar konungsfjölskyldur sem þeir halda mikið upp á og skarta við öll helstu tækifæri. Þetta eru okkar fyrirmyndir.

Við upphefum okkar forseta á stall með konungum og drottningum Norðurlanda. Setjum hann í kjólföt með borða, nælum í hann orður og komum honum



fyrir í litlum kastala langt frá ys og þys miðborgarinnar. Forsetar, og reyndar biskupar líka, eru eina fólkíð sem við titlum herra og frú.

Forsetar okkar eru ekki aldri upp frá blautu barnsbeini til að gegna embættinu og því hafa þeir mismunandi sýn á það. Munurinn á Ólafi og Guðna gæti ekki verið augljósari. Ólafur lítur á sig sem hálfguð en Guðni er vandræðalega alþjóðlegur. Þeir þurftu hins vegar ekki að aðlagast embættinu, þjóðin aðlagðist þeim.

Það sést best hversu konunglegan brag forsetaembættið okkar hefur þegar kemur að kosningum.

Það er alltaf hitamál þegar nýr forseti er valinn, en þegar búíð er að krýna hann þá er ekki aftur snúið. Það þykir argasti dónaskapur og föðurlandssvik að bjóða sig fram gegn sitjandi forseta. Tilraun til valdaráns jafnvel.

Það er kominn tími til þess að við Íslendingar hættum þessu hálfkákí og viðurkennum að okkur langar sjúklega mikið í kóng og drottningu. Við getum þá leiðrétt mistökin frá 1944 og komið okkur saman um ættlegg til þess að taka við tigninni. Eða þá að biðja Margréti að taka aftur við okkur. ■

Þórdís Kolbrún; hvernig geturðu setið róleg og hljóð, með hendur í skauti; berð þú ekki ábyrgð á ferðaþjónustunni!?

Þann 22. febrúar sl., strax eftir að sjávarútvegsráðherra hafði tilkynnt, að hann - ríkisstjórnin - myndi leyfa hvalveiðar að nýju - dráp á ekki færri en 2.130 dýrum, á fimm árum - sendi stjórn Samtaka ferðaþjónustunnar, SAF, sem auðvitað er langstærsta og þýðingarmesta atvinnugrein landsins, frá sér harðorð mótmeili við þessari ákvörðun, þar sem lýst er vonbrigðum og skilningsleysi samtakanna með þessa ákvörðun og spurningar settar fram um það, á hverju hún byggi eiginlega.

Fór þetta nokkuð fram hjá þér, Þórdís Kolbrún?

Áður höfðu Hvalaskoðunarsamtök Íslands sent frá sér yfirlýsingu, þar sem fram kom, að höfundar skýrslunnar um „Þjóðhagsleg áhrif hvalveiða“, sem sjávarútvegsráðherra þóttist byggja sín nýju leyfi á, hefðu ekkert samband haft við Samtök ferðaþjónustunnar, Hvalaskoðunarsamtökin eða Íslandsstofu við vinnslu málsins og gerð skýrslunnar.

Fannst þér þetta bara í góðu lagi, Þórdís Kolbrún?

Eins og þú auðvitað veizt og SAF tekur sérstaklega fram í ályktun sinni, skapar ferðaþjónustan jafn miklar gjaldeyristekjur á einum degi og hvalveiðarnar skapa á einu ári. Er í því glóra, Þórdís Kolbrún, að hætta gífurlegum hagsmunum ferðaþjónustunnar og allra landsmanna í þágu - í þessu samhengi - þínuhagsmuna eins fyrirtækis eða eins manns!?

Hvernig getur þú setið þegjandi og hljóðalaus undir þessari illa grunduðu þróun, þessari heimsku og þessari áhættu!? Duga þér þau ummæli skýrsluhöfunda, sem aldrei töluðu við SAF, hvalaskoðunarfyrirtækin eða Íslandsstofu, að „engar vísbendingar séu um að hvalveiðar hafi orðið til þess að margir hafi hætt við Íslandsferð“.

Auðvitað fá menn engar vísbendingar, ef þeir kanna ekki málin!

Höfundar H.Í. skýrslunnar segja svo, eins og fram kemur í ályktun SAF, að „sennilega hafi hvalveiðar lítil áhrif á ferðamannastraum til landsins“.

Skyldu skýrsluhöfundar hafa kastað upp peningi um þetta? Viljum við byggja framtíðina á einhverju

„sennilegu“, þegar við getum kynnt okkur málin og öðlast vitneskju um, hvað við erum að gera með okkar fjöregg?

Þó að sjávarútvegsráðherra og sú valdaklíka, sem á bak við hann stendur, hafi látið sér þessar ágizkanir skýrsluhöfunda um velferð fjöreggs þjóðarinnar nægja, skal því ekki trúað, að þér, björtum, djörfum og hreinskiptnum ráðherranum, nægi þessi „forkastanlegu vinnubrögð“, eins og segir í yfirlýsingu Hvalaskoðunarsamtakanna.

Við beinum hér með þeim eindregnu tilmælum til þín, að þú beitir þér fyrir því, að skoðanakannanir fari fram meðal 5-7 helztu þjóðanna, sem sækja okkur heim og ferðaþjónusta byggir á, um það; 1) hvaða augum þær líta hvalveiðar Íslendinga, 2) hvort veiðarnar muni hafa áhrif á ákvörðun þeirra um það, hvort þeir vilja sækja Ísland heim, og gjarnan má bæta við í leiðinni, 3) hvort hvalveiðarnar muni hafa áhrif á kaup þeirra á íslenskum vörum.

Því miður getum við ekkert traust sett lengur á sjávarútvegsráðherra í þessu máli, okkur til mikilla vonbrigða, fjármálaráðherra virðist innsti koppur í búi þeirrar valdaklíku, sem á bak við þetta gjörræðisverk stendur, og Vinstri grænir hafa svikið sjálfa sig og stuðningsmenn sína og standa rúnir öllu trausti, þannig, Þórdís Kolbrún, að þú virðist ein standa eftir traustsins verð, þó að þú hefðir máttu grípa inn í þetta fyrr.

En, enn er lag og enn má leiðrétta feigðarflan sjávarútvegsráðherra, fjármálaráðherra og ærulausra Vinstri grænna.

VIÐ SETJUM ALLT OKKAR TRAUST Á ÞIG, ÞÓRDÍÐS KOLBRÚN!!

JARÐARVINIR

Ole Anton Bieltvedt,
formaður

Neita að upplýsa kostnað við Harvard-nám framkvæmdastjóra

Seðlabanki Íslands neitar að upplýsa DV um hvort og/eda hversu háa upphæð bankinn borgaði fyrir framhaldsnám Ingibjargar Guðbjartsdóttur, fyrrverandi framkvæmdastjóra gjaldeyriseftirlits

bankans, við Harvard-skóla í Bandaríkjunum árin 2016 til 2017. Að mati blaðsins er ótækt að æðstu stjórnendur Seðlabankans eða annarra stofnana geti úthlutað verulegum gæðum, eins og skólagjöldum í dýrt háskólanám, til undirmanna sinna án þess að almenningur sé upplýstur um það og hvort öllum starfsmönnum standi slíkt til boða. Sjónarmið bankans eru þau að um persónulegt mál

framkvæmdastjórans sé að ræða. Neitun bankans hefur verið kærð til Úrskurðarnefndar um upplýsingamál sem mun taka málið fyrir í byrjun næstu viku.

Fullkunnugt um að refsheimildir skorti

Mikill styr hefur staðið um starfsemi gjaldeyriseftirlits Seðlabankans undanfarin misseri. Ekki síst varðandi umfangsmikla húsleit eftirlitsins hjá Samherja og síðan 15 milljóna króna stjórnvaldssekt sem bankinn lagði á fyrirtækið árið 2016. Hæstiréttur Íslands ógilti þá ákvörðun bankans og síðan hefur málið verið fyrirferðarmikið í fjölmiðlum.

Meðal annars hefur Þor-

Ingibjörg Guðbjartsdóttir, fyrrverandi framkvæmdastjóri gjaldeyriseftirlits Seðlabanka Íslands.



Hús Seðlabankans við Kalkofnsveg.

steinn Már Vilhelmsson, forstjóri Samherja, gengið hart fram og krafist þess að Már Guðmundsson seðlabankastjóri og aðrir lykilstjórnendur verði látnir sæta ábyrgð vegna málsins.

Ingibjörg Guðbjartsdóttir, sem er lögfræðingur að mennt, var ráðin forstöðumaður gjaldeyriseftirlits Seðlabankans í maí 2009 en síðar varð hún framkvæmdastjóri eftirlitsins. Óhætt er að fullyrða að hún hafi gegnt lykilhlutverki í að móta stefnu og áherslur deildarinnar. Sú stjórnsýsla sem var viðhöfð innan eftirlitsins hefur sætt gríðarlegri gagnrýni undanfarandi, meðal annars frá Tryggva Gunnarssyni, umboðsmanni Alþingis. Meðal annars snýr gagnrýnin að því að eftirlitið hafi haldið áfram að rannsaka einstaklinga og fyrirtæki, með mjög íþyngjandi hætti, þrátt fyrir að stjórnendum hafi verið fullkunnugt um að engar nothæfar refsheimildir hafi verið fyrir hendi vegna gjaldeyrisbrota. Ástæðan var sú að ekki lá fyrir samþykki ráðherra fyrir heimild bankans til að beita þessum refsingum.

Starfar fyrir Alþjóðagjaldeyrissjóðinn

Í júlí 2016 var tilkynnt að Ingibjörg væri farin í leyfi frá Seðlabankanum til þess að hefja meistaranám í opinberri stjórnsýslu, MPA, við John F. Kennedy School of Government við Harvard-háskóla í Bandaríkjunum. Kom fram í tilkynningunni að ráðgert væri að Ingibjörg kæmi aftur til starfa hjá Seðlabankanum ári síðar.

Neitun Seðlabankans bendir til þess að háskólanámið ytra hafi verið a.m.k. að hluta greitt af Seðlabankanum enda hafi kostnaður ekki verið greiddur væri bankanum í lófa lagið að upplýsa þar um. Kostnaður við MPA-nám við Harvard hefur á milljónum. Það er ekki óþekkt að fyrirtæki greiði fyrir slíka framhaldsmenntun starfsmanna, en oftar en ekki er gert samkomulag um að viðkomandi starfsmaður vinni hjá fyrirtækinu í tiltekinn tíma annars verði námið endurgreitt að fullu eða hluta. Hvort það sé viðhaft hjá opinberum stofnunum liggur þó ekki fyrir. Ingibjörg kom aftur til starfa árið 2017 en aðeins til skamms tíma. Þá kvaddi hún Seðlabankann og hóf störf hjá Alþjóðagjaldeyrissjóðnum.

Eins og áður segir óskaði DV eftir formlegri staðfestingu á því að Seðlabanki Íslands hefði greitt fyrir Harvard-nám Ingibjargar, hversu há upphæðin hefði verið og hvort Ingibjörg hafi verið á launum, að fullu eða hluta, meðan á námsleyfi hennar stóð. Til vara óskaði blaðið eftir upplýsingum um hversu marga slíka námsstyrki Seðlabankinn Íslands hafi veitt frá því að Már Guðmundsson tók við sem seðlabankastjóri árið 2009 og heildarupphæð slíkra námsstyrkja. Eins og áður segir hafnaði Seðlabankinn því alfaríð að veita DV þessar upplýsingar og bar fyrir sig persónuverndarsjónarmið. Mun Úrskurðarnefnd upplýsingamála úrskurða um málið á næstunni. ■

UMHVERFISVÆNI RUSLAPOKINN

SEGÐU NEI VIÐ PLASTI



ÍSLENSKA GÁMAFÉLAGIÐ

www.igf.is

ÚRVAL AF HJÁLUM OG ÚLPUM



CMP herra úlpur frá 29.995 kr.-





Allir barna hjálmur 9.995 kr.-



Fullorðins hjálmur frá 19.995 kr.-



ALPARNIR

Faxafen 12
108 Reykjavík

Sími 534 2727
alparnir.is

HREYFING • KRAFTUR • ÁNÆGJA

AGA

GAS

ALLS STAÐAR



Smellt eða skrúfað?

Það skiptir ekki máli, við eigum bæði!



ÞÚ FINNUR SÖLUSTAÐI
FYRIR AGA GAS Á GAS.IS

ÍSLENDINGAR SEM HO

Íslenska þjóðin hefur fylgst harmi slegin með leitinni að **Jóni Presti Jónssyni** sem hvarf í Dyflinni fyrir tæpum mánuði. Jón Pröstur er fjögurra barna faðir og er angist fjölskyldu hans allt að því áþreifarleg, eins og von er. Fátt er jafn óhugnanlegt og þegar einstaklingar hverfa sporlaust af yfirborði jarðar. Frá því um miðja síðustu öld hafa hátt á annan tug Íslendinga horfið á erlendri grundu. Í sumum tilfellum hafa jarðneskar leifar viðkomandi fundist mörgum árum síðar en önnur tilfelli teljast óupplýst. DV tók saman nokkur dæmi sem öll eiga það sameiginlegt að aldrei fannst tangur né tetur af hinum horfnu.

Auður Ösp Guðmundsdóttir
audur@div.is



ZAKI IBRAHIM HALA MOHAMED

Hala Mohamed Zaki Ibrahim hvarf sporlaust í júníbyrjun 2016. Hala fæddist í Egyptalandi en hafði verið búsett á Íslandi í fjölda ára, var komin með íslenskan ríkisborgararétt og starfaði sem leiðbeinandi á leikskóla.

Lýst hefur verið eftir Hala á vef Interpol en ekkert hefur til hennar spurst. Á vef Interpol kemur fram að Hala hafi horfið á Íslandi en þegar Fréttablaðið ræddi við Lögregluna á höfuðborgarsvæðinu í mars 2017 fengust þau svör að málið væri úr höndum embættisins þar sem talið væri að Hala væri stödd í Egyptalandi. Þá kom jafnframt fram að ekki væri uppi grunur um saknæma háttsemi í tengslum við hvarf hennar, og að lýst hefði verið eftir henni að beiðni fjölskyldumeðlima.



FRÍÐRIK KRISTJÁNSSON

Fríðrik Kristjánsson hvarf sporlaust í Paragvæ vorið 2013, þá þrítugur að aldri. DV hefur fjallað töluvert um málið síðustu misseri en ýmsar sögur hafa verið uppi um hvarf Fríðriks, sem talið er tengjast fíkniefnaheiminum hér á landi.

DV greindi frá hvarfi Fríðriks í maí 2013 þar sem fram kom að lögreglufirvöld hér á landi hefðu rannsakað málið í samvinnu við fjölskyldu og vini Fríðriks. Þá leit uðu íslensk lögreglufirvöld liðsinnis lögreglufirvalda í Brasilíu og Paragvæ við leitina og fór Karl Steinar Valsson, yfirmaður fíkniefnadeildar Lögreglunnar á höfuðborgarsvæðinu, ásamt



öðrum manni til Paragvæ í lok árs 2013 til að aðstoða við leit að Fríðriki.

Í maí 2017 ræddi DV við vini og félagu Fríðriks sem umgengust hann seinustu mánuðina fyrir hvarfið. Sögðu þeir að síðustu mánuðir Fríðriks á Íslandi hefðu einkennst af gífurlegri fíkniefnaneyslu og ofbeldi. Einn af félögum hans sagðist telja fullvíst að Fríðrik hefði verið þvingaður til að fara til Suður-Ameríku til að vinna upp í fíkniefnaskuld.

Síðast er vitað um ferðir Fríðriks þann 27. mars 2013 en þá hringdi hann í vin sinn og sagðist vera á rútustöð í Brasilíu. Hann

sagði vini sínum að hann væri á leiðinni yfir landamærin til Paragvæ en ekkert gaf þá til kynna að hann væri í vandræðum. Nokkrum dögum síðar hringdi hann þrisvar með stuttu tímabili í fyrrverandi kærustu sína sem náði ekki að svara.

Á 33 ára afmælisdegi Fríðriks birti Vilborg Einarsdóttir, stjúpmóðir hans, færslu á Facebook-síðu sinni þar sem hún sagði fjölskylduna halda enn í vonina um að hann fyndist. Fjölskylda og vinir Fríðriks hafa lýst honum sem „hugljúfum, framúrskarandi námsmanni og öflugum íþróttamanni.“ Hann er sagður hafa verið metnaðarfullur og með allt á hreinu þar til hann leiddist út í neyslu fíkniefna.

RAGNA E. SIGURÐARDÓTTIR

Ragna Esther Sigurðardóttir var ung Reykjavíkurmær á stríðsárnum þegar hún varð ástfangin af bandarískum hermanni, Emerson Lawrence, eða Larry eins og hann var kallaður. Þau gengu í hjónaband á Íslandi árið 1946 og fluttust síðan búferlum til Portland í Oregon-fylki, þar sem Ragna tók upp nafnið Esther Gavin. Þegar til Ameríku var komið missti Ragna fljótlega tengslin við fjölskyldu sína. Hjónin ættleiddu síðar meir tvö börn saman en eiginmaður Rögnu reyndist vera úlfur í sauðargæru og mátti hún þola hrottalegt ofbeldi af hans hálfu. Hjónin skildu og fékk Ragna þá fullt forræði yfir börnunum en árið 1951 var þeim komið fyrir

hjá fósturforeldrum.

Árið 1952 hvarf Ragna sporlaust, þá 23 ára gömul, en lengi vel var talið að Larry hefði ráðið henni bana. Árið 2011 greindi RÚV frá því að ættingjar Rögnu væru að reyna að komast að því hver örlög hennar hefðu orðið. Í ljós kom að Ragna upplifði meiri viðbjóð en nokkurn hefði órað fyrir. Dóttir Larry lýsti föður sínum sem skrímsli og kynferðislega brengluðum og fram kom að eitt sinn hefði Ragna legið í hálfan mánuð á spítala eftir ofbeldi af hálfu eiginmanns síns.

Í janúar 2012 var rannsókn málsins tekin upp á ný hjá lögreglunni í Portland. Sama ár fékk fjölmiðlakonan Lillý Valgerður Oddsdóttir áhuga á málinu og



lagðist í mikla rannsóknarvinnu. Í kjölfarið kom í ljós að Ragna hafði mörgum árum áður breytt nafni sínu í Ragna E. Íshólm, af ótta við fyrrverandi eiginmann sinn. Hún hafði gíft á ný og eignast tvö börn með seinni eiginmanni sínum. Áttu þau langt og farsælt hjónaband en Ragna hélt sorglegri fortíð sinni ávallt leyndri fyrir börnunum sínum. Hún lést af völdum lungnakrabba árið 2002.



HJÖRTUR BJARNASON

Það var aðfaranótt mánudagsins 26. febrúar árið 1951 að vélskipið Víkingur frá Seyðisfirði lagðist að bryggju í hafnarborginni Aberdeen á austurströnd Skotlands. Einn sjómaðurinn um borð hét Hjörtur Bjarnason. Þetta var hefðbundin ferð, aflinn var seldur á mánudeginum, olía tekin og síðan gert klárt fyrir brottför. Vitaskuld fóru skipverjar í land til þess að lyfta sér örlítið upp fyrir áframhaldandi veiðar.

Þrjú skipverjar fóru á hótelið Stanley til að borða um sjöleytið; Björn Einarsson, fyrsti vélstjóri, og hásetarnir Þorgeir Jónsson og Hjörtur Bjarnason. Eftir tæpa tvo klukkutíma vildu Þorgeir og Hjörtur út en Björn ákvað að sitja áfram. Þegar átti að sigla daginn eftir var Hjörtur hvergi að finna. Í kjölfarið var skipulögð leit um alla borgina. Leitinn bar ekki árangur og var skipstjóran um á Víkingi gert að fresta siglingunni um tvo daga á meðan hvarfið yrði rannsakað. Þegar Hjörtur fannst ekki að þeim tíma liðnum fékk skipstjórinn heimild til að sigla og hélt þá til Íslands.

Hjörtur var fimmtugur að aldri, ókvæntur og barnlaus.



Hann var talinn hið mesta prúðmenni og hafði oft verið gerður að formanni á bátum. Skipverjunum þótti ósennilegt að Hjörtur hefði fallið í höfnina og druknað. Þá var talið útilokað að Hjörtur hefði fyrirfarid sér, þar sem ekkert benti til þess í fari hans. Leit var hætt í Aberdeen þann 8. mars 1951.

VEISLUR


ÁRSHÁTÍÐIR

RÁÐSTEFNUR

SKEMMTI STAÐUR

MATSÖLUSTAÐUR

Ráin er alhliða veitingahús í hjarta Reykjanesbæjar



DRFIÐ HAFA ERLENDIS

HALLDÓR HALLDÓRSSON

Í mars 1960 greindi Lögberg-Heimskringla frá því að blaðinu hefði nýlega borist úrklippa úr morgunblaðinu Province í Vancouver, þar sem sagt var frá undarlegu hvarfi 62 ára íslensks karlmanns að nafni Halldór Halldórsson. Halldór var á þessum tíma búsettur ásamt systur sinni, Önnu Halldórsdóttur, í fátækrahverfi í borginni Burnaby, austan við Vancouver, en hverfið var þekktur samastaður heimilislausra einstaklinga.

Að kvöldi 1. apríl 1959 fór Halldór til nágretta síns, Dans Morgan, og var í miklu uppnámi. Hann greiddi Morgan tíu dollara sem hann skuldaði honum og sagði síðan:

„Dan, nú hef ég loksins eftir allan þennan tíma komist að því, hver myrti dóttur mína. Ég ætla upp í borgina að gera eitthvað í því máli.“

Halldór hvarf því næst út í myrkið og hefur ekki sést síðan.

Fram kemur í frétt Province að ekkert hafi verið tilkynnt um hvarf Halldórs á sínum tíma og

að engar skýrslur væru til hjá lögreglu um hann eða dóttur hans. Nágrannar Halldórs lýstu honum sem „hæglátum manni“ og voru áhyggjufullir yfir hvarfi hans. Flestir þeirra töldu þó líklegt að lögreglan hafi ekki viljað snerta á málinu þar sem yfirvöld „létu sig lítið skipta um afdrif fólksins í þessi hverfi.“

Blaðamaður Province ræddi einnig við systur Halldórs, Önnu, sem þá var á sjötugsaldri og kvaðst hún vera viss um bróðir sinn hefði verið numinn á brott eða þá myrtur. Sagði hún að Halldór hefði fyrr um daginn farið og keypt matvæli, málningarbursta og málningu. Hann hefði síðan komið til baka en Anna var þá ekki heima. Þegar hún kom heim, voru matvælin og málningarvörurnar þar, en bróðir hennar var horfinn. Þá sagðist Anna hafa tilkynnt hvarf bróður síns til lögreglunnar í Vancouver en málið hefði þó aldrei verið rannsakað.



HALLDÓR H. ÍSLEIFSSON

„Halldór Heimir Ísleifsson, lækni-sonur frá Hvolsvelli, var í hagfræðinámi í Bandaríkjunum um miðbik niunda áratugar síðustu aldar. Árið 1987 kom hann heim og vann hér í einn vetur. Árið eftir hélt hann aftur út og ákvað að halda áfram námi í North Texas University. Hann var þá 25 ára gamall. Hann tjáði fjölskyldu sinni að hann ætti gamlan og góðan bíl vestan hafs og hygðist aka um Bandaríkin áður en hann byrjaði í skólanum.“

Þannig hefst grein eftir Björn Jón Bragason sem birt var í DV um eitt sérstæðasta manns-hvarf Íslendinga í útlöndum. Fjölskylda Halldór hafði af því áhyggjur að hann væri einn á ferð í ókunnugu landi, en Halldór kvaðst þekkja vel til vestanhafs og sagði enga ástæðu til að örvænta. Skömmu eftir að Halldór kom út hafði hann samband

við fjölskyldu sína.

Þann 14. mars 1988 hringdi Halldór frá Kaliforníu til skólafélaga síns í Texas og bað hann um að senda sér peninga fyrir flugfarseðli svo hann gæti flogið til baka til Texas. Bíl Halldórs hafði þá verið stolið og öll skilríki hans voru horfin. Skólafélagi hans símsendi peningana en þegar Halldór birtist ekki fóru menn að hafa hafa af honum áhyggjur.

Bíll Halldórs fannst í smábæ, þrjá kílómetra frá landamærum Mexíkó, og taldi lögreglan í San Diego að hann hefði jafnvel farið suður yfir landamærin. Upplýsingum um Halldór var dreift víðs vegar um Bandaríkin og Kanada, en ekkert fannst sem varpað gat ljósi á hvarf hans. Á endanum drógu ættingjar þá ályktun að Halldór væri látinn. Kristín Ísleifsdóttir, systir Halldórs, sagði: „Við upplifðum þá sorg sem

flestir upplifa sem misst hafa náinn ættingja.“ Annar ættingi sagði: „Við vonuðum en það má segja að vonin hafi ein verið eftir og bænin. Óvissan var hræðileg.“

Dag einn í október árið 2000 hringdi síminn á heimili fjölskyldu Halldórs. Mágur hans svaraði í símann og hinum megin á línunni var Halldór. Hann hafði þá verið týndur í 12 ár og var orðinn 38 ára gamall. Afráðið var að kalla fjölskylduna saman, sem hringdi aftur til hans þremur klukkustundum síðar. Urðu miklir fagnaðarfundir meðal foreldra hans og fjögurra systkina.

Halldór flutti svo um haustið til Íslands og hóf störf sem byggingaverkamaður. Þótti hann ósérhlífinn, duglegur og hvers manns hugljúfi. Í gegnum tíðina hafa íslenskir blaðamenn ítrekað reynt að fá Halldór til að tjá sig um hvarfið en hann hefur ávallt gefið þau svör að um sé að ræða einkamál hans og fjölskyldu hans.

GUÐNÝ H. HRAFNSDÓTTIR TULINIÚS

Aðfaranótt 17. júní 1986 hvarf Guðný Helga Hrafnisdóttir Tuliniús í Noregi. Guðný var einungis 19 ára gömul og hafði dvalið í Noregi í skamman tíma. Þrátt fyrir víðtæka leit á sjó og landi fannst ekkert sem gat staðfest lát hennar og er hvarfið enn í dag óupplýst.

Í júní 1988 rituðu systkini Guðnýjar minningargrein í Morgunblaðið þar sem þau sögðust hafa gefið upp alla von um að finna systur sína lífs eða liðna „eftir tveggja ára örvæntingarfulla leit“:

„Guðný hafði um skeið þjáðst af sálrænum erfiðleikum, en virtist vera á góðri leið með að sigrast á vanda sínum og við erum sannfærð að ef Guðný hefði þraukað aðeins lengur hefði hún getað ráðið niðurlögum hans.“

Fram kom að Guðný var fjórða barn foreldra sinna og fyrsta dóttir þeirra. Hún hafði hæfileika á mörgum sviðum, þótti afbrigðs píanóleikari, fyrir-



myndarnemandi og með mikla skáldskaparhæfileika. Unglingsárin reyndust henni erfið en hún blómstraði að sögn systkina sinna þegar hún var við nám í Menntaskólanum við Hamrahlíð, tók þátt í margs konar menningar- og félagsstarfi og eignaðist fjölmarga vini meðal nemenda og kennara „sem margir áttu eftir að reynast henni vel í erfiðleikum hennar síðasta æviárið.“

JÓN GUNNAR PÉTURSSON

Árið 1930 hófu íslenskir togarar fyrst sölu á ísfiski í Cuxhaven í Þýskalandi, þegar togarinn Gyllir seldi þar fyrsta farminn sinn. Um 35 árum síðar, þann 6. febrúar árið 1965, hvarf ungur sjómaður af togaranum Skúla Magnússyni sem var í söluferð í Cuxhaven. Um var að ræða Jón Pétursson tvítugan pilt frá Hólmavík. Vitað er að Jón fór ásamt tveimur skipsfélögum sínum að skoða bæjarlífið en varð viðskila við þá og sást ekki eftir

það. Vikulöng leit lögreglu þar engan árangur.

Í Morgunblaðinu var hvarfinu lýst á þennan hátt:

„Hann kom ekki til skips á fimmtudaginn, er togarinn skyldi sigla heim. Var beðið eftir honum á aðra klukkustund. En síðan var hvarf mannsins tilkynnt umboðsmanni skipsins og ræðismanni Íslands í Cuxhaven. Gerði hann lögreglunni advart og hefur verið leitað síðan, án árangurs.“

Spila inn á Mussolini og Franco

■ Hægri flokkarnir sækja í sig veðrið í ungum lýðræðisríkjum í Suður-Evrópu

Kristján Kristjánsson
ritstjorn@dv.is



Á Ítalíu leikur leiðtogi Lega sér með tilvitnanir í Mussolini og á Spáni sækir hinn ungi flokkur Vox í sig veðrið og stefnir hraðbyri að sæti á þingi í næstu kosningum en þær verða í lok apríl. Vox, sem er ungur og mjög hægrisinnaður flokkur, leikur sama leik og Lega á Ítalíu nema hvað á Spáni er það einræðisherrann Franco sem flokkurinn spilar inn á í áróðri sínum.

Bæði löndin eru ung lýðræðisríki til þess að gera. Ítalía varð ekki lýðræðisríki fyrr en eftir fall fasismans á fimmta áratugnum og Spánn ekki fyrr en Franco lést á áttunda áratugnum. Bæði þessi ungu lýðveldi eru samofin Evrópusambandinu og það hefur gegnt mikilvægu hlutverki í þróun lýðræðis í báðum löndum. Áhugi Lega og Vox á einræðisherrunum fyrrverandi og boðskap þeirra vekur nú áhyggjur innan ESB og óttast sumir afleiðingarnar.

Þá hefur Partido Popular, íhaldsflokkur sem varð flokkur

falangista eftir andlát Franco, færst lengra inn á þjóðernissinnaða bylgu. Ef flokkurinn og Vox fá góða kosningu í apríl verður hægt að tala um hægri sveiflu eins og á Ítalíu þar sem Lega og Fimmstjörnuhreyfingin eru við völd. Allt eru þetta flokkar sem eru vægast sagt fullir efasemda um ágæti aðildar að Evrópusambandinu. Á göngum Evrópusambandsins er nú farið að hvísla um hvað gerist ef efasemdir um ágæti ESB breiðast líka út á Spáni. Landið er fjórða stærsta hagkerfi sambandsins og fékk marga hjálparpakka frá því til að komast í gegnum fjármálakreppuna.

Grundvallarbreyting

Fram að þessu hefur verið haft á orði að Spánn myndi aldrei setja fram gagnrýni á ESB. Landið gekk í sambandið 1986 og hefur aðildin verið talin einn af hornsteinum lýðræðisþróunar í landinu og hafa átt stóran þátt í að festa lýðræðið í sessi. Það hefur komið stjórnmálaskýrendum á óvart hversu hratt Vox hefur vaxið ásmegin.



Franco og Mussolini
Fasistaleiðtogar í Suður-Evrópu.

Hingað til hefur lítið sem ekkert farið fyrir þjóðernissinnuðum íhaldsflokkum á Spáni, flokkum sem eru fullir efasemda um ágæti ESB, en slíkir flokkar hafa verið áberandi í mörgum öðrum Evrópuríkjum á undanförunum árum. En nú virðist sem svipuð þróun sé að eiga sér stað á Spáni og fá flokk eða flokka sem líkjast til dæmis Svíþjóðardemókrötun-

um eða AfD í Þýskalandi en báðir eru fullir efasemda um ágæti ESB og andsnúnir innflytjendum. En Vox sker sig þó aðeins frá þessum flokkum að því leyti að flokkurinn sækir stóran hluta af fylgi sínu til efnads fólks og vel menntaðs.

Í stefnu Vox segir meðal annars að Spánn eigi að styrkja stöðu sína í Evrópu og ná fyrri styrk í heiminum. Flokkurinn vill nýjan ESB-sáttmála sem gefi þjóðríkjunum meiri völd, að landamæri þeirra verði virt sem og fullveldi þjóðríkjanna.

Allt þetta hefur haft þau áhrif að Ciudadanos, sem gefur sig út fyrir að vera frjálslyndur flokkur sem styður ESB, hefur nú fært sig lengra til hægri og segist ekki styðja að sósíalísk ríkisstjórn taki við völdum að kosningum loknum. Flokkurinn heitir því að hafna ríkisstjórn undir forystu PSOE.

Þá hafa sífellt fleiri látið óánægju sína í ljós með ákvörðun núverandi ríkisstjórnar, sem er undir forystu sósíalista, um að flytja jarðneskar leifar Franco frá Dal hinna föllnu nærri Madrid á minna áberandi stað.

Sumir stjórnmálaskýrendur telja sig sjá hættumerki á lofti á Spáni og telja að tveggja flokka kerfi landsins standi nú frammi fyrir mikilli áskorun. Ein af ástæðunum fyrir auknum stuðningi við Vox er sjálfstæðisbaráttan í Katalóníu. Hún hefur orðið til þess að margir Spánverjar hafa fylkt sér bak við spænska fánann og vilja styrkja þjóðríkið.

Sjálfstæð Norður-Ítalía

Þegar kosið var til þings á Ítalíu fyrir ári blakti fáni

sjálfstæðrar Katalóníu við hún á höfuðstöðvum Lega í Varese á Norður-Ítalíu. Lega var stofnaður á grunni þeirrar hugmyndar að segja skilið við restina af Ítalíu og þar með stjórnvöld í Róm. En af einhverjum ástæðum gufaði þessi stefna upp í kosningabaráttunni. Matteo Salvini, leiðtogi flokksins, er nú varaforsetisráðherra Ítalíu. Hann bauð sig fram í suðurhluta landsins og gerði út á efasemdir um ágæti ESB og andúð á innflytjendum í kosningabaráttu sinni. Lega fékk um 17 prósent atkvæða en hefur aukið fylgi sitt síðan miðað við skoðanakannanir og er nú stærsti flokkur Ítalíu.

Salvini hefur leikið sér með orð Mussolini og vitnar stundum í hann. Hann fer einnig sömu leið og margir aðrir popúlísta-flokkar og spilar inn á andstöðu fólks við Evrópusambandið og innflytjendur og hið hefðbundna pólitíska kerfi. ■



Santiago Abascal Leiðtogi Vox á Spáni.

Hágæða blautfóður frá Þýskalandi

25%

afsláttur

Margar bragðtegundir
Hentar vel fyrir matvanda

gæludýr.is

www.gaeludyr.is

NÁMSKEIÐ SEM GEFA RÉTTINDI UM GJÖRVALLA EVRÓPU

ÖLL ÖKURÉTTINDI - ÖLL VINNUVÉLARÉTTINDI



Skjót leið

til starfsmenntunar
Skapaðu þér **þitt eigið** góðæri



www.meiraprof.is




 **NÝI**
ÖKUSKÓLINN

KLETTAGÖRDUM 11 (ET-HÚSINU) - 104 REYKJAVÍK - SÍMAR: 588 4500 - 822 4502

www.meiraprof.is - rektorinn@gmail.com



***Infrared saunur verð frá 180.000 kr.
Viðarkyntir pottar verð frá 200.000 kr.***



**34 fm. með 8 fm. svefnloft á kr. 2.750.000,-
Bjálkapykkt 70 mm.**



Sjáðu úrvalið á goddi.is

- **Sauna- og gistitunnur**
- **Hitaveitupottar verð frá 390.000 kr.**
- **Nokkrar tegundir af skeljum verð frá 155.000 kr.**
- **Tvær tegundir af rafmagnspottum 200x200 sm. á 620.000 kr. m/loki og tröppu**

Eigum fjórar stærðir af lokum á lager í gráum og brúnum litum
Verð frá **58.500 kr.**



GODDI.IS

AUÐBREKKU 19 - KÓPAVOGI - S. 544 5550

Er ekki móðir sonar síns samkvæmt kerfinu: „Það er mjög sárt og leiðinlegt að geta ekki sinnt sínu eigin barni“

Segir að sameiginleg forsjá hafi ekkert gildi hjá hinu opinbera

Audur Ösp Guðmundsdóttir
audur@dv.is



Hugsunin á bak við sameiginlega forsjá er sú að báðir foreldrar beri sömu skyldur gagnvart barninu. Þrátt fyrir það þá verður lögheimilislaus foreldrið ósýnilegt í kerfinu,“ segir Eva Björk Sveinsdóttir verkefnastjóri en hún telur löngu tímabært að heimila tvöfalda lögheimilisskráningu, þar sem báðir foreldrar eru skráðir sem forsjáraðilar. Eva Björk á tvo syni, 16 og 13 ára, með fyrrverandi eiginmanni sínum en þegar hjónin skildu árið 2008 var þeim ráðlagt að hafa sameiginlega forsjá yfir drengjunum. Í kjölfarið var sá eldri skráður með lögheimili hjá Evu og sá yngri hjá föður sínum. Eva Björk segist hafa rekið sig á það æftir undanfarin ár að sameiginleg forsjá hefur í raun ekkert gildi hjá hinu opinbera.

„Okkur var tjáð af fulltrúa sýslumanns á sínum tíma að sameiginleg forsjá væri normið í dag, það er að segja ef annað foreldrið er ekki vanhæft. Við gerðum ráð fyrir að við myndum hafa sameiginleg réttindi varðandi allt,“ segir Eva Björk í samtali við blaðamann.

Á þessum tíma, árið 2008, voru rafrænar skráningar ekki eins algengar og í dag, líkt og Eva bendir á.

„Í dag er allt orðið meira og minna rafrænt, eins og að bóka læknatíma, sækja um sjúkrakort, sækja um skólamáltíðir, unglingavinnu og svo framvegis, en þannig var það ekki þegar við skildum. Allar þessar stofnanir eru með tengingu við Þjóðskrá og sækja sínar upplýsingar þaðan. Þess vegna erum við alltaf að reka okkur á vegg af því að í Þjóðskrá er einungis pabbi stráksins skráður sem foreldri hans.

Eva Björk nefnir sem dæmi að þar sem hún er „ungengnisforeldri“ samkvæmt kerfinu þá geti hún ekki stofnað bankareikning fyrir yngri soninn, eða skráð hann í tómsundur eða í mótuneytisáskrift í skólanum. Þá getur hún

Þess vegna erum við alltaf að reka okkur á vegg af því að í Þjóðskrá er einungis pabbi stráksins skráður sem foreldri hans

ekki skoðað sjúkrasögu sonar síns á netinu þar sem einungis lögheimilisforeldrið hefur aðgang að slíkum upplýsingum.

„Eitt fánægasta dæmið kom upp núna um daginn þegar við fengum sent bréf frá Sjúkratryggingum Íslands þar sem fram komu upplýsingar um heilsu sonar míns. Bréfið var stílað á manninn minn, stjúpföður sonar míns, en ekki mig,“ segir Eva jafnframt en þegar hún leitaði til Sjúkratrygginga fékk hún þau svör að samkvæmt reglum ætti að stíla bréf á elstu kennitölu heimilisins. „Maður spyr sig hreinlega hvort þetta stangist ekki á við persónuverndarlög, að senda sjúkraupplýsingar á aðila sem er ekki skyldur viðkomandi.“

Fær ekki að tryggja soninn

Eva Björk og núverandi eiginmaður hennar eiga samtals sex börn og eru tvö þeirra, eldri sonur Evu og stjúpdóttir hennar, skráð með lögheimili hjá þeim. Hin fjögur búa hjá þeim aðra hverja viku. Samkvæmt skilmálum tryggingafélagsins eru aðeins þeir sem búa á lögheimilinu skráðir undir heimilistrygginguna. „Til dæmis, ef sonur minn brýtur sjónvarpið heima hjá okkur þá þýðir það að ég þarf að leita í tryggingar fyrrverandi mannsins míns. Samt hef ég ekkert að segja um það hvernig hann er tryggður hjá pabba sínum.

Mér finnst það mjög undarlegt að ég geti gert allt fyrir yngri

son minn, og stjúpdóttur mína, en ekkert fyrir eldri son minn, sem ég sá um að koma í heiminn og ala upp jafnt á við pabba hans,“ segir Eva jafnframt. „Það er ömurlegt að þurfa stöðugt að segja við eldri son minn: „Nei, ég get ekki gert þetta, þú verður að spyrja pabba þinn.“

Eva tekur fram að vissulega skilji hún ástæður þess að það sé ríkinu í hag að hafa lögheimilisskráningu á einum stað. Þá sé skiljanlegt að tryggingafélög vilji koma í veg fyrir möguleg bótasvik með því að tryggja einungis þá sem skráðir eru á lögheimili. Það hljóti þó að vera hægt að koma í veg fyrir slíkt með öðrum hætti.

„Ég skil ekki af hverju það er ekki búíð að uppfæra kerfið hjá Þjóðskrá fyrir löngu, þannig að börn séu skráð hjá báðum foreldrum, en ekki bara lögheimilisforeldrinu. Það er sjálfsgætt að báðir foreldrar séu skráðir forsjáraðilar. Það sjá það allir að þetta kerfi er fyrir löngu orðið úrelt, enda er það sniðið í kringum þessa hefðbundnu vísitölufjölskyldu. Það er mjög sárt og leiðinlegt að geta ekki sinnt sínu eigin barni vegna þess að samkvæmt kerfinu er ég ekki foreldri þess.“

„Löggjafinn á ekki að gefa öðru foreldrinu ríkari rétt“

Umræðan um tvöfalda lögheimilisskráningu og ójafna réttarstöðu foreldra í forsjármálum hefur farið hátt undanfarin misseri. Í september síðastliðnum lögðu þing-



Eva Björk

menn Viðreisnar fram frumvarp til laga sem heimila skráningu lögheimilis barna hjá báðum forsjáforeldrum. Fram kom í greinargerð að þegar foreldrar hafi tekið ákvörðun um að fara sameiginlega með forsjá barns í kjölfar skilnaðar eða sambúðarslita, en hvort á sínu heimilinu, þá eigi löggjafinn ekki að gefa öðru foreldrinu ríkari rétt en hinu til ákvarðanatöku um hagi barnsins.

Samband íslenskra sveitarfélaga studdi ekki hins vegar frumvarpið en í umsögn sambandsins, sem skilað var inn í október síðastliðnum, segir meðal annars að tvöföld lögheimilisskráning barna „geti haft veruleg áhrif á þjónustu og útgjöld sveitarfélaga, ekki síst í skólamáli.“

Um þessar mundir liggja fyrir drög í samráðsgátt Stjórnarráðsins að frumvarpi til breytinga á barnalögum auk breytinga á ýmsum lögum sem varða skipta búsetu og meðlag. Fram kemur í greinargerð að markmiðið sé að stuðla að sátt og jafnari stöðu þeirra foreldra sem fara sameiginlega með forsjá barns og ákveða að ala það upp

saman á tveimur heimilum:

„Þetta nýja fyrirkomulag gerir ráð fyrir að foreldrar geti alfarið unnið saman í öllum málum er varða barnið. Samningur um skipta búsetu barns gerir því ríkar kröfur til foreldra um samstarf, virðingu, tillitssemi og sveigjanleika. Í frumvarpinu er ekki gert ráð fyrir að búseta barns verði að vera nákvæmlega jöfn á báðum heimilum. Almennt skal gera ráð fyrir því að barn búi álíka jafnt til skiptis hjá foreldrum, en að öðru leyti er það í höndum foreldra að finna það fyrirkomulag sem hentast best þörfum barnsins.

Foreldrar skulu komast að samkomulagi um hjá hvoru þeirra barn eigi lögheimili og hjá hvoru þeirra barn eigi búsetuheimili. Í frumvarpinu er gert ráð fyrir að samningur um skipta búsetu sé háður staðfestingu sýslumanns. Með hliðsjón af ríkum kröfum um samstarf foreldra og sameiginlega ákvarðanatöku er ekki gert ráð fyrir að dómstóll geti dæmt skipta búsetu barns þegar foreldra greinir á.“ ■

Castello
PIZZERIA

ELDBAKAÐAR
EÐAL PIZZUR
WWW.CASTELLO.IS

PANTAÐU
Á NETINU

DALVEGI 2, 201 KÓPAVOGI
DALSHRAUNI 13, 220 HAFNARFIRÐI



ÞAK.IS:

Reynsla og þekking er besta auglýsingin

Fyrirtækið Þak.is var stofnað 2008 og í dag starfa fjórir iðnaðarmenn með gífurlega reynslu hjá fyrirtækinu. „Við þjónustum einstaklinga, húsfélög sem og stærri eða minni fyrirtæki um land allt,“ segir Ólafur Ragnar Ólafsson, eigandi Þak.is.

„Þak.is býður upp á alla þá þjónustu sem viðkemur húsviðhaldi innan- sem utandyra. Þá tökum við að okkur breytingar á heilum íbúðum innandyra og leggjum t.d. parket, endurnýjum eldhús eða baðherbergi, sjáum um flísalögn, málun, uppsetningar eða niðurrif á veggjum og fleira.

Utandyra erum við í endurnýjun eða viðgerðum og sjáum t.d. um þakskipti, endurnýjun þakrenna, bárujárnsklæðningar og aðrar veggklæðningar. Einnig erum við í þakmálun, setjum upp og gerum við þakkanta, framkvæmum gluggaskipti, setjum upp blikk flássningar, erum í pallasmiði og margt, margt fleira.“

Er þakið þitt í lagi?

Það er alltaf mikilvægt fylgjast

með þakinu; hvort það sé kominn tími á að skipta um það eða lengja endingartíma þaksins með þakmálun. Þak.is býður upp á mat á því og öllu öðru, viðskiptavinum sínum að kostnaðarlausu.

„Í þakklæðningar notum við mikið til bárujárn úr alusinki eða stallað ál, eftir því hvað kunninn vill. Þessi efni hafa sýnt og sannað hvað þau eru endingargóð og duga vel í íslenskri veðráttu og það er þess vegna sem við notum þau. Við lendum því miður oft í því að endurvinnna verk eftir verkataka sem hafa ekki þekkingu og skila frá sér verkum hálfkláruðum eða í verra ástandi en áður en þeir tóku við því. Þetta er sorgleg staðreynd, en sýnir bara að það borgar sig að skipta við aðila sem kunna til verka,“ segir Ólafur.

Nánari upplýsingar má nálgast á facebooksiðunni þak.is.

Heimasíðan thak.is er lokuð vegna breytinga.


Hafðu samband í síma 699-6980.

Netpóstur: thak@thak.is



GRÁTANDI RÚMENINN STÍGUR FRAM

■ Hafnar málflutningi Menn í vinnu ehf. og vill segja sína hlið ■ Áttu á hættu að vera sendir fyrirvaralaust úr landi ■ Sagt að það þýddi ekkert að hringja í lögregluna



Erla Dóra
erladora@dv.is



Ég kom fyrst í fyrri, 2018 í júlí. Strax eftir fyrsta mánuðinn vissi ég að ekki væri allt með felldu.“

Romeo Sarga kom til Íslands í júlí 2018. Hann var kominn hingað, með bróður sínum, til að vinna og spara pening. Hann hafði ákveðnar hugmyndir um hvað biði hans við komuna, enda hafði hann hlotið upplýsingar og loford frá starfsmannaleigunni Menn í vinnu ehf. sem hann var að fara að vinna fyrir.

Eftir að hann kom á áfanga- stað, varð honum þó fljótt ljóst, að þau fögru fyrirheit sem hann hafði fengið, voru í hrópandi ósamræmi við þann veruleika sem tók á móti honum á Íslandi. Hann settist niður með blaðamanni til að segja frá því af hverju hann hætti hjá starfsmannaleigunni Menn í vinnu ehf. og af hverju hann og fleiri fyrrverandi starfsmenn eru nú að leita réttar síns með aðstoð Eflingar.

Húsnæðið að Hjallabrekku

„Fyrst og fremst var það húsnæðis- vandamál, varðandi gistinguna. Við vorum alltaf of margir í sama herbergi. Þegar það var haft samband við okkur úti, áður en ég kom til Íslands, var okkur tjáð að við

myndum búa við góðar aðstæður. Ekkert endilega að við yrðum einir í herbergi. Mér til dæmis var sagt, því ég kom með bróður mínu, að við fengjum að vera tveir einir saman.“

En Romeo og bróðir hans voru ekki í tveggja manna herbergi. Þeir voru yfirleitt 3–4 saman.

„Herbergin voru mjög lítil. Við höfðum ekki einu sinni pláss til að leggja frá okkur persónulega muni við hliðina á rúminu. Þetta voru mjög mjög slæmar aðstæður. Margir sem hafa komið hingað endast bara í 1–3 mánuði. Þeir verða óánægðir þegar þeir sjá hvar þeir eiga að búa og hvað launin eru lág og fara því bara heim. Ég er búinn að endast óvenju lengi og með einn hæsta starfsaldurinn.“

DV fjallaði um daginn um málsvarnir starfsmannaleigunnar. Þar greindi fyrrsvarsmaður leigunnar, Halla Rut, frá því að Romeo og fleiri hefðu dvalið í flottri risibúð í Krummahólum þar til þeir fóru í jólafri heim til Rúmeníu. Romeo segir það rangt, hann hafi bara búið að Hjallabrekku.

„Það særði mig að heyra hvaða lygum hún er að dreifa um mig og okkur. Ég hef aldrei verið á öðrum stað eða í annarri íbúð eins og hún heldur fram. Það er ekki satt og ég veit ekki af hverju hún er að halda því fram.“

„Það særði mig að heyra hvaða lygum hún er að dreifa um mig og okkur“

Sárnaði fréttin

Við komuna til landsins fékk Romeo samning til undirritunar sem kvað á um 1.600 króna tíma- kaup í dagvinnu og 2.800 króna í yfirvinnu. Síðan hafi starfsmannaleigan ákveðið að hafa launin 440 þúsund krónur fastar á mánuði fyrir 220 vinnustundir.

„Ég veit ekki hvaða samkomu- lag við eigum að hafa gert, ég fékk aldrei nýjan samning til að skrifa undir. Ég kannast ekki við að hafa samið um föst mánaðarleg laun.“

Eitt ef fyrstu verkefnum sem Romeo var settur í var að taka til eftir Guns N'Roses-tónleikana á Laugardalsvelli. Sú vinna hafi verið svört og fengu þeir starfsmenn sem henni sinntu greidda einhverja fjárhæð sem þeir höfðu enga leið til að sannreyna. Það var ekki fyrir en löngu seinna sem þeir byrjuðu að fá launaseðla.

„Við fengum aldrei launaseðla fyrir en við byrjuðum að ganga á eftir því. Þá fórum við að fá þá raf- rænt í heimabanka.“

Tungumálaörðugleikar

Blaðamaður bar launaseðil fyrir nóvembermánuð undir Romeo sem virtist ekki hafa fengið upplýsingar um hvernig lesa eigi úr launaseðlum. Ýmislegt sem blaðamaður benti honum á varðandi frádráttarliði og útreikning launa, kom Romeo á óvart. Til dæmis taldi hann að 10,17% orlofsgreiðslur sem bættust við föstu launin væri frádráttarliður sem væri lagður inn á einhvern orlofs- reikning sem ekki væri til.

Frádráttarliðir voru sýndir fyrir hvern mánuð, en einnig samtala um frádráttarliði frá áramótum. Þetta hafði aldrei verið skýrt al- mennilega út fyrir honum. DV hefur áður greint frá því að starfsmannaleigan bæti kjör starfsmanna eftir vissan reynslu- tíma. Þetta var ekki skýrt út fyrir starfsmönnum. Um hver mánaða- mót báru þeir saman launin sín og skildu ekki af hverju þeir fengu mismikið greitt fyrir sömu vinnu. Enda er starfsmannaleigan ekki með túlk á sínum vegum, og því

Romeo var hryggur vegna stöðunnar. Mynd/RÚV



geta tungumálaörðugleikar orðið til vandræða.

„Þetta er líka aðalvandamálið. Það koma upp vandamál því það eru alls ekki allir sem tala ensku og svörin eru snörp frá leigunni, ef þau berast yfirhöfuð. Við vorum til dæmis fjórir í sama verki með sama vinnutíma. Ég fékk kannski rúmlega 100 þúsund útborgað á meðan aðrir fengu 20 eða 70 þúsund. Þá vakna margar spurningar. Til dæmis ég og bróðir minn, við höfum unnið til svona klukkan hálf sex, sex, en aðrir eru kannski til tíu um kvöldið. Svo þegar við berum saman launaseðlana okkar þá var ég að fá miklu meira borgað en þeir.“

Peningarnir á bankabók og launamál

Romeo segir að samskiptin við Höllu hafi alltaf farið vel fram, en hún hafi stöðugt verið að ▶



RÝMINGARSALA Á ELDRI TÝPUM

RÝMUM FYRIR NÝJUM GERÐUM FRÁ KING KOIL

40% AFSLÁTTUR



ÓTRÚLEGT VERÐ Á
STÖKUM
DÝNUM!

FYRSTU
KEMUR
FYRSTUR
ÆER!

STAKAR DÝNUR
Á ÓTRÚLEGU VERÐI
STÆRÐIR 153X203cm (QUEEN)

VERÐ FRÁ
98.940 KR.

FULLT VERÐ
164.900 KR.

40%
AFSLÁTTUR

rekkjan
HEILSURÚM


MEDISANA VEKJARI MEÐ LJÓSI



25%

Vekur mjúklega

VERD ÁÐUR... 8.995
TILBOD 6.745



50%

BODUM BRAUÐBOX

VERD ÁÐUR... 7.995
TILBOD 3.995

ÖLL VÖFFLUJÁRN



20% - 40%



OBH NORDICA
HÁRBLÁSARI
ARTIST PRO



VERD ÁÐUR... 14.995
TILBOD 8.995

MEDISANA
HITA
UNDIRTEPPI



25%

VERD ÁÐUR... 5.995
TILBOD 4.495

KRINGLUKAST
byggto**g**búið

KRINGLUNNI • SÍMI 568 9400 • BYGGTOGBUID.IS

ALLT AÐ 50% AFSLÁTTUR

SJÁÐU ÖLL TILBÖÐIN Á WWW.BYGGTOGBUID.IS



ARTIST PRO

40%

OBH NORDICA
SLÉTTUJÁRN

VERD ÁÐUR... 14.995
TILBOD 8.995

LeCreuset **GRILLPANNA**



40x38 sm

30%

VERD ÁÐUR... 19.995
TILBOD 13.995

PEUGEOT
ELIS TOUCH
VÍNFLÖSKU
OPNARI



50%

MEÐ
HLEÐSLU
RAFHLÖÐU

FULLT VERD 14.995
KYNNINGARTILBOD... 7.495

NORPRO
KRANSAKÖKUMÓT



35%

18 hringir

VERD ÁÐUR... 5.995
TILBOD 3.895

Fissler
POTTASETT
PARIS



4 stk

43%

VERD ÁÐUR... 34.995
TILBOD 19.995

RYKSUGUVÉLMENNI



HREIN
SNILLD!

iRobot

ROOMBA 891

25%

DÚ SPARAR
25.000

VERD ÁÐUR... 99.995
TILBOD 74.995

DELONGHI MAGNIFICA PRONTO
ESPRESSO KAFFIVÉL



DÚ SPARAR
15.000

VERD ÁÐUR... 84.995
TILBOD 69.995



30%

ALLIR KAI HNÍFAR



Sandkorn



Fjölmiðlabann í kjaraviðræðunum

Ríkissáttasemjari hefur nú brugðið á það ráð að setja samingafólk í fjölmiðlabann. Ekki hefur farið fram hjá neinum að aukin harka er komin í kjaraviðræðurnar. Sérstaklega hvað varðar Eflingu og þeirra róttæka formann. Efling hefur boðað verkföll og Samtök atvinnulífsins brugðið á það ráð að kæra verkföllin. Ekki er þetta ástand beint til þess fallið að lægja öldurnar. Fjölmiðlabanni hefur áður verið beitt í kjaraviðræðum. Til dæmis eftir að upp úr slitnaði í samningaumleitunum sjómannanna árið 2017.

Lilju hyglad

Lilja Dögg Alfreðsdóttir kynnti í vikunni aðgerðir til að aðstoða fólk til kennaranáms. Er þetta í samræmi við kosningaloforð Framsóknarflokksins sem Lilja auglýsti hvað mest sjálf. Meðal annars varð hægð að sækja um 800 þúsunda króna námsstyrk til kennaranáms og starfsnámið verður launað. Fær hún nóg af peningum til að setja í sinn málaflökk. Vekur þetta spurningar um aðrar stéttir. Það er ekki aðeins kennaraskortur í landinu. Mikil vantar af hjúkrunarfræðingum, læknum, sálfræðingum og fleiri sérfræðingum innan heilbrigðisgeirans. Svandís Svavarsdóttir heilbrigðisráðherra hlýtur að horfa á kynningu Lilju öfundaraugum.



Látið skoða rassinn ykkar

Leiðari

Björn Þorfinnsson
bjornth@dv.is




Það er orðin árlega hefð að marsmánuður snúist að miklu leyti um að vekja athygli á baráttunni gegn krabbameinum í körlum. Svokallaður Mottumars hefur fest sig í sessi og er það vel. Sá er þessi orð skrifar hefur fylgst með áttakinu af aðdáun í gegnum árin. Þátttaka mín hefur þó fyrst og fremst snúist um móralskan, og stundum fjárhagslegan, stuðning. Ástæðan er sú að ég er taðskeglingur og get því ekki með nokkru móti skartað veglegri mottu nema álmíð sé!

Eitt af þeim krabbameinum sem hefur verið að færast í aukana hérlandis er krabbamein í ristli. Í hverri viku greinast fjórir einstaklingar með slíkt krabbamein. Það er umtalsverð fjölgun því ekki fyrir svo löngu voru þrír Íslendingar að greinast með krabbameinið í viku hverri. Þá deyr einn Íslendingur í hverri viku út af ristilkrabbameini. Rétt er að benda á hið augljósa, að ristilkrabbameinið herjar jafnt á bæði kyn.

Þetta er sorgleg þróun því ristilkrabbamein er eitt fárra meina sem hægt er að koma í veg fyrir eða finna á byrjunarstigi og auka þar með verulega líkur á lækningu. Það er gert með skimun hjá meltingarfæralæknum. Mælt er með því að allir sem eru 50 ára eða aldri fara í slíka skimun og þróunin erlendis er á þá leið að ráðlagður aldur fer lækkandi. Einhverra hluta vegna er staðan þó sú að fólk þarf sjálft að hafa frumkvæðið að því að hefja þessa vegferð. Því mættu yfirvöld gjarnan breyta. Það þarf að koma upp einhverju kerfi þannig að fólk sé hvatt til þess að panta sér tíma í ristilskimun.

Á dögum fór leiðarahöfundur í slíka skimun, langt fyrir aldur fram. Ástæðan var sú að föðurbróðir minn féll fyrir þessari óværu og í okkar hinsta spjalli hvatti hann mig til þess að undirgangast slíka rannsókn. Ég skal glaður játa að ég var talsvert stressaður fyrir öllu ferlinu, bæði sjálfri aðgerðinni og undirbúningnum. Nauðsynlegt var að borða bara tært og sljótandi fæði í tvo daga fyrir aðgerðina. Eins og vigtin á heimili mínu gefur sterklega til kynna þá hef ég ekki misst af máltíð undanfarna áratugi og bjóst því við mikilli próf-



raun. Þetta reyndist þó vera létt og löðurmannlegt verk. Það er í rauninni öllum hollt að upplifa svengd endrum og eins.

Þá var skimunin sjálf mun skárri en ég hafði gert ráð fyrir. Það var þó kannski ekki hápunktur mann-


legrar reisnar að klæðast bláum buxum með hlera aftan á. Ég tók skammti af kæruleysislyfi fagnandi skömmu síðar og síðan vissi ég varla af mér fyrr en skoðuninni var lokið. Þá hysjaði ég upp um mig buxurnar og ég hvet yfirvöld

til þess að fylgja fordæmi mínu í þessum málaflökki. Lesendur sem hafa náð 50 ára aldri vil ég eindregið hvetja til þess að panta sér tíma í slíka skimun hið fyrsta. ■

Spurning vikunnar

Hver ættu lágmarkslaun á Íslandi að vera?





VATNSÚÐAKERFI MD VÉLAR:

Nýtt umboð fyrir nýja tegund penslutengja

MD Vélar ehf. sérhæfir sig í penslutengjum fyrir flestar aðstæður og með nýjum samningi við fyrirtækið Metraflex í Chicago aukum við enn við úrvalið og þjónustuna. Við erum mjög ánægð með að hafa gengið frá þessum samningi sem felur í sér að MD Vélar ehf. er nú söluaðili fyrir Metraflex í Norður-Evrópu.

„Í þessum mánuði fer ég á sýningu í Madrid þar sem ég hitti starfsmenn Metraflex og það verður mjög spennandi að kynna fyrirtækinu og vörunum betur,“ segir Laila Björk Hjaltadóttir, fjármála- og viðskiptastjóri MD Véla ehf.

Einstök penslutengi

Metraflex framleiðir einstök penslutengi, kölluð FireLoop og FireVoop, sem eru sérhönnuð fyrir vatnsúðakerfi. Metraflex er afar framarlega í nýsköpun og falla þessi tengi sannarlega undir það. Tengin þola einstaklega mikla hreyfingu og geta hreyfst í allar áttir sem veitir mjög góða vörn fyrir kerfin. Tengin eru bæði UL skráð og FM samþykkt.

Metraflex er í fremstu röð þegar kemur að penslutengjum fyrir vatnsúðakerfi. „Það sem er svo einstakt við þessi tengi er hversu mikla hreyfingu þau taka, hve auðveld þau eru í uppsetningu og

hvað það fer lítið fyrir þeim. Hægt er að koma þeim auðveldlega fyrir þótt plássið sé lítið.“ Þessi tengi eru ætluð til uppsetningar alls staðar þar sem ætla má að verði einhver hreyfing á lögnum, t.d. af sökum vatnsþrýstings, jarðskjálfta eða annars. Hægt er að setja tengin upp hvort heldur er lárétt eða lóðrétt og 180° sveigjan krefst eingöngu einnar upphengju sem gerir tenginu kleift að hreyfast án hafta. Þó er ekki nauðsynlegt að hafa upphengju fyrir minnstu tengin.

Tengin fást með mismunandi fittings með hreyfingu $\pm 4"$, $8"$, $16"$ og $24"$ í stærðum frá DN 25 – DN 300 og þrýsting frá 12 – 20 bör.


Á heimasíðu Metraflex, metraflex.com er hægt að nálgast margs konar upplýsingar eins og um stærðir, fittings, leiðbeiningar fyrir uppsetningu og 3D teikningar. Einnig er hægt að fræðast þar um metrafire.

Á heimasíðu MD Véla, mdvelar.is er einnig hægt að finna bæklinga og fleiri upplýsingar meðal annars um penslutengin.

Fyrir nánari upplýsingar hafið samband við Laila Björk Hjaltadóttur.


Sími: 692-8280

Vefpóstur: laila@mdvelar.is



Mjög náttúrulegt að leika konu

■ Björgvin Franz glímdi við ADHD og áfengisvanda ■ Hafði gefið leikhúsið upp á bátinn ■ Lék stjакsettan hermann hjá Clint Eastwood



Björgvin Franz Sneri aftur í leikhúsið með hvelli.

MYNDR: HANNA ANDRÉSDÓTTIR/DV

Kristinn Haukur Guðnason
kristinn@dv.is



Við hittum Björgvin Franz Gíslason fyrir í Borgar-leikhúsinu. Stutt er í frumsýningu á söngleiknum Matthildi sem margir bíða með eftirvæntingu. Björgvin verður þar í stóru hlutverki, samhliða því að leika í Elly sem er nú komin yfir 200 sýningar.

Munt þú eitthvað hitta fjölskylduna á næstunni?

„Ég tek kannski á móti börnunum þegar þau koma úr skól-

anum en fyrir utan það verð ég í vinnunni,“ segir Björgvin kíminn. Það er létt yfir honum en jafnframt augljós spenna fyrir að fara að sýna annað stórt verk. Við settumst niður og ræddum saman um leiklistina, æskuna með ADHD, áfengisvandamálið á yngri árum og skammvinnt samstarf með Clint Eastwood.

Flókin æska

Björgvin Franz hefur aldrei formlega verið greindur með ADHD. En fagfólk sem þekkir til hefur sagt

honum að enginn vafi leiki á að hann sé haldinn því, líkt og faðir hans og dóttir. Þetta kom fram hjá Björgvini strax á leikskólaaldri en þá var hugtakið ekki þekkt hér á landi.

„Leikskólakennararnir, ættingjar og vinir voru allir að reyna að komast að því hvað væri að mér,“ segir Björgvin og skellir upp úr. „Lífið gat verið flókið en ég fékk mikinn stuðning frá foreldrum mínum. Stór hluti af þessu er þráhyggja. Ég fékk til dæmis þráhyggju fyrir Rocky Horror um

Núna finnst mér sem draumurinn sem ég hafði um leikhús sé að rætast

tíma. Á meðan aðrir strákar voru úti í fótbolta var ég að klæða mig í kjóla og korselett. Ég var alltaf að fara í eitthvert gervi. Leikskólakennararnir mínir mæltu eitt sinn með því að ég yrði sendur til sálfræðings. Þá var ég alltaf úti í horni, setti á mig húfu, sagði einhverja setningu og hnerraði svo húfunni af mér. Aftur og aftur og aftur. Kennararnir héldu að það væri eitthvað meiriháttar að, en þá var ég með þráhyggju fyrir að leika atriði með mömmu úr áramótaskaupinu frá 1981. Þar sem hún hnerraði af sér hárkollu. Sálfræðingurinn vissi heldur ekki hvað var að og greindi mig með óbilandi áhuga á leiklist,“ segir Björgvin og skellihlær. „Ég var líka með Tourette, eins og pabbi, endalaus kippi og búkhljóð. En ég óx upp úr því.“

Varstu erfiður krakki?

„Ég held það þó að mamma vilji ekki heyra á það minnst. Ég hitt eitt sinn konu á djammínu sem hafði unnið í sumarbúðum í Vatnaskógi þar sem ég var. Hún sagði: „Björgvin, þú varst svo leiðinlegt barn!“ Því ég hékk utan í starfsfólkinu og gat ekkert leikið mér með hinum börnunum fyrir allri minni þráhyggju. Frændfólk mitt hefur einnig sagt mér að ég hafi verið algjörlega óalandi og óferjandi, uppi um allt og úti um allt.“

Björgvin segist vera einn af þeim heppnu. Hann hafi aldrei þurft að fara á lyf við ADHD og hafi náð meiri ró með hjálp jóga og íhugunar. Hann sé hins vegar ennþá að kljást við þetta og fari oft fram úr sér. En að sama skapi sé þetta drífandi afl.

„Ég fæ einhverja hugmynd og framkvæmi hana samstundis, ég

get ekki beðið. Hvort sem það er í leikhúsinu eða á heimilinu. Ég verð alltaf að laga allt strax. Oft kemur það fyrir að konan mín stoppar mig og segi mér að ég þurfi að hlusta,“ segir Björgvin og brosir. „Ég er líka ferlega þrjóskur og hika aldrei við áskoranir, sérstaklega ef þær eru á leiksviðinu. Þá er ég til í að gera hvað sem er.“

Hvernig eruð þið pabbi þinn saman, báðir með ADHD?

„Það er mjög skrautlegt mix og geta orðið árekstrar, sérstaklega þegar ég var yngri. Við áttum mjög góðar stundir og hann hefur alltaf stutt mig þegar ég hef farið í gervi og verið í karakter. Hann er eins og ég og meira að segja aðeins ýktari. Því lenti okkur stundum saman. En við erum mjög góðir vinir í dag.“

Tvisvar í meðferð

Þegar kom fram á unglingsárin breyttist Björgvin úr litlum tauga-veikluðum strák í töffara. Hann gekk í Austurbæjarskóla, átti fjölda vina, skartaði síðu hári, sólgleraugum, rauðum kasmírjakka, Levi's-gallabuxum og Harley Davidson-stígvélum. Snemma byrjaði hann að reykja og drekka.

„Ég sat stundum á skólalóðinni og reykti. Eitt sinn kom kennari út og skammaði mig fyrir að reykja ekki á réttum stað. Þá var sem sagt sérstakt horn þar sem börn máttu reykja!“

Varstu vandræðaunglingur?

„Nei, en ég fylgdi þeim eftir,“ segir Björgvin og skellihlær. „Ef þeir sprendu upp klósett þá var ég rétt fyrir aftan og fyrstur til að hlaupa í burtu.“

Á yngri árum háði Björgvin sína baráttu við Bakkus. Áfengi varð



Fór á 61 dags safaföstu

■ Jónína Ásdís heldur einkennum sjúkdóma sinna að mestu leyti niðri með mataræði ■ Drakk safu á aðfangadagskvöld

Guðrún Ósk Guðjónsdóttir
gudrunosk@dv.is



Jónína Ásdís heilsumarkþjálfari lauk 61 dags safaföstu síðastliðinn janúar. Hún var því á safaföstu yfir jólin og drakk safu á aðfangadagskvöld líkt og aðra daga. Jónína Ásdís hafði kynnt sér safaföstur í mörg ár áður en hún lét til skarar skríða. Hún segir ástæðuna fyrir safaföstu hafa verið heilsutengda en hún glímur við liða- og vefjagigt og iðraólgu.

Í samtali við DV fer Jónína Ásdís yfir safaföstuna, ávinninginn og hvernig hún entist svona lengi.

Hvað er safi og hvernig virkar safafasta?

„Safi er þegar þú tekur hratíð, sem eru trefjarnar, úr ávöxtum og grænmeti. Það er einfaldasta lýsingin á þessu,“ segir Jónína Ásdís og heldur áfram:

„Þegar þú drekkur safu færðu næringuna mjög fljótt í líkamann því þú ert búin að fjarlægja það sem

fer í gegnum allt meltingarkerfið. Þannig þú færð vítamín, steinefni og orkuna úr safanum mjög snögglega. Þú ert að hjálpa líkamnum að fá næringu án þess að hann þurfi að hafa mikið fyrir því. Þannig að þú ert í rauninni að gefa meltingunni hvíld, því þú ert að fá mjög mikla næringu á mjög einfaldan máta.“

Jónína Ásdís tekur fram að safaföstur sé ekki æskilegar fyrir ófrískar konur eða konur með barn á brjósti.

Heilsufarsástæður

Jónína Ásdís er með vefjagigt, liðagigt og iðraólgu (IBS). Hún hefur haldið einkennum sjúkdóma sinna að mestu leyti niðri með mataræði. Hún hefur verið á hráfæði síðustu tvö ár. Jónína Ásdís varð vegan fyrir sex árum og á sama tíma hætti hún að borða glúten og allan viðbættan sykur.

„Ég hef verið að kljást við alls konar líkamleg verkefni og ég hef séð hvernig ég get haft áhrif á það hvernig mér líður með mataræði. Ég fór því á safaföstu af heilsufarsástæðum. Ég var ekki að gera þetta til að léttast eða neitt þannig, heldur algjörlega heilsunnar vegna,“ segir Jónína Ásdís og bætir við:

„Það er ekkert í mataræðinu mínu sem myndi teljast óhollt, og því var safafastan næsta skrefið fyrir mig í átt að betri heilsu. Mig langaði að sjá hversu mikið ég myndi ná bólgum niður með því að fara á safaföstu. Með því að næra líkama



minn, án þess að hann þyrfti að hafa fyrir því, vildi ég reyna að gefa honum svigrúm til að vinna í þeim bólgum og sjúkdómum sem ég er með.“

Löng safafasta

Áður en Jónína Ásdís fór á safaföstuna hafði hún hugsað sér að taka langa safaföstu sem yrði 30-60 dagar.

„Ég var með það hugarfar að á meðan ég trúði því að ég væri að gera mér gott myndi ég halda áfram,“ segir Jónína Ásdís.

Þegar Jónína Ásdís byrjaði á safaföstunni var hún búin að búa sig undir að liðan hennar kynni að versna áður en hún myndi skána og sú varð raunin.

„Mér byrjaði að liða vel á sautjándadegi. Það tók líkamann þennan tíma að aðlagast alveg safaföstunni og búa til nýtt norm. En það sem ég lærði af henni núna var að ég myndi fara öðruvísi inn í safaföstuna og ég myndi brjóta hana öðruvísi. Ég myndi gefa mér lengri tíma í að fara hægar í föstuna og einnig enn hægar úr henni.“

Jónína Ásdís segir að margir finni fyrir „afeitrunareinkennum“ þegar þeir fara á safaföstu. Hún fór úr hráfæði í safaföstu svo það var ekki mikið áfall fyrir líkama hennar. Mesti munurinn lá í trefjunum, eða skorti á þeim, og þurfti líkaminn að aðlagast því.

Fann ekki fyrir hungri

„Ég fann ekki almennilega fyrir hungri fyrr en ég braut föstuna. Ef ég var búin að undirbúa daginn gekk þetta mjög vel. Ég drakk líka mjög mikið af safu. Ég drakk nokkra lítra af safu á dag en magnið var misjafnt eftir dögum,“ segir Jónína Ásdís.

Til að gera grænan safu notaði Jónína Ásdís gúrur, grænkál, romaine-kál, brokkolí og perur. Hún notaði oftast þessi hráefni en blandaði þeim á mismunandi

hátt.

Jónína Ásdís drekkur enn þá mikið magn af grænum safu og byrjar yfirleitt daginn á honum.

Safi í jólamatinn

Jónína Ásdís var á safaföstunni yfir jólin. Hún er hráfæðisæta svo hún borðar ekki hinn hefðbundna jólamat. Aðspurð hvort það hafi verið skrítið að drekka safu á aðfangadagskvöld svarar Jónína Ásdís neitandi: „Það gekk mjög vel. Alltaf þegar ég tek ákvarðanir um að gera eitthvað er sannfæringin svo sterk að það er ekkert sem getur brotið það. Ef ég trúði því að ég sé að gera gott fyrir mig og hef trú á því sem ég er að gera þá dofnar allt hitt.“

Jónína Ásdís segir að hún hafi sett safann í skál og borðað eins og súpu. „Eldri strákurinn minn vildi líka fá safu í skál og fékk sér með mér með jólamatnum.“

Borðaði eftir 61 dag

Jónína Ásdís fann mun á líkama sínum þegar hún gerði líkamsþyngdaræfingar heima og teygjur. „Ég fann að ég var léttari á mér. Þegar maður er með gigt er maður stífari, en það var léttara fyrir mig að hreyfa mig.“

Jónína Ásdís byrjaði að borða aftur 21. janúar, eftir að hafa drukkið einungis safu í 61 dag. Hún segist hafa byrjað að borða vatnsmelónu og síðan aðra vatnsríka ávexti og grænmeti eins og gúrur.

Jónína Ásdís segir ávinninginn hafa verið margs konar. Fyrir utan að hafa liðið betur líkamlega segir hún að hún hafi verið skýrari í kollinum.

„Markmiðið í öllu sem ég geri er líka alltaf að skilja meira og læra meira. Með aukinni þekkingu og meðvitund get ég gert betur og hugsað betur um mig og aðra,“ segir Jónína Ásdís. ■



HAGBLIKK

Brotna ekki

Ryðga ekki

Álpakrennur & niðurföll

Litir á lager:

Svart, hvítt, ólitað, rautt, silvurgrátt og dökkgrátt

Smíðjuvegur 4C - 202 Kópavogur - S 587 2202

Allt fyrir börnin

Ábyrgðarmaður: Kolbrún Dröfn Ragnarsdóttir / kolla@dv.is Umsjón: Jóhanna María Einarsdóttir / johanna@dv.is

Skjaldbaka ehf.

Skjaldbaka er heildsala með hágæða barnavörum, einstaklega góðar og skaðlausar fyrir lítil kríli.



HEVEA PLANET



Vulli®



JELLYCAT



MÓÐURÁST:



Með puttann á púlsinum í brjóstagjafarráðgjöf

Sérveruverslunin Móðurást hefur verið starfrækt við Laugavegin í um sautján ár. Í versluninni fást ýmsar ungbarnavörur sem henta vel fyrir börn frá fæðingu fram á annað ár og hvort sem þau eru á brjósti eða ekki. „Ég sel allt frá snuðum, leikföngum og fatnaði til barnakerra og vagna, svo eitthvað sé nefnt,” segir Guðrún Jónasdóttir, menntaður brjóstagjafarráðgjafi og eigandi verslunarinnar.

Menntaður brjóstagjafarráðgjafi
„Min sérstaða er sú að ég veiti ráðgjöf í brjóstagjöf. Staðreyndin er sú að mæður, þá sérstaklega nýbakaðar mæður, fá mikið af upplýsingum frá umhverfi sínu um hvernig þær eigi að haga brjóstagjöfinni. Oft geta þessar upplýsingar verið misvísandi því þær byggjast að miklu leyti á persónulegri reynslu. Auðvitað er alltaf gott að ráðfæra sig við fólk sem hefur reynslu af brjóstagjöf, en það er líka mikilvægt, sérstaklega ef það koma upp einhver vandamál, að tala við menntaðan brjóstagjafarráðgjafa. Ég fer til dæmis í endurmenntun á fimm ára fresti til að viðhalda menntun minni. Það er sífellt verið að gera nýjar rannsóknir og próf-

anir á þessu sviði. Einnig koma nýjar vörur á markaðinn og því er mikilvægt að vera með puttann á púlsinum til þess að geta veitt bestu og persónulegustu ráðgjöf sem hugsast getur,” segir Guðrún.

Leigir út mjaltavélar og ungbarnavogir

Þegar Guðrún stofnaði verslunina var um sannkallaða frumkvöðla-starfsemi að ræða sem rekin var af fallettri hugsjón. Guðrún hóf árið 1992 að kaupa brjóstadætur og leigja þær út. „Ég eignaðist sjálf fyrirbura árið 1987 og upp úr því stofnuðum við nokkur saman stuðningshóp fyrir fyrirburaforeldra. Þá áttaði ég mig á því að þetta vantaði hér á Íslandi. Ég keypti mjaltavélar dýrum dómum og leigði þær út. Einnig fór ég að leigja út vogir fyrir ungbörn. Svona var enginn að gera á Íslandi og ég gerði mér fljótt grein fyrir því að það vantaði mikið upp á þjónustuna við mæður nýfæddra barna.”

Ómetanleg tilfinning

„Við leigjum bæði ungbarnavogtirnar og mjaltavélar úr um allt land, en það eru því miður sárafáar sérveruverslanir fyrir ungbörn að finna

á landsbyggðinni. Því gera margir sér ferð til Reykjavíkur til þess að fá ráðgjöf hjá mér í brjóstagjöf og sköða vöruúrvalið. Ég er mjög lánsöm að geta starfað við það sem ég hef unun af að gera og þykir mér alltaf vænt um að heyra aftur frá þeim sem ég hef veitt ráðgjöf. Það er ómetanleg tilfinning að vita til þess að maður hafi getað hjálpað.”

Kvarta sáran yfir skorti á meðgöngusundfötum

„Auðvitað er ég með gríðarlegt úrval af alls kyns brjóstagjafarvörum og ráðlegg konum með börn á brjósti hvaða vörur þær geti notað til þess að auðvelda brjóstagjöfina. Einnig var ég að fá stóra sendingu af bæði brjóstagjafarhöldurum og meðgöngusundbolum. Konur hafa kvartað sáran yfir því að lítið úrval sé af slíkum vörum á Íslandi og því vil ég bæta úr því með því að bjóða upp á gott úrval af þessum vörum. Ég er einnig með frábært úrval af burðarsjöllum og burðarpökum fyrir börn,” segir Guðrún.

Skemmtileg leikföng

Proskaleikföngin frá Lamaze og Chicco eru sívinsæl og dúkkan Lottie

er ótrúlega skemmtileg fyrir eldri börn. Dúkkan er í réttum stærðarhlutföllum og einnig fæst fjöldi fylgihluta fyrir hana.

Leikföng handa þeim allra yngstu. Þess má geta að Móðurást er eina verslunin á Íslandi þar sem Silvercross-barnavagnarnir fást. Annars eru bara netverslanir með þessa vagna.

Nánari upplýsingar má nálgast á vefversluninni modurast.is.

Sumar vörur eru eingöngu til sölu í vefversluninni en það er engu að síður hægt að sækja þær í verslunina.

Móðurást er staðsett að Laugavegi 178, við hliðina á gamla útvarps-húsinu.

Sími: 564-1451

Netfang: modurast@modurast.is

Opnunartími er alla virka daga kl. 11-18 og laugardaga kl. 12-16.





Vönduð og litrík íslensk hönnun

AGU.IS:

Vefversluninni agu.is má finna dásamlega fallegar og skemmtilegar flikur fyrir börn. Hver flik er hönnuð, sniðin og saumuð af vandvirkni á vinnustofu Brynju Daggar Gunnarsdóttur í Þorlákshöfn og selur hún flikurnar í gegnum vefverslun sína, agu.is. Flikurnar hafa vakið verðskuldaða athygli og lukku fyrir litadýrð og skemmtilegar myndir en ekki síður fyrir hvað þær eru endingargóðar og úr vönduðu efni.

Íslensk hönnun

„Ég byrjaði að hanna, sniða og sauma vörurnar 2012 þegar ég var ólétt að dóttur minni. Árið eftir setti ég upp Facebook-síðu með vörunum og upp frá því fór þetta að vinda upp á sig. Ég hanna barnaföt úr lífrænni og algerlega eiturefnalausri hágæða bómull. Efnin eru mjög endingargóð og þola þvott afar vel, sem er óneitanlega mikilvægt þegar kemur að barnafötum. Þessar flikur erfast vel á milli barna því þær endast svo vel,“ segir Brynja.

Litrík og skemmtileg efni

Efnin sem Brynja notar í flikurnar eru ótrúlega falleg, litrík og skemmtileg með myndum af pöndum, einhyrningum, blómum, fiðrildum og alls kyns nattúrmyndum og ævintýrlegum skepnum. „Börnin hreinlega elska þessar flikur því þær eru svo litríkar og fallegar. Þetta eru hvort tveggja efni þar sem ég hanna sjálf myndirnar, og svo efni sem ég flyt inn. Það er alltaf að aukast hjá mér að ég hanni efnin sjálf því þá get ég leikið mér endalaust með liti, form og myndir.

Eftir að ég flutti til Þorlákshafnar og setti upp vinnustofu þar þá opnaði ég vefverslun á agu.is þar sem allar vörurnar mínar eru til sölu. Þar getur fólk fylgst mjög vel með hvað er til og hvað er væntanlegt,“ segir Brynja.

Nánari upplýsingar má finna á vefsíðunni agu.is og Facebook-síðunni: agu barnavörur

Sími: 695-6050

Vefpóstur: aguhonnun@gmail.com





HANS OG GRÉTA:



Ævintýri á Akranesi

Hans og Gréta er ævintýraleg verslun á Akranesi sem selur barnafatnað, leikföng, skó og aðra fylgihluti fyrir börn. Einnig fást vandadaðar sportvörur frá ýmsum þekktum merkjum fyrir bæði börn og fullorðna. „Ég byrjaði smátt en verslunin hefur þróast mjög mikið út frá því sem kúnnahópurinn óskar eftir,“ segir Hrefna Björnsdóttir, eigandi Hans og Grétu.

Byrjaði sem markaður með notuð barnaföt

„Þetta byrjaði allt með því að ég hélt nokkra markaði fyrir notuð barnaföt. Eftir það fór ég að selja þau ásamt nokkrum nýjum flikum í lítilli verslun á Akranesi. Síðan vatt þetta upp á sig. Ég flutti verslunina í nýtt húsnæði. Þá hætti ég að selja notuð barnaföt og fór alfarið yfir í að flytja inn vönduð barnaföt frá Danmörku. Aftur flutti ég í nýtt húsnæði á Akranesi í maí 2018 og nú er verslunin staðsett á Þjóðbraut 1 á Akranesi. Ásamt dönsku merkjunum er ég líka að selja iþróttafatnað fyrir bæði börn og fullorðna frá Adidas, Under Armour og Speedo.“

Vönduð dönsk merki

„Dönsku merkin sem ég flyt inn eru sérlega vönduð og falleg og flikurnar endast mjög vel. Ég er t.d. með fallegar vörur frá Smallstuff, Small Rags, Minymo, Celavi, Enfant og Creamie. Ég kynntist þessum vörum

þegar ég bjó í Danmörku og fannst tilvalið að flytja þetta hingað heim þar sem þetta fæst ekki hvar sem er.“

Verslaðu í rólegu umhverfi

„Margt af því sem ég er með hér í búðinni á Akranesi fæst til dæmis ekki í Reykjavík, hvað þá annars staðar á landinu. Það er því margt fólk sem gerir sér ferð á Akranesið til að kíkja í búðina mína. Það er ekki nema 25 mínútna akstur frá Mosfellsbæ á Akranes og þeir eru hættir að rukka í gögnin. Svo eru margir sem kjósa það frekar að versla hér því hér getur fólk verslað í ró og næði, annað en í borginni. Hér eru bæði margar spennandi búðir og svo er þetta líka svo fallegur staður.“

Vefverslun sendir út um allt land

„Ég er líka með vefverslun þar sem ég sel allar vörurnar sem ég er með í búðinni fyrir þá sem kjósa að versla á netinu. Fólk er að panta hjá mér af ölu landinu og ég geri mitt besta í að senda vörurnar út úr húsi sem allra fyrst,“ segir Hrefna.

Nánari upplýsingar má nálgast á hansoggreta.is og Facebook: Hans og Gréta
Verslunin er staðsett að Þjóðbraut 1, 300 Akranesi.
Netpóstur: hansoggreta@hansoggreta.is
Sími: 661-9889



„Það er gott að standa upp frá skrifborðinu og bregða á leik með fólkinu sem við vinnum með,“ segir Sædis Arnardóttir félagsráðgjafi Hjálparstarfs kirkjunnar en hér er hún ásamt fjölskyldum sem búa við erfiðar aðstæður í sumar- búðum Skáta á Úlfjótssvatni.



HJÁLPARSTARF KIRKJUNNAR:

„Raunveruleg áhrif bæði til skemmri og lengri tíma litið“

Ég brenn fyrir starfinu því ég finn að það hefur raunverulega áhrif til góðs fyrir fólk sem býr við erfiðar félagslegar aðstæður,“ segir Sædis Arnardóttir, félagsráðgjafi Hjálparstarfs kirkjunnar, í samtali við DV. „Það er ekki auðvelt fyrir fólk að leita til okkar eftir neyðaraðstoð en þegar ekki er til matur fyrir börnin þegar enn er vika í næstu mánaðamót getur inneignarkort í matvöruverslunum skipt sköpum. Fólk kemur líka til okkar eftir fatnaði sem við höfum fengið gefins og við veitum aðstoð við lyfjakaup í neyðartilfellum,“ segir Sædis.

Aðstoða barnafjölskyldur

„Við leggjum sérstaka áherslu á að aðstoða barnafjölskyldur þar sem velferð barna er í algerum forgangi hjá okkur. Við aðstoðum foreldra í upphafi skólaárs því að skólagöngunni fylgja ýmis útgjöld svo sem vegna íþróttar og tólmstunda. Fyrir jólin veitum við foreldrum sérstaka aðstoð svo fjölskyldan geti átt gleðilegar stundir saman og foreldrar geti gefið gjafir sem börnin hafa sett á óskalistann. Við vitum að minningar um ljúfa samveru fjölskyldunnar styrkja sjálfsmyndina sem er svo mikilvægt að hafa í góðu lagi.“

Sumarbúðir fyrir fjölskyldur við Úlfjótssvatn

„Núna erum við að undirbúa spennandi starf fyrir fjölskyldur í sumar. Annars vegar sumarfrí fyrir barnafjölskyldur í sumar- búðum Skáta við Úlfjótssvatn 11.-14. júní nk., en þetta er í sjötta sinn sem

við skipuleggjum dagskrána með Hjálpræðishernum á Íslandi. Við höfum fengið frábær skilaboð frá fjölskyldum sem hafa tekið þátt í þessu með okkur. Flestar þeirra hafa ekki haft efni á því að fara í sumarfrí í lengri tíma og það er mömmunum kærkomið að geta slappað af, sleppt því að elda og bara leikið sér með krökkunum.“

Ræktaðu garðinn þinn

„Ræktaðu garðinn þinn heitir hitt verkefnið sem við bjóðum fjölskyldum að taka þátt í núna í sumar. Við erum svo heppin að hafa fengið til liðs við okkur garðyrkjufræðing sem leiðbeinir þeim fjölskyldum sem vilja, í að rækta eigið grænmeti í Seljagarði í Breiðholti. Markmiðið er aftur að stuðla að gæðastundum fjölskyldunnar til að setja í minninga- bankann.“

Innblástur og hvatning

„Við félagsráðgjafar Hjálparstarfs kirkjunnar veitum fólki sem hingað leitar ráðgjöf um úrræði í samfélaginu og bjóðum upp á ýmiss konar valdeflingarverkefni. En fyrst og fremst hlustum við á fólkið sem er sjálft að leita leiða út úr erfiðum aðstæðum. Um daginn kom til okkar kona með heimabakaða og ljúffenga köku. Hún sagðist bara vilja þakka fyrir sig. Að ráðin sem hún hefði fengið hefðu reynst henni svo vel og að hún væri nú komin á gott ról. Það eru svona skilaboð sem gefa okkur sem hér störfum innblástur og hvatningu um að halda starfinu ótraud áfram.“



„Við höfum fengið mjög góð viðbrögð frá fjölskyldunum sem hafa tekið þátt í sumarfríinu við Úlfjótssvatn enda mikið við að vera,“ segir Sædis.



„Það er hægt að eiga frábærar samverustundir við að rækta eigið grænmeti svo ég tali nú ekki um gleðina þegar kemur að uppskerunni,“ segir Sædis.



SPEED STACK:

Einbeiting, samhæfing og ótrúlegur hraði

Sport Stacking glasastöflun er stórskemmtileg íþrótt sem verður sífellt vinsælli með hverju árinu. „Íþróttin er stunduð í tæplega 50.000 skólum og stofnunum í yfir 50 löndum og það eru haldnar stórar keppnir í þessu úti um allan heim. Á hverju ári er haldið heimsmeistaramót þar sem börn, unglínar og fullorðnir keppa í þessari frábæru íþrótt,” segir Guðmundur Már Ketilsson.

Ekki lengur límd við símann

„Glasastöflun er meðal annars inni í námskrá í mörgum bandarískum skólum. Þá er þetta valfag eins og smíði eða handavinna. Sportið er einnig orðið mjög vinsælt í dönskum skólum en íþróttin var m.a. kynnt þar til þess að vega upp á móti öllum þeim tíma sem börn og unglínar verja í símannum og á samfélagsmiðlum í frístundum. Margir eru þá farnir að leika sér í glasastöflun úti í frimínútum í stað þess að vera límd við símann.“

Ótrúlegur hraði

Sport stacking gengur út á að stafla plastglösunum í fyrirfram ákveðin mynstur, í ákveðinni röð, eins hratt og mögulegt er. Þá er staflað í 3-3-3 mynstur, 3-6-3, og svo í raðmynstur þar sem farið er í gegnum nokkur mynstur.

„Þetta hljómar kannski einfalt en þau sem eru flink geta staflað á ótrúlegum hraða og nota til þess tækni sem þau tileinka sér svo stöflunin gangi snurðulaust fyrir sig. Heimsmetið í 3-3-3 mynstrinu er 1,3 sekúndur, sem hljómar ótrúlegt, en þeir bestu eru svona snöggir.“

Speed Stacks-glösin

Það virkar langbest að notast við Speed Stack-glösin þar sem þau eru sérbyggð fyrir íþróttina. Það er gat á botninum á hverju glasi svo að þau festist ekki saman, staflist vel og renni auðveldlega í sundur og saman. „Við erum með umboð fyrir sölu á Speed Stacks-glösunum á Íslandi og höfum farið í félagsmiðstöðvar og skóla að kynna íþróttina. Við förum á kynningu hjá Samfés með glösin og í kjölfarið sendum við Speed Stacks-glös í fjölmörg félagsheimili úti á landi. Við stefnum svo að því að halda Íslandsmeistaramót í glasastöflun innan tveggja ára.“

Samhæfing og einbeiting

Það sem er hvað best við þessa íþrótt er að hún hentar öllum, á öllum aldri. Börn eru fljót að tileinka sér tæknina við að stafla og fullorðnum þykir þetta ekki síður skemmtilegt. Svo henta hefðbundnar hópíþróttir og boltaíþróttir ekki alltaf öllum

krökkum og þá koma íþróttir eins og Sport Stacking sterkar inn. Það hafa verið gerðar margar rannsóknir og komið hefur í ljós að þetta er virkilega holl íþrótt þar sem hún æfir vel samhæfingu milli augna og handa og eykur enn fremur einbeitingu. Þetta er því líka sniðugt sport fyrir þá sem stunda aðrar íþróttir en vilja æfa þessi atriði betur. „Sjálfur er ég ekkert sérlega góður í að stafla, en mér finnst það eigi að síður gaman. Sonur minn, sem er ellefu ára, og vinir hans eru miklu betri en ég og leika sér mikið í þessu.“

Lágt grungjald

Einnig er vert að benda á að það eina sem þarf í sportið er í rauninni Speed Stacks-glösin en mottan kemur sér vel til að draga úr hávaða og halda glösunum stöðugum. Startgjaldið fyrir íþróttina er því mjög lágt miðað við margar aðrar íþróttir og tómsundur. „Einnig fylgir ævilöng ábyrgð á glösunum og ef eitt brotnar þá færðu bara nýtt,” segir Guðmundur.

Eins og staðan er í dag þá fást vörurnar eingöngu á síðunni www.speedstacks.is

Sími: 690-4920 / 698-8041

Netpóstur: info@speedstacks.is

Facebook: Speed Stacks á Íslandi

Instagram: Speedstacksisland





BARNAKÓR VÍDALÍNSKIRKJU:

Hæfileikaríkir kórstjórar

Barnakórinn í Vídalínskirkju í Garðabæ á sér nokkurra ára sögu. Einn af fyrstu kórstjórunum var Heiðar Örn Kristjánsson leikskólakennari sem líka er þekktur sem blái pollapönkarinn, en hann var æskulýðsfulltrúi kirkjunnar í tvö ár.

Fyrir þremur árum tóku hjónin Jóhanna Guðrún Jónsdóttir söngkona og Davíð Sigurgeirsson gítarleikari við stjórnartaumunum. „Í dag eru 30 stelpur á aldrinum 7–12 ára í kórnum og mikið fjör. Þau hjónin stjórna einnig ungmennakór fyrir 16 ára og eldri við kirkjuna sem og gospelkór Jóns Vídalíns,” segir Jóna Hrönn Bolladóttir, sóknarprestur í Vídalínskirkju.

Krefst ögunar og samhæfingar að syngja í kór

„Það felst mikil ögun og samhæfing í því að syngja í kór. Það er líka ótrúlegt hvað þau hjónin eru flink að halda utan um hópinn,” segir Jóna sem kemur stundum inn í æfingastarfið og segir krökkunum sögur. Barnakórinn æfir alla þriðjudaga kl. 16 og kórinn kemur fram í fjölskylduguðþjónustu fyrsta sunnudag í mánuði allan veturinn. Vídalínskirkja fjárfesti í 30 hljóðnemum sem börnin og unga fólkið í tónlistarstarfinu læra einnig að nota. Það má líka geta þess að barnakórinn hefur sungið á adventunni í IKEA og líka í Stundinni okkar fyrir jólin. „Þannig læra kórfélagar ekki bara að syngja, heldur fá þeir æfingu í að koma fram og syngja, oft fyrir framan 150–200 manns sem er sá fjöldi sem iðulega sækir fjölskylduguðþjónustur.”

Þítupartí einu sinni í mánuði

Jóhanna Guðrún og Davíð hrista hópinn reglulega saman með leikjum og svo er alltaf þítupartí einu sinni í mánuði. Á hverju sumri eru þau hjónin ásamt Jónu Hrönn og starfsfólki Vídalínskirkju með vikulangt tónlistarnámskeið um leið og skólinn klárast. „Það er gríðarlega skemmtilegt, kórfélagar mæta kl. 9.00 á morgnana og eru til kl. 13.00. Það er sungið og dansað, farið í leiki, borðaður góður matur og hlustað á biblíusögu í upphafi dags. Síðastliðið sumar tókst að gera fimm myndbönd á námskeiðinu sem Davíð hefur verið að vinna jafnt og þétt í vetur og búið að frumsýna þrjú. Þetta var alveg gríðarlega skemmtilegt og gaman að geta miðlað svona mikilli gleði úr kirkjustarfinu. Svo verður námskeið í sumar frá 11.–14. júní sem við erum mjög spennt fyrir.” Myndböndin úr námskeiðinu má sjá í kynningunni á dv.is.

„Kórfélagar syngja allajafna alls konar lög, dægurlög, sálma, gospel og söngleikjalög enda eru kórstjórnarnir vakandi fyrir því að kynna fyrir börnunum margs konar tónlist og hafa mikinn fjölbreytileika.”

Kórfélagarnir blómstra

„Það er alveg gríðarlega mikilvægt fyrir kirkjuna að hafa svona flott fólk við stjórnvölinn eins og Jóhönnu Guðrúnu og Davíð og magnað að sjá starfið vaxa og kórfélagana að blómstra. Þau hjálpa krökkunum að opna sig og sjálfsmýndin þeirra styrkist enda eru kórstjórnarnir frábærar fyrirmyndir,” segir Jóna Hrönn.






HREIÐUR:



Frábærar vörur fyrir börnin

Hjónin Guðrún Guðmundsdóttir og Valgeir Ingason opnuðu vefverslunina hreidur.is í febrúar árið 2016. Verslunin hefur frá upphafi skapað sér sérstöðu með því að bjóða upp á gæðavörur sem eru í senn nýstárlegar og á afar hagstæðu verði. „Hreiður selur í raun allt fyrir börnin að undan-

skildum barnafötum og vöruúrvalið fer sibbreikkandi. Við erum alltaf að taka inn nýjar og spennandi vörur. Og þar sem við flytjum inn vörurnar sjálf er engin yfirbygging í rekstri fyrirtækisins og því getum við boðið mun hagstæðara verð en ella,” segir Guðrún.



Hlaupahjól sem stækkar með barninu

Vörur frá Globber eru áberandi í versluninni en um er að ræða fram-sækinn hlaupahjól og hjólabúnað. Hreiður er eini aðilinn á Íslandi sem selur þessi hjól en Globber er marg-verðlaunaður framleiðandi og hjólin til í ýmiss konar útfærslu fyrir alla fjölskylduna.

Verðlaunuð hlaupahjól

Globber-hlaupahjólin hafa hlotið fjölda verðlauna og í fyrra hlutu ELITE-hjólin gullverðlaun ISPO AWARDS 2018 í Þýskalandi, í flokknum besta hlaupahjólíð fyrir börn.

Vex með barninu

Ein áhugaverðasta varan er EVO COMFORT 4in1-hlaupahjól fyrir börn frá 15 mánaða aldri og upp úr. Hlaupahjólíð vex með með barninu, svo þegar barnið er mjög ungt geta foreldrar teymt hjólið á meðan barnið situr á því. Svo er hjólinu breytt með einföldum hætti í hefðbundið hlaupahjól sem tekur allt að 50 kílóa þungan notanda. Globber-hlaupahjólin eru til í mörgum fallegum litum.



Flottir og traustir hjálmur

Mikið úrval er af öryggishjálum fyrir börn og fullorðna frá Globber í Hreiðri. Hjálmarnir eru allir fyrsta flokks hágæða hjálmur, sérlega fallegir og litaúrvalið er afar breitt.

Skemmtileg leikföng

„Frábærar sveigjanlegar bilabrautir frá hollenska leikfangahönnuðinum Waytoyl hafa notið mikilla vinsælda hjá okkur undanfarið. Einnig er vert að kíkja á umhverfsvænu leikföngin frá Plan Toys og frábær mjúkdýr frá Bukowski Family. Við vorum að fá sendingu af gullfallegum vörum frá Sass & Belle sem eru tilvaldar í barnaherbergið og biðum eftir fleiri vörum frá þeim. Við erum mjög dugleg að skoða það sem stendur til boða fyrir börnin og erum sífellt að panta inn nýjar vörur.“

Hér hefur aðeins fát verið nefnt í vöruúrvalinu hjá Hreiðri. „Það er mjög gott að gera innkaup í aðgengilegri vefversluninni hreidur.is en það er líka þægilegt og skemmtilegt fyrir þá sem hafa tók á, að koma í verslunina í Auðbrekku 6, þreifa á vörum og fá upplýsingar og ráðgjöf hjá okkur,” segir Guðrún.

Vefverslunin sendir hvert á land sem er og pantanir yfir 10.000 krónur eru án aukagjalds.

Fylgstu með okkur á Facebook: Hreiður.is

Vefpóstur: hreidur@hreidur.is





Sumarþúðir KFUM og KFUK – Vatnaskógur

KFUM og KFUK starfrækja fimm sumarþúðir, Vatnaskóg, Vindáshlíð í Kjósinni, Ölver við Hafnarfjall, Hólavátn í Eyjafirði og Kaldársel fyrir ofan Hafnarfjörð.

Vatnaskógur

Hver þekkir ekki Vatnaskóg og ævintýrin sem þar eiga sér stað ár hvert? Vatnaskógur við Eyrarvatn í Svinadal í Hvalfjarðarsveit er heillandi staður þar sem vatnið, bátarnir, skógurinn og fjöllin í kring veita ævintýraþyrstum óteljandi möguleika til leikja og útiveru.

Á svæðinu er einnig frábær aðstaða til íþróttaiðkunar. Þar er íþróttahús, heitir pottar, fjórir grasvellir og frjálsíþróttasvæði. Á svæðinu er að finna fjöldann allan af skemmtilegum leiktækjum og meðal annars sérhannaða kassabíla.

Árabátar, hjólabátar, hoppukastalar, sandströnd, viðavangshlaup, vatnafjör, kofagerð, íþróttir og margt fleira í boði fyrir ævintýra-

þyrsta krakka á öllum aldri!

Öll kvöld enda á skemmtilegri kvöldvöku þar sem brugðið er á leik og sungið við raust. Auk þess er kafli úr Guðsorði hugleiddur kvölds og morgna. Veran í Vatnaskógi nærir jafnt líkama og sál og koma allir þaðan endurnærðir.

Undirbúningur starfsmanna mikill

Félagið KFUM og KFUK gerir miklar kröfur til starfsmanna sinna og eru þeir bæði hæfir og vel undirbúnir fyrir starf sitt. Starfsfólki er tryggður fjölbreyttur undirbúningur með námskeiðum þar sem lögð er áhersla á fræðslu um þroska barna og unglinga, skyndihjálp og brunavarnir. Starfað er eftir siðareglum Æskulýðsvettvangsins og hefur KFUM og KFUM í áraradír gert þær kröfur til starfsmanna sinna að skila inn saka-vottorði.

Allir dvalargestir gista í Birkiskála en þar er öll aðstaða fyrsta flokks.



Það er um að gera að skrá sig sem fyrst í einhvern af þeim skemmtilegu flokkum sem Vatnaskógur býður upp á! Í hvern flokk komast mest 95 þátttakendur:

Skráðu þig eða barn þitt á vef félagsins kfum.is
Sími: 588-8899
Félagið KFUM og KFUK er staðsett að Holtavegi 28.
Tölvupóstur: skraning@kfum.is



GAURAFLOKKUR	8.-12. JÚNÍ	10-12 ára
FLOKKUR	13-17. JÚNÍ	9-11 ára
FLOKKUR	18.-23. JÚNÍ	10-12 ára
ÆVINTÝRAFLOKKUR	24.-29. JÚNÍ	12-14 ára
FLOKKUR	1.-5. JÚLÍ	9-11 ára
FLOKKUR	8.-12. JÚLÍ	10-12 ára
ÆVINTÝRAFLOKKUR	13.-18. JÚLÍ	12-14 ára
FLOKKUR – ÖLL BÖRN	19.-24. JÚLÍ	11-13 ára
FLOKKUR	25.-30. JÚLÍ	10-12 ára
FLOKKUR	6.-9. ÁGÚST	9-12 ára
UNGLINGAFLOKKUR	12.-18. ÁGÚST	14-17 ára
FJÖLSKYLDUFLOKKUR	23.-25. ÁGÚST	
FEDGAFLOKKUR	30. ÁGÚST-1. SEPT.	6-99 ára
KARLAFLOKKUR	6.-8. SEPT.	18-99 ára



BARNALOPPAN:

Einfalt og þægilegt fyrir þig – og umhverfið allt!

Barnaloppa í Skeifunni 11d er stórsniðugt framtak sem Guðríður Gunnlaugsdóttir og maðurinn hennar, Andri Jónsson, settu á laggirnar í fyrravor. „Hugmyndin var í grunninn að opna markað þar sem fólk getur komið og leigt bása til þess að selja notaðar barnavörur svo sem barnaföt, leikföng, barnavagna, bílstóla og margt fleira,“ segir Guðríður.

Endurnýting fyrir umhverfið


„Það er gífurlegt magn af barnavörum í góðu standi sem fer á haugana af því að fólk veit ekki hvernig það getur auðveldlega losað sig við þær.“

Það er alger synd því það fer svo ótal margt til spillis í dag og við þurfum öll að fara að hugsa betur um umhverfið.“

Barnaloppa er sterkur liður í því að minnka sóun í nútímasamfélagi. „Nánast allar vörur hér eru endurnýttar og er það meginhugsjónin að bjóða eingöngu upp á endurnýttar vörur. Barnavörur eru margar hverjar notaðar í svo stuttan tíma í senn og þá sérstaklega fyrstu árin, því krílin stækka svo hratt. Þess vegna er gott að fleiri fjölskyldur geti notið þeirra.“

En hvernig virkar þetta?

„Seljandi leigir bás að lágmarki í eina viku og verðleggur sínar eigin vörur. Við erum með verðmiða með strikamerkjum hér í búðinni og þegar vörurnar eru komnar í básinn þá sjáum við alfarið um restina, aðstöðum viðskiptavininn og sjáum um sölu á vörunum. Seljandinn þarf því ekki að vera sjálfur á staðnum eins og á sambærilegum mörkuðum. Þá er hægt að fylgjast með sölnunni rafrænt í gegnum internetið. Við greiðum seljandanum svo söluhagnaðinn með millifærslu samdægurs. Þetta getur varla verið einfaldara!“



1. Bókaðu bás sem hentar þér

Þegar þú bókar bás færðu sendan aðgang inn á innri síðuna okkar, Loppubókun.is. Þar skráir þú inn verðin á þeim vörum sem þú hyggst selja í Barnaloppunni. Við komu í verslunina verða verðmiðar með strikamerkjum klárir til afhendingar. ATH. Ef óskað er eftir að selja stærri vörur, eins og t.d. vagn, kerru eða bílstól, er möguleiki að koma þeim fyrir á stóra svæðinu hjá okkur og kostar það 300 kr. fyrir hvern hlut og fer greiðsla fram við komu í verslun. Einnig er hægt að greiða fyrir tiltekt í básum við komu í verslun. Nánari upplýsingar má finna í skilmálum okkar.



2. Komdu vörunum þínum fyrir í básnum

Við komu í Barnaloppuna verða þér útvegaðir verðmiðar og herðatré. Einnig eru þjófavarnir í boði og perlur í mismunandi litum sem settar eru á herðatrén til að stærðarmerkja, en það er að sjálfsögðu valkvætt. Þú kemur vörunum fyrir, og við mælum með að tekin sé mynd af básnum til þess að deila á samfélagsmiðlum og auglýsa þannig básinn þinn.




3. Við sjáum alfarið um sölu

Við þjónustum viðskiptavini verslunarinnar og seljum vörurnar þínar fyrir þig. Þú getur ávallt fylgst með sölnunni þinni frá degi til dags í gegnum Loppubókun undir „Yfirlit“, en við ráðleggjum þó að kíkt sé við meðan á leigutíma stendur til að halda básnum snyrtilegum og/eða fylla á hann.



4. Við greiðum þér út söluhagnaðinn

Söluhagnaðurinn er greiddur út með millifærslu og því máttu gjarnan gefa okkur upp reikningsnúmer og kennitölu þegar þú óskar eftir greiðslu, hvort sem það er á miðju tímabili eða í lokin. Millifærslur eru framkvæmdar sama dag og greiðsla er óskað. Þóknun er 15% af heildarsölu.



Söngleikurinn SREKK

SREKK:

Elskulegt en andfélagslegt tröll í lönó

Hinn óviðjafnanlegi Srekk bregður á leik á leikhúsfjöllum lönó í fyrsta skipti á Íslandi! Leikfélagið Fúria, leikfélag Kvenna-skólans í Reykjavík, stendur fyrir uppsetningu þessa margrómaða söngleiks og hefur æft stíft síðan í byrjun janúar. DV tók Rakel Svavarsdóttur, formann leikfélagsins, tali og spurði hana spjörnum úr um þessa skemmtilegu uppsetningu.

Skemmtileg og fyndin sýning

Srekk þekja velflestir teikni-myndaunnendur, en um er að ræða hið elskulega og andfélagslega græna tröll sem Disney gerði viðfrægt ekki alls fyrir löngu. „Söngleikurinn Shrek var fyrst settur upp á Broadway árið 2008 og fékk frábæra dóma. Þetta er líka svo ótrúlega skemmtileg sýning, fyndin og lögin eru frábær,” segir Rakel.

„Ég held að þetta sé met“

Það hefur greinilega verið mikil eftirvænting eftir þessari sýningu því það tók ekki nema tvo daga að seljast upp á frumsýninguna. „Ég held að þetta sé met. Það hefur yfirleitt selst upp á frumsýningarnar okkar, en aldrei svona ótrúlega hratt,” segir Rakel.

Trölllið leggur í hættuför

„Við fengum Agnesi Wild til þess að leikstýra okkur í ár, en hún var líka með okkur í fyrra þegar við settum upp Legally Blonde. Við vorum í vandræðum með að velja leikverk til þess að setja upp í ár og Agnes kynnti fyrir okkur Srekk, sem er að hennar sögn, uppáhaldssöngleikurinn hennar. Þegar við í stjórn leikfélagsins ákváðum loks að setja upp þetta krefjandi verk þá sáum við fram á að það færi mikið þúður í leikmynd og búningahönnun. Því fengum við sviðs- og búningahönnuðinn Evu Björg Harðardóttur til liðs við okkur og við erum ótrúlega sátt við útkomuna.

Það er svo ótrúlega mikið af skemmtilegum karakterum í þessu verki, sérstaklega allar þessar ævintýrapersónur sem Farquod

lávarður sendir í útleð í mýrina til Sreks. En það er einmitt þá sem sagan byrjar og Srekk neyðist til þess að halda í hættuför með ópolandi asna til þess að bjarga prinsessu í sjálfsmyndarvanda úr klóm dreka. Agnes þýddi svo verkið og söngtextana ásamt söngstýrunni okkar, Sigrúnu Harðardóttur. Þó að við séum flest góðir söngvarar þá er Sigrún alger snillingur og hefur gert fyrsta flokks „performera“ úr okkur öllum.”

Að mörgu að huga

Leikararnir 29 fá allir að láta ljós sitt skína á sviðinu en það eru alls um 65 nemendur í skólanum sem koma að sýningunni. „Við erum með förðunar-, leikmynda-, há- og búningateymi sem sér um að allt gangi smurt fyrir sig á bak við tjöldin. Svo er markaðsteymi og fleira. Það er margt sem þarf að gera þegar kemur að svona stórrí sýningu.”

Húmor fyrir alla

Söngleikurinn Srekk er sannkölluð fjölskyldusýning þar sem húmorinn ræður ríkjum og gert er stólpagrín að ýmsum ævintýrum og persónum. „Það er mjög sniðugt að taka börnin með sér á sýninguna, því þau hafa mjög gaman af henni. En svo er líka fullt af gríni þarna sem fullorða fólkíð skilur töluvert betur en börnin. Þetta er því sýning sem hentar í raun öllum aldurshópum,” segir Rakel.

Nældu þér í miða á kedjan.is/midasala

Uppsetningin fer fram í lönó, Vonarstræti 3, við Tjörnina, 101 Reykjavík.

Næstu sýningar eru:

- mars kl. 20.00
- mars kl. 20.00
- mars kl. 20.00
- mars kl. 20.00
- mars kl. 13.00 dagsýning
- mars kl. 20.00
- mars kl. 20.00
- mars kl. 13.00 dagsýning
- 5. apríl: Lokasýning kl. 20.00





KLIFURHÚSIÐ:

Innanhússklifur er frábært sport fyrir krakka og unglinga

Yngsti hópurinn er 5 til 6 ára krakkar sem æfa hér einu sinni í viku en svo verðum við með hópa alveg upp í 17 ára í unglingastarfinu," segir Benjamin Mokry, framkvæmdastjóri Klifurhússins. Innanhússklifur er frábær íþrótt fyrir börn og unglinga, bæði skemmtileg og styrkjandi.

Benjamin segir að börn séu mjög fljót að tileinka sé þá tækni sem til þarf í innanhússklifur þó að þau hafi minni líkamsstyrk en fullorðnir. Á heimsvísu eru margir flinkustu iðkendur innanhússklifurs á unglingsaldri.

Boðið er upp á námskeið fram í maí og síðan hefst haustönn í september og stendur fram í desember. Í sumar, frá annarri viku júlí og inn í miðjan ágúst, verða síðan í boði vikulöng námskeið fyrir 6 til 12 ára krakka, frá kl. 8.00 til 16.00.

Enginn munur á getu stráka og stelpna

Að sögn Benjamins reynir klifrið bæði á styrk og liðleika. „Það er enginn munur á getu stráka og stelpna. Þótt strákarnir fari langt á kraftinum þá eru stelpurnar oftast með betri tækni. Hugtakið tækniklifur er þekkt

enda eru tækni og liðleiki mikilvægir þættir í þessu sporti.“ Klifrið eflir allt í senn, þol, liðleika og styrk, og hentar fólki á öllum aldri. „Til dæmis getur maður aldrei orðið of sterkur í fingrunum en klifrið eflir mjög fingrastyrk. Það er nokkuð sem fólk er almennt ekki að þjálfa með sér. Fyrsta skiptið er í raun alltaf erfiðast þó svo að sé óneitanlega alltaf skemmtilegt að prófa klifur. En þegar maður byrjar að mæta reglulega í klifur, kannski 2–3 skipti í viku, er maður fljótur að sjá árangurinn og er ótrúlegt hvað sumir hafa náð langt á stuttum tíma," segir Benjamin.

Frábært fjölskyldusport

Klifur er fyrir fólk á öllum aldri og fjölmargir fullorðnir æfa og skemmta sér reglulega í Klifurhúsinu. „Klifur er líka gott sport fyrir alla fjölskylduna þar sem allir klifra á sínu getustigi. Ég klifra til dæmis oft með sex ára syni mínum þar sem hann fer leið sem hentar honum og ég fer mína leið við hliðina á honum," segir Benjamin.

Nánari upplýsingar er að finna á vefnum klifurhusid.is og á Facebook-síðu Klifurhússins. Skráning á námskeið fer fram í gegnum Nora-kerfið, sjá nánar á klifurhusid.felog.is.



Leikfélag Flensborgar kynnir

SYSTRA AKT

Leikstjóri Júlíana Sara Gunnarsdóttir

Sýnt í BÆJARBÍÓ

Frumskýning 13. mars
Önnur sýning 19. mars
Þriðja sýning 24. mars

Miðasala á miði.is

Fjórdða sýning 26. mars
Fimmta sýning 27. mars

Mikil kómík, skrautlegir karakterar og dásamleg tónlist

Leikfélag Flensborgar setur upp söngleikinn SYSTRA AKT í nýjum búningi. Verkið er byggt á samnefndri kvikmynd og er sýningin stútfull af nýrri tónlist, gríni og dönsum.

Leikritið er byggt á hinni geysilega vinsælu bíómynd, Sister's Act, sem Whoopi Goldberg lék aðalhlutverk í á sínum tíma. Þegar skemmtikrafturinn Deloris sér kærasta sinn fremja morð verður henni umhugað um sitt eigið líf. Vitnavernd í Saint Katherin-nunnuklaustrinu er það sem tekur næst við. Henni reynist erfitt að vera eins og hinar nunnurnar og til að halda henni frá vandræðum innan

klaustursins er henni falið það verkefni að taka þátt í kórnum. Þar brýst gleðin út, en ætli það megi?

„Sagan er ótrúlega skemmtileg, við vorum fyrst og fremst að leita að kómísku verki og það er afskaplega mikil kómík í þessu verki og svo eru skrautlegir og skemmtilegir karakterar. Síðast en ekki síst er það gospelsónlistin sem er fjarskalega skemmtileg og þar ætlum við að nota salinn og fá áhorfendur með okkur,” segir Aldís Ósk Davíðsdóttir, formaður Leikfélags Flensborgarskóla.

Leikfélagið hefur verið starfandi lengi en sérlega mikil gróska hefur verið í starfinu síðustu ár. „Við höf-

um verið að setja upp mjög stórar sýningar sem hafa orðið vinsælar,” segir Aldís.

12 manna leikhópur heldur uppi sýningunni en auk hans segir Aldís að um 10 manna hópur sé til aðstoðar á ýmsan hátt auk þess að koma að sviðsmyndinni. Allir 12 leikararnir syngja á sviðinu en auk þess eru spilaðar upptökur með söng þeirra og tónlistarstjórnin er með hljóðfæraleikinn á tölvu.

Mikil orka fer í sýningu af þessu tagi og leikkonan sem fer í fót Whoopi Goldberg og leikur Deloris er til dæmis á sviðinu allan tímann og fær ekki sekúndu hvíld. Hún heitir Kolbrún

María Einarsdóttir.

„Það fer mikil vinna í svona sýningu en við erum svo heppin að Flensborg er heilsueflandi skóli sem leggur áherslu á að nemendur hafi svigrúm til að sinna áhugamálum sínum án þess að það komi niður á námi. Það er líka heilmikið nám að taka þátt í þessu ferli,” Aldís.

Sýningar verða í Bæjarbíói í Hafnarfirði. Fimm sýningar eru skráðar en Aldís segir líklegt að í það minnsta tvær aukasýningar bætist við. Uppselt hefur verið á allar wsýningar leikfélagsins undanfarin ár. Nánari upplýsingar og miðasala eru á vefnum miði.is.



LIST FYRIR ALLA:



Listviðburðir fyrir öll börn á Íslandi

List fyrir alla er metnaðarfullt verkefni á vegum mennta- og menningarmálaráðuneytisins. Markmiðið er að velja og miðla listviðburðum af margbreytilegu tagi til barna og ungmenna um land allt. „Við viljum jafna aðgengi barna á grunnskólaaldri að fjölbreyttum og vönduðum listviðburðum óháð búsetu og efnahag. Við leggjum ríka áherslu á að velja sérstaklega vel þegar kemur að viðburðum og listamönnum,” segir Elfa Lilja Gísladóttir, tónlistarkennari og forsvarsmaður verkefnisins.

Fjölbreytt list fyrir fjölbreytta krakka

„Áhersla er lögð á að listviðburðirnir séu eins fjölbreyttir og kostur er og að þeir eigi sér stað á skólatíma. Annars vegar sendum við tilbúin verk í grunnskólana eða menningarstofnanir í bæjarfélaginu. Þá mæta börnin og upplifa listviðburð s.s. leikrit, hlusta á tónlist eða sjá danssýningu. Hins vegar erum við með listviðburði þar sem listamenn ferðast á milli grunnskólanna og virkja börnin í listsköpun hluta úr skóladegi eða í heilan dag. Einnig erum við með verkefni eins og Listalestina í samstarfi við Listkennsludeild Listaháskóla Íslands þar sem samþætting listgreina ræður ríkjum. Unnið er með listamönnum í tvo heila kennsludaga og í lokin er sett upp sýning á verkum krakkanna. Þá fáum við listamann sem sýningarstjóra. Krakkarnir mæta með aðstandendum og upplifa eigin verk oft í listasöfnum bæjarfélagsins.“

„Við höfum náð að koma við í öllum grunnskólum á landsbyggðinni annað árið í röð með sérlega fjölbreytta listviðburði. Stundum náum við bara nokkrum árgöngum í hverjum grunnskóla fyrir sig. Þá pössum við að árið eftir verði eitthvað í boði fyrir hina árgangana, svo öll börnin í skólanum fái að kynna fjölbreyttum listviðburðum á okkar vegum á tíu ára grunnskólagöngu sinni. Við leggjum áherslu á að koma við í öllum grunnskólunum utan Reykjavíkur þar sem börnin í höfuðborginni hafa óneitanlega fleiri tækifæri til þess að kynna fjölbreyttri list.“

FUBAR „Ég vissi ekki að dansverk gæti verið svona skemmtileg“ Sigríður Soffía Nielsdóttir, danshöfundur og dansari, fór af stað í vetur með dansverkið FUBAR og uppskar tæra hrifningu áhorfenda víðast hvar um landið.

„FUBAR er óvenjulegt dansleikhúsverk þar sem ég segi fyrst sögur í um hálf tíma. Þetta eru valdar tragikómískar sögur úr lífi mínu sem 30 ára kona sem hefur dans að lífibrauði. Svo byrjar dansinn sem stendur yfir í um 40 mínútur. Allar sögurnar tengjast einni aðalsögu sem vindur úr í lok verksins. Ég fékk Jónas Sen til liðs við mig til þess að semja og spila tónlistina, auk þess sem hann dansar í sýningunni. Við fórum á Vestfirði, Austfirði, norður í land og svo til Vestmannaeyja.

Mig hefur lengi langað til að sýna á landsbyggðinni því ég hafði aldrei fengið tækifæri til þess, þó svo ég hafi

margt sýnt úti á landi í útlöndum. Það er mikilvægt að auka aðgang að listviðburðum á landsbyggðinni og ég sá mikilvægi þess þegar ég sýndi FUBAR í vetur. Margir krakkar komu til mín eftir og sögðu að þeir hefðu aldrei getað ímyndað sér að dansverk gæti verið svona skemmtilegt. Þau höfðu mörg mjög fyrirframmótaðar hugmyndir um hvað dansverk væri og FUBAR var eitthvað allt annað.

Til að fólk geti lært að meta menningu þá þarf það að hafa aðgang að henni og það er einmitt það sem List fyrir alla gerir. Upphaflega var verkið ekki samið fyrir börn en það var samt ótrúlega áhugavert að sýna það krökkum á grunnskólaaldri. Þau tengdu til dæmis við allt aðrar sögur en fullorðin áhorfendur,” segir Sigríður.

Skemmtileg og fjölbreytt verkefni úti um allt land

„Í vetur er List fyrir alla í samstarfi við 21 listverkefni sem dreifist jafnt yfir skólaárið. Nánar má finna umfjöllum um hvern viðburð á heimasíðunni listfyriralla.is. Í janúar og febrúar voru verkefnið Mannfræði fyrir krakka á Norðurlandi og FUBAR var með danssmíðju og sýndi í Vestmannaeyjum. Á vormánuðum ferðast sex ólík verkefni víðs vegar um landið og gleða nemendur á ólíkum aldri. Við erum sérstaklega stolt að segja frá því að leiksýningin Fyrirlestur um eitthvað fallett verður sýnd fyrir alla krakka í 8., 9. og 10. bekk í mars. Þetta eru 1.178 börn úr 19 grunnskólum á Norðurlandi sem sjá þessa

frábæru sýningu.

Einnig förum við um Reykjanesið, Hafnarfjörð og Garðabæ með Djáknann á Myrká í mars. Tónskáldið Hugi Guðmundsson samdi splunkunýja tónlist við þjóðsöguna sem er flutt af framúrskarandi listafólki ásamt sögumanni sem leikles hina viðfrægu draugasögu.

Listalestin sem fjallað var um hér framfar fer af stað á Akranes í maí. Einnig verður Sögur af nautum sýnt á Suðurlandi í mars og apríl. Sýningin er fyrir yngstu krakkana á vegum leikhópsins Miðnætti.

Í Salnum Kópavogi og Hörpu í apríl verða tónleikarnir The Fluteman Show fyrir 4.–7. bekk. Tónleikarnir eru með gamansömu ívafi, samdir og fluttir af Ungverjanum Gabor Vosteen sem býr og starfar í Berlín og getur spilað á 5 blokkflautur samtímis.

Að lokum má nefna Gull og grjót á skólalóðinni, stórskemmtilegt hönnunarverkefni í maí á Austurlandi þar sem krakkar í 1.–10. bekk kynna hönnun og arkitektúr á eigin skinni,” segir Elfa.

„Í augnablikinu auglýsum við eftir listviðburðum fyrir næsta skólaár 2019–2020 frá listamönnum hvaðanæva af landinu. Listviðburðirnir geta verið afar margvíslegir enda eru listir alls konar. Við auglýsum eftir viðburðum á sviði leiklistar og dans, tónlistar, myndlistar, kvikmyndagerðar, bókmennta, hönnunar og fleira.“

Nánari upplýsingar á listfyriralla.is



List fyrir alla



SÖNGLEIKURINN CLUELESS:



Stútfull sýning af drama og húmor

Clueless er rómantískur gamansöngleikur um hina vinsælu Cher, sem býr með móður sinni (Mel) og þænu (Lucy) í risastóru húsi í Beverly Hills. Cher finnur tilgang í því að hjálpa fólki í ástamálum, og það að taka fólk í yfirhalingu (eða make-over) veitir henni stöðugleika í kaotískum heimi. Hins vegar rekst hún aðeins á vegg þegar plön hennar ganga ekki upp og allt virðist vera að fara á versta veg,“ segir Anna Katrín Einarsdóttir, leikstjóri sýningarinnar sem Verðandi, leikfélag FG, setur upp í hátíðarsal Fjölbrautaskóla Garðabæjar.

Af hverju völduð þið Clueless?

„Okkur langaði að setja upp verk með sterkum kvenkarakter í aðalhlutverki. Svo er þetta líka bara svo klassísk og skemmtileg kvikmynd. Auk þess hefur þetta verk aldrei verið sett upp á Íslandi, og þangað til í síðasta nóvember hafði það aldrei verið útfært fyrir svið. Clueless er alveg fullkomin fyrir söngleikjaformið þar sem myndin er frekar ýkt í leik og allri stíliseringu. Hún er stútfull af drama og húmor sem skemmtilegt er að leika sér með og yfirfæra á sviðið.“

Það er lagður töluverður metnaður í sýninguna. Þið eruð með nýja leikgerð og fjöldi manns sem kemur að verkinu. Viltu segja nánar frá því?

„Þetta er heljarmaskina og það kemur fjöldi nemenda að sýningunni, eða hátt í 100 manns í heildina. Lokaútkoman sem áhorfandinn sér á sviðinu er aðeins toppurinn á ísjakanum, það eru svo margar deildir sem komu að því að gera sýninguna að veruleika. Þessi uppsetning er svo alveg ný leikgerð upp úr myndinni og textarnir og lögin frumsamin af tónlistarkonunni Hildi. Ég komst ekki að því að það væri verið að setja upp söngleik off-Broadway fyrr en eftir að ég var byrjuð að vinna handritið. Það hefði verið fróðlegt að sjá það en ég komst því miður ekki út.“

Er þetta ekki búið að vera skemmtilegt ferli?

„Ferlið er búið að vera alveg æðislegt! Frá upphafi til enda. Við höfum æfingar á verkinu síðasta haust, þar sem við vorum að vinna saman í spuna á senum og finna hin ýmsu hreyfimyndur með Söru Margréti, danshöfundu verksins. Æfingar með handriti byrjuðu svo strax í janúar á þessu ári. Við lögðum mikla áherslu á að mæta öllu með opnum huga og takast á við vandamálin um leið og þau birtust. Við það skapaðist svo jákvæð stemning, allt í einu voru öll „mistök“ gjafir. Það er búið að vera ótrúlega gaman að prófa hinar ýmsu hugmyndir og sjá þær lifna við á sviðinu.“

Hvernig var að leikstýra hópnum?

„Þetta er í fyrsta skipti sem ég leikstýri þessum hóp, og í rauninni fyrsta skipti sem ég tek að mér að leikstýra svona stóru batterii. Ég er ótrúlega þakklát fyrir þetta tækifæri, og það traust sem mér var falið við uppsetningu á þessu verki. Svo eru þau svo fáránlega hæfileikarík öllsömul og gefa atvinnuleikurum ekkert eftir! Við vorum óvægnað við að gefa þeim krefjandi verkefni og þau tóku þeim fagnandi og af mikilli fagmennsku. Hæfileikarnir einskorðuðust ekki bara við leikhópinn heldur flæddu þeir um allar deildir sem komu að verkinu. Ég er viss um að við eigum eftir að sjá marga af þessum krökkum á sviðum og tjöldum landsins, og á bak við þau,“ segir Anna Katrín að lokum.


Það er um að gera að næla sér í miða á þennan frábæra söngleik á tix.is



Næstu sýningar eru:

- 7. mars kl. 20
- 8. mars kl. 20
- 9. mars kl. 18
- 10. mars kl. 20
- 11. mars kl. 20
- 12. mars kl. 20
- 13. mars kl. 20
- 14. mars kl. 16
- 15. mars kl. 20
- 16. mars kl. 20
- 17. mars kl. 20





JÓGASETRID:



Jóga er betra en grjónagrautur!

Jóga er fyrir alla því þar lærum við fyrst og fremst að stjórna önduninni okkar, sem hjálpar okkur að hægja á huganum og finna kyrrðina, en það þurfum við öll að gera. Það er mikilvægt að við nærum og sinnum okkar innra lífi eins og því ytra," segir Auður Bjarnadóttir, eigandi Jógasetursins. Tilurðina segir hún hafa komið til vegna stóraukins áhuga á jóga. „Þetta byrjaði með meðgöngujóga og löngum biðlistum og svo vatt þetta upp á sig. Nú er setrið orðið mjög fjölbreytt til að þjóna öllum aldurshópum," segir Auður.

Magnað meðgöngujóga

„Ég kynntist meðgöngujóga þegar ég var barnshafandi í Seattle. Mér fannst tæknin hjálpa mér mjög mikið þegar kom að því að fæða því jóga kennir manni svo margt sem er gagnlegt í fæðingunni. Meðgöngujóga er valdeflandi fyrir konur og kennir þeim að finna sinn innri styrk í fæðingunni og hafa tækni til þess að halda ró og einbeitingu. Það kennir þeim að vera ekki hræddar með hugann á sveimi, heldur læra þær að treysta líkamanum og detta inn í

þann dans og ferðalag sem fæðingin er. Líkaminn verður næmari og veit þá hvað hann á að gera.“

Mömmujóga

„Meðgöngujógað þróaðist yfir í mömmujóga þar sem mæður stunda saman jóga með börnunum. Það er ótrúlega gott fyrir nýbakaðar mæður að koma saman og stunda róandi og styrkjandi jóga fyrir sig og börnin. Þær ræða líka allt sem viðkemur barneignum svo sem bleyjuskipti, svefn, brjóstgjöf og þess háttar og fá mikla útrás. Svo fara þær sem vilja líka út að borða saman einu sinni í viku eftir tímann.“

Krakkajóga: betra en grjónagrautur

„Ég var með krakkajóga í Stundinni okkar fyrir um tuttugu árum og fann fyrir miklum áhuga á að halda áfram. Krakkajóga er nátengt leikjum og gleði og læra börnin ýmsar jógastöður sem styrkja jafnvægi, einbeitingu og samhæfingu.

Börnin elska jógað og eru snögg að tileinka sér tæknina. Eitt barn sagði við mig eftir tíma eitt sinn: „Það er betra að vera í jóga en að borða

grjónagraut.“ Við erum með krakkajóga fyrir börn á aldrinum 3–4 ára. Þá koma þau með foreldrunum. Svo eru tímar fyrir 5–7 ára, 8–11 ára og svo er unglíngajóga fyrir 12–14 ára.“

Auður heldur utan um ýmiss konar kennaranám í jóga á vegum Jógasetursins sem hefur reynst vel. Því mikið samfélag hefur myndast í kringum Jógasetrið í gegnum árin. „Þetta er fallett samfélag og það er gaman að fylgjast með vinskapanum og kærleiknum sem hefur þróast.

Núna þessa helgi erum við til dæmis með námskeið fyrir kennara í krakkajóga. Í gegnum árin höfum við útskrifað nokkur hundruð jógakennara, kennara og leikskólakennara sem kenna margir hverjir krakkajóga í hinum ýmsu grunn- og leikskólum víða um land.“

Jóga fyrir alla fjölskylduna

„Við stöndum fyrir hugmyndina JÓGA FYRIR ALLA og fjölbreytni. Þann 17. mars ætlum við til dæmis að vera með Fjölskyldujóga. Börn og foreldrar fá þá tækifæri til að leika sér saman og eiga góða samverustund. Þetta er viðburður sem við höldum reglulega og er alltaf vel sóttur. Það eru allir

velkomnir á meðan húsrúm leyfir. Nánari upplýsingar má nálgast á Facebook-síðu Jógasetursins.“

Jógatímarnir og námskeiðin sem boðið er upp á í Jógasetrinu eru fjölmörg:

- Grunnnámskeið í Kundalini Jóga
- Kundalini Jóga
- Hatha Jóga
- Jóga Nidra
- Mjúkt Jóga
- Jóga fyrir 60+
- Krakkajóganámskeið frá aldrinum 3–14 ára
- Meðgöngujóga
- Mömmujóga
- Karlanjóga
- Parajóga
- Núvitund gegn streitu
- 12 spor til vellíðunar
- Vinyasa flæði

Jógasetrið er í Skipholti 50c. „Það er ávallt eitthvað á döfinni hjá okkur og við látum vita af námskeiðum og viðburðum sem eru á döfinni bæði á Facebook-síðu okkar Jógasetrið og heimasíðunni jogasetrid.is.“ Sími: 778-1000 Netpóstur: jogasetrid@jogasetrid.is


10 VERSTU EINRÆÐIS- HERRAR SÖGUNNAR

Sægur er til af illmennum sem komust til valda með hræðilegum afleiðingum. Margir eiga það sameiginlegt að hafa verið hampað sem hetjum í upphafi valdatíðarinnar. Með tíð og tíma kom í ljós hversu illgjarnir og óhæfir leiðtogar þeir voru. Hér eru þeir 10 verstu.

Kristinn Haukur Guðnason
kristinn@dv.is


ADOLF HITLER

Hitler er sjálfkjörinn í efsta sæti listans. Hann er frægasta illmenni sögunnar og kvaldi ekki einungis eigin þegna heldur þegna allrar Evrópu. Hitler komst til valda með lýðræðislegum leiðum og hóf snemma ofsóknir á hendur kommúnistum og gyðingum. Hann hóf blóðugustu stýrjöld sögunnar þar sem allt að 85 milljónir manna týndu lífinu. Þar að auki stundaði hann iðnaðarmorð á minnihlutahópum. Hitler framdi sjálfsvíg árið 1945.



JÓSEF STALÍN

Varla þarf að kynna Stalín og hans voðaverk fyrir lesendum. Stalín komst til valda í Sovétríkjunum eftir dauða Lenín árið 1924. Skömmu síðar hófust ofsóknir á hendur óvinum og ímynduðum óvinum Stalín, eða „hreinsanir.“ Stalín varð að hetju í seinni heimsstyrjöldinni og litu þá margir fram hjá því að um tíu milljónir hefðu dáið í hungursneyðum vegna ákvarðana hans. Stalín dó árið 1953.



MAÓ ZEDONG

Maó var guðfaðir Alþýðulýðveldisins Kína og stýrði því með harðri hendi til dauðadags árið 1976. Maó var hetja úr seinni heimsstyrjöldinni og hróður hans jókst þegar hann bjargaði Norður-Kóreumönnum í Kóreustríðinu og lagði undir sig Tíbet. Hróðurinn minnkaði hins vegar á sjöunda áratugnum þegar hann kvaddi Kínverja til þegnaskylduvinnu í „stóra stökkinu“ og um tuttugu milljónir týndu lífinu í hungursneyð. Þá hófst einnig mikið ofstæki menningarbyltingarinnar.



BENITO MUSSOLINI

Mussolini komst til valda í Ítalíu í kjölfar fyrri heimsstyrjaldarinnar og reyndi að byggja upp nýtt Rómaveldi. Hann náði hins vegar einungis Albaníu og Eþíópíu með eigin herafla og þurfti að hanga í pilsfaldinum hjá Adolf Hitler. Mussolini var samsekur í hildarleiknum og varð að lokum hataður af eigin þegnum. Hann og eiginkona hans voru drepin, líkin hengd upp til sýnis og almenningur kastaði mannskít í þau.



NICOLAE CEAUSESCU

Þegar Ceausescu komst til valda í Rúmeníu árið 1965 þótti hann framsæknasti og nútímalegasti leiðtogi Austur-Evrópu – ljós í myrkurinu. Ekki leið á löngu þar til það snerist við og þótti alræði hans slá bæði Sovéttönnum og Austur-Þjóðverjum við. Á áttunda áratugnum fór efnahagurinn á hliðina og Ceausescu seldi matvælin úr landi sem orsakaði eiginlega hungursneyð á þeim níunda. Þegar kommúnisminn féll voru Ceausescu og kona hans Elena leidd fyrir aftökusveit, á sjálfan jóladag árið 1989.



Vandaðar innréttingar



Hjá Parki færðu flottar innréttingar í hæsta gæðaflokki. Mikið úrval.

Bjóðum aðeins það besta fyrir þig!



Dalvegi 10-14 • 201 Kópavogi • 595 0570 • Parki.is

POL POT

Pol Pot var aðeins leiðtogi Kambódíu í nokkur ár á áttunda áratugnum en hann komst til valda eftir að Bandaríkjamenn útfærðu Víetnamstríðið til landsins. Talið er að rúmlega tvær milljónir hafi farist, eða fjórðungur Kambódíumanna, frá 1975 til 1979. Pol

Pot rak fólk úr borgum í sveitir, ofsótti menntafólk og neyddi börn til að rísa upp gegn foreldrum sínum. Víetnamar ráku hann frá völdum árið 1979.



KIM IL-SUNG

Hinn fyrsti og „eilífi“ leiðtogi Norður-Kóreu, Kim Il-sung, olli dauða milljóna þegna sinna á nærri hálfra aldar valdatíð sinni. Flestir dóu í Kóreustríðinu sem hófst skömmu eftir að Il-sung komst til valda. Bardagarnir stóðu yfir í þrjú ár og skiluðu engu því

landamærin enduðu á sama stað. Liðu svo árin og smám saman breyttist Norður-Kórea í eitt hræðilegasta ríki heims. Íbúarnir sultu en herinn eflidist.



VILHJÁLmur II


Vilhjálmur var síðasti keisari Þýskalands og dreymdi mikla stórveldisdrauma. Á fyrstu árum 20. aldarinnar var hans helsti draumur að leggja undir sig Ameríku og lét hann þrisvar sinnum skipuleggja árásir á landið. Vilhjálmur var sá sem bar hvað mestu ábyrgðina á fyrri heimsstyrjöldinni þar sem milljónum manna var att út í forað dauðans. Þjóðverjar beittu gasi og eldvörpum í stríðinu til að valda sem mestum ótta. Hann flúði til Hollands eftir stríðið.



IDI AMIN

Idi Amin Dada var einræðisherra í Úganda árin 1971 til 1979. Amin var áður kokkur í breska hernum og í stjórnartíð hans gekk sá orðrómur að

hann eldaði fólk og æti það. Amin komst til valda með vopnvaldi og beitti mikilli hörku allan sinn feril. Hundruð þúsunda voru myrt eða hurfu sporlaust, flestir úr Acholi- og Lango-ættbálknum. Amin var skrautleg persóna og leit á sig sem konung og sigurvegara. Hann var að lokum sendur í útlegð.



ROBERT MUGABE

Maðurinn með horröndina á efri vörinni var eitt sinn titlaður bjartasta von Afríku. Hann var frelsishetja ný-



lendunnar Suður-Ródesíu sem varð að Simbabwe árið 1980. Snemma á ferlinum hóf hann að ofsækja hvíta bændur og tugþúsundir voru myrtar eða flæmdar úr landi. Þeir sem tóku við búnum gátu ekki haldið uppi matarframleiðslunni og hungursneyðir tóku við. Mugabe var stept af hernum árið 2017 og settur í stofufangelsi.

VALÍFINU FRÁ ÞESSUM ÁRUM


Það var mikið togað í mig og æsingur í það að fá mynd og aðra mynd



SJÁÐU MYNDIRNAR



Framhald á síðu 50



Netverslun með stærri einingar





Það var kominn tími til þess að hætta




ÓSAL

Varahlutaverslun
og þjónusta

ÓSAL VARAHLUTAVERSLUN

TANGARHÖFÐA 4 | www.osal.is
110 REYKJAVÍK | osal@osal.is
SÍMI 515 7200 | FAX 515 720



Ósal sérhæfir sig í
þjónustu og varahlutasölu
í aftanivagna af öllum gerðum.
Allt frá ljósaperum upp í vagnöxla.

Ásetning á bremsuborðum.
Bilanagreining í bremsukerfum vagna.
Stilling á loftventlum.
Sérpantanir á varahlutum.

HEFUR ÞÚ ÞÖRF FYRIR ÞRIF

Fyrirtæki og húsfélög, gerum
tilboð ykkur að kostnaðarlausu

Þjóðum sérhæfða þjónustu fyrir
íbúðir í skammtímaleigu



NGGAR SEM HAFA AF ELTIHRELLUM

MARTRÖÐ HELGA ÁSS GRÉTARSSONAR – HLJÓP ÖSKRANDI Í BURTU

Karlmaður var dæmdur í hálfis árs fangelsi vegna hótana, húsbrotu og nálgunarbannsbrota í garð Helga Áss Grétarssonar skákmeistarara og fjölskyldu hans. Maðurinn lét þó ekki staðar numið þar og var tvívegis kærður fyrir áreitni eftir að hann lauk afpláunun refsingar sinnar og vöknudu upp margar spurningar í kjölfarið, um hvernig ætti að taka á slíkum málum.

Í umfjöllun DV um málið árið 2005 sagði:

„Sæll, Helgi minn, ... ef þú snertir Ólöfu aftur, þá muntu óska þess að hafa aldrei fæðst,“

eru skilaboð sem Páll Þórðarson las inn á símsvara Helga Áss Grétarssonar, stórmeistarara í skák, laugardaginn 11. október 2003. Páll er faðir þriggja barna Ólafar Völu Ingvarsdóttur sem fór frá honum og tók saman við Helga Áss. Sjúkleg afbrýðisemi varð til þess að Páll fór að ofsækja Helga og Ólöfu. Hann var dæmdur í hálfis árs fangelsi árið 2003 og er aftur fyrir dómi í dag.

Sambandið var martröð

Í dómnum segir Ólöf að Páll hafi verið í mikilli óreglu, ekki haldist í vinnu, verið þunglyndur og haft allt á hornum sér. Hann hafi farið til útlanda, komið aftur ári síðar og sagst vera breyttur maður; hættur að drekka og farið að vinna. Þau hafi aftur byrjað að búa og flutt til Hveragerðis þar sem Páll lagðist enn og aftur í drykkju. Þá var Ólöf ófrísk að þriðja barni þeirra sem fæddist í september 1999.

„Þetta var hreinasta martröð,“ var haft eftir Ólöfu í dómnum.

Hún sleit sambúðinni og flutti til móður sinnar. Ólöf segist hafa verið mjög hrædd við Pál þegar þau bjuggu í Hveragerði; henni hafi fundist eins og hún væri í fangelsi. Páll hafi verið ofstoppullur og jafnvel bannað henni að fara úr húsi svo að nokkrum sinnum þurfti hún að laumast út um glugga. Ólöf tók þó fram að Páll hafi ekki sýnt henni ofbeldi að ráði.

Sumarið 2002 kynnist Ólöf svo skákmeistararum Helga Áss Grétarssyni. Þau byrjuðu að búa en fljótlega fór fyrirverandi ástmaður Ólafar að varpa skugga sambandið. Ofsóknir Páls ein-

kenndust af hótunarsimtölum, andlegu ofbeldi og líkamlegu. Ofbeldið beindist ekki aðeins að Helga og Ólöfu heldur fjölskyldu hans, vinum og ættingjum. Skorið var á dekkinn á bíl Helga, ætandi efni hellt á lakkið og bílar bróður hans og föður voru einnig skemmdir.

Í einum af dramatískustu köflum dómsins lýsti Ólöf því þegar Páll kom óboðinn

Stórmeistari og fjölskylda hans í hættu eftir að geðsjúklingur var sýknaður

Páll Þórðarson var í gær sýknaður í Hæstarétti af því að hafa í tvígang rofið nálgunarbann gegn Ólöfu Völu Ingvarsdóttur og sambylismanni hennar, Helga Áss Grétarssyni. Páll hafði verið dæmdur í fimm mánaða fangelsi í Héraðsdómi en sleppur við það þar sem Hæstiréttur taldi það ekki sannað að annað en tilviljun hefði ráðið því að hann rakst á Ólöfu Völu og Helga Áss á fönnum vegi.

„Ég óttast að þessi dómur gefi honum grænt ljós á að byrja aftur að ofsækja okkur.“

Hefur verið rólegur

Ólöf Vala sagði við DV í gær að Páll hefði haft hægt um sig eftir að hann var dæmdur í fimm mánaða fangelsi og látið þau í friði. „Ég veit ekki hvort það var vegna þess að það átti eftir að taka málið fyrir í Hæstarétti en eftir þennan úrskurð óttast ég að hann byrji aftur,“ sagði Ólöf Vala. Hún sagðist vera orðin langþreytt á þessum ofsóknum og dómur gærdagsins hefði verið mikil vonbrigði.

oskar@dv.is

Páll Þórðarson Sýknaður af því að hafa rofið nálgunarbann í Hæstarétti og sleppur við fimm mánaða fangelsi sem Héraðsdómur Reykjavíkur dæmdi hann í.



Helgi Áss Grétarsson þarí enn á ný að óttast ofsóknir Páls Þórðarssonar á hendur honum og fjölskyldu hans.

Framhald á síðu 26

Flúði til foreldra sinna öskrandi á hjálp



Ofsótt í rúm tvö ár

Páll Þórðarson, sem á við veruleg geðræn vandamál að stríða, hefur ofsótt barnsmóður sína, Ólöfu Völu, og sambylismann hennar, stórmeistarann Helga Áss, allt frá því í október 2003. Páll hefur margt hótad Helga

Áss og var meðal annars dæmdur í sex mánaða fangelsi fyrir að ganga í skrokk á Helga. Eftir að hann kom út úr fangelsi hefur hann haldið áfram að ofsækja þau og gekk málið svo langt að Ólöf Vala og Helgi Áss fengu sett nálgunarbann á Pál. Hann var síðan talinn hafa rofið nálgunarbannið og var dæmdur í fimm mánaða fangelsi í Héraðsdómi. Það verður hins vegar ekkert af fangelsisvistinni því hann var, eins og áður sagði, sýknaður í Hæstarétti í gær.



Nett fjölnotatæki

MANITOU MLT 625-75 H

Manitou eru magnaðir skotbómulyftarar

- Lyftiget: 2.500
- Lyftihæð: 5.900 mm
- Fjór hjóladrífinn
- Fjór hjólastýrður
- 75 hestöfl, Kubota
- Hlaðinn aukabúnaði t.d. skólfa, gaflar og útvarp.

Staðgreiðsluverð: 6.800.000 kr. + VSK

Viðurkennd varahluta- og viðgerðarþjónusta

PON

MALÍN BRAND MED TVO ELTIHRELLA

Malín Brand opnaði sig um elti-hrella í Fréttatímanum árið 2011 og tjáði sig einnig við DV um þá reynslu það sama ár. Þar sagði Malín:

„Daginn sem ég sagði frá þessari óskemmtilegu reynslu í Fréttatímanum kom póstur frá ókunnugum manni sem bauðst til að verða ný „stalkerinn“ minn. Sá hafði sannarlega misskilið kjarna frásagnarinnar.“

Malín var stödd með hópi íslenskra blaðamanna sem hafði verið boðið ásamt hópi tyrkneskra blaðamanna í tengslum við umsóknir landanna að ESB. Malín var ásamt fleirum að spjalla við nokkra úr hópi Tyrkja, þar á meðal þann sem var í forsvari fyrir hópinn. Það sem leit út fyrir að vera saklaust og almennt spjall átti heldur betur eftir að draga dilk á eftir sér.

„Þessi maður var í forsvari fyrir tyrkneska hópinn, en hann var greinilega ekki í lagi. Hann tilkynnti mér að Guð hefði sagt honum að ég ætti að verða konan hans. Að það væri allt fyrirfram ákveðið af Guði, sem mér fannst fremur ósennilegt þar sem ég er sjálf guðleysingi.“

Malín leist ekki á blikuna þegar maðurinn réðst á hana.

„Ég tel að það sé mesta mildi að ég gat flúið frá honum. Hann tók mjög harkalega á mér og ég var öll marin á kjálka, handleggjum og fótleggjum eftir hann.“ Malín var flutt á annað hótél í kjölfarið. „Það tóku þessu allir alvarlega og ég er mjög þakklát fyrir stuðninginn bæði hjá íslenska hópnum og starfsfólki hótelsins. Mér var ekki rótt enda hafði maðurinn sent mér yfir 20 skilaboð á einum klukkutíma og hringt ótal sinnum.“

Þá sagði Malín einnig:

„Ég var dálítið hvekkst í nokkra daga á eftir og sérstaklega þegar ég kom heim og hélt áfram að fá tölvupóst og SMS frá honum.“

Í kjölfarið þess að hafa opnað sig um þetta búrast henni skilaboð frá íslenskum manni sem bauðst til að verða ný elti-hrellirinn hennar.

„Ég hef takmarkaðan áhuga á meiri svona vitleysu og hef ekki enn ákveðið hvað ég geri í sambandi við það mál. Ég varð aðallega pirruð og reið. Öttinn kom ekki fyrir en eftir á þegar ég átt-aði mig á því hversu hættulegur maðurinn var. Svona löguðu fylgir skömm og manni finnst eins og maður hafi gert eitthvað rangt, en það er mjög algengt að sú tilfinning komi upp hjá þeim sem þolað hafa ofbeldi. Þess vegna ákvað ég að gera það eina rétta, sem er að tala og segja frá. Þögnin er besta vopn gerenda í svona málum. Því er nauðsynlegt að þegja ekki! Svona hegðun er ofbeldi og það er ekkert sem segir manni að þessi maður hafi ekki leikið þennan leik áður.“



REYKJAVIK RAINCOATS



REYKJAVIK RAINCOATS

HVERFISGATA 82, VITASTÍGSMEGINN

WWW.REYKJAVIKRAINCOATS.COM

SÍMI: 5711177 - INFO@REYKJAVIKRAINCOATS.COM

AÐRIR ÚTSÖLUSTAÐIR

EPAL - LAUGAVEGI 70

EPAL - HARPA


AIRPORT FASHION - LEIFSSTÖÐ

FENGU HALLDÓR LAXNESS Á HEILANN

Í DV frá árinu 2010 var einnig sagt frá glímu Halldórs Laxness. „Á ákveðnum tímupunkti þurfti að hafa samband við allar leigubílastöðvar í Reykjavík og segja leigubílstjórum að aka vinsamlegast ekki druknum mönnum upp að Gljúfrasteini, heimili skáldsins, ef þeir óskuðu eftir því.“

„Menn gátu fengið Halldór svo á heilann að dæmi eru um að þeir hafi verið búnir að hreiðra um sig í stofunni heima hjá honum, þegar þau

hjónin brugðu sér af bæ. Þá var það nánast daglegur viðburður í áraradír að fólk hringdi og heimtaði að fá að tala við skáldið.“



ALLTAF Á SAMA STAÐ OG EIVØR PÁLSDÓTTIR

Eivør sótti um nálgunarbann á íslenskan mann sem átti að hafa elt hana á röndum í um þrjú ár. Málið gekk meira að segja svo langt að maðurinn flutti til Færeyja og tjaldaði í garðinum hjá henni í langan tíma. Maðurinn sagði meira að segja að umboðskona Eivavar væri það eina sem stæði í vegi fyrir sambandi þeirra og hótaði henni líkamsmeiðingum.

Í viðtali við DV árið 2013 var Eivør í viðtali um reynslu sína. Eivør hafði tekið eftir því að sami maðurinn kom á alla tónleika hennar. Þegar hún kom til Íslands virtist hún rekast á hann á hverju götuhorni. Í viðtalinu sagði Eivør:



„Hann var alltaf á sama stað og ég fann til hræðslu. Hann var að elta mig og trúði að við ættum í heilögu sambandi og að aðeins fjölskyldan stæði í vegi fyrir því að við gætum verið saman. Ég þurfti að leita til lögreglunnar og fá nálgunarbann, þá lét hann mig í friði um stund.“

Friðurinn varði ekki lengi. Hann mætti á minningartónleika um látinn föður hennar öllum að óvörum. Þar kom hann inn í kirkjuna og fékk sér sæti. Hann hefði verið beðinn um að fara en neitað. Að lokum þurfti að hringja á lögregluna sem kom skjótt á vettvang og fjarlægði manninn.

„Nú hef ég sem betur fer fengið frið frá honum í langan tíma og skynja frið innra með mér. Mér finnst ég ekki þurfa að líta um öxl lengur. Sem betur fer, en það þurfti að ganga alltof langt áður en hann hætti. Það sem gerði það að verkum að ég þurfti að leita til lögreglunnar og stöðva hann með öllum ráðum var að hann var farinn að elta fjölskylduna. En þessu er lokið núna.“

SIV FRIÐLEIFSDÓTTIR – NJÓSNABÚNAÐUR Í BÍL

Þegar Siv Friðleifsdóttir vildi skilja við Þorstein Húnbogason ákvað hann að fylgjast með ferðum hennar. Í október árið 2011 var Þorsteinn dæmdur til þess að greiða Siv sekt upp á 270 þúsund krónur fyrir að hafa komið, án hennar vitneskju, ökurita fyrir í bíl sem hún hafði til umráða. Í umfjöllun DV frá september 2012 segir:

„Grunsemdir hennar vöknudu þegar Þorsteinn virtist vita allt um ferðir hennar,

auk þess sem hann kom reglulega á sömu staði og hún. Hún lét því skoða bílinn og við leit í bílnum fannst ökuritinn. Hún lagði fram kærú og Þorsteinn var ákærður og dæmdur í héraðsdómi.“



Framhald á síðu 28



KOBBI

-Öll almenn verktakavinna fyrir hús og garða-

HELLULAGNIR

PALLASMÍÐI

JARÐVEGS FLUTNINGUR

GRÖFUR VINNA OFL.



kobbi.is



kobbiehf



kobbiehf

Sólvöllum 3 • 800 Selfossi • kobbiehf@gmail.com • Sími 770 2722

ÍTREKAÐ HÓTAÐ AÐ DREPA BUBBA – VILDI SKOÐA HEILA HANS

Bubbi Morthens hefur notið mikillar velgengni. En fylgifiskar frægðarinnar eru ekki eintóm gleði. Bubbi var ofsóttur í fyrsta sinn árið 1982 af manni sem átti við geðræn vandamál að stríða.

„Ég hef oft lent í því að vera með „stalker“. En fjórir hafa gengið svo langt að það hefur verið einhver ástæða til þess að hafa áhyggjur af því.“ Í eldri umfjöllun DV kemur fram að þessi maður taldi að Bubbi hefði stolið lögnum hans og krafðist þess að hann leiðrétti það fyrir þjóðinni.

„Hann vildi að ég myndi viðurkenna að hann ætti öll lögmin, þar á meðal Ísbjarnarblús.

Ég þurfti ekki að vita meira til þess að vita að maðurinn væri ekki í lagi. Ég vissi það um leið og ég fékk fyrsta bréfið frá honum. Það fór ekki á milli mála þegar hann fór að tala um að hann hefði




samið Ísbjarnarblús. Og ég hefði stolið laginu af honum.“

Maðurinn skrifaði lesandabréf í Morgunblaðið þar sem hann hélt þessu fram og fékk bréfið birt. Í framhaldinu sendi hann hvert bréfið á fætur öðru á Bubba og urðu bréfin fjölluðu meira og minna um að hann ætlaði annaðhvort að drepa Bubba eða meiða hann ef hann fengi ekki kredit fyrir lögjin. Lögreglan gerði ekkert í málinu.

„Þetta var í raun orðin svo mikil geðveiki að það var ekki hægt að horfa fram hjá þessu lengur.

Hann sendi mér ítreakað líflátshótanir og þetta var ofbeldishneigður maður. Eftir að hann réðst á gamlan mann og slasaði hann mjög illa var hann tekinn úr umferð og settur inn. Þá linnði ofsóknunum lokins. Það er enginn glaður þegar hann



lendir í svona aðstæðum, en þetta var nú ekki það svæsnasta sem ég hef lent í.“

Þá liðu nokkrir mánuðir en þá tók næsti eltihrellir við. Nú var það kona.

„Hún sendi mér bréf. Stundum var hún búin að klippa út stafi og raða þeim saman þannig að þeir mynduðu morðhótanir. Svo sendi hún mér snöru, byssukúlur og ösku í litlum líkkistum.“

Þetta gekk í nokkra mánuði. Þriðji eltihrellirinn var karlmaður sem þjást af mikilli vanlíðan að sögn Bubba. Var hann sannfærður um að Bubbi gæti bjargað honum. Kom hann sér fyrir á tröppunum og beið eftir Bubba. Stundum svaf hann þar. Hann trúði því að Bubbi gæti rekið úr honum illa anda.

„Hann kom sér bara fyrir með plötubunkann á tröppunum hjá mér. Það var engin leið til að losna við hann. Börnin mín voru mjög hrædd við hann. En ég held að hann hafi ekki verið ofbeldishneigður. En það var mikil sorg í honum.“

Seinna fóru að berast hótanir frá honum: „Ég lét það ekki koma mér úr jafnvægi en þegar hann hótaði að skaða börnin mín fór ég í hann. Hann kom æðandi til mín alveg kolgeggjaður, froðufellandi

og snarbrjálmaður og hótaði börnunum mínum. Þá fór ég í hann. Ég lagðist þungt á hann og tók hann niður. Það er ekki gaman að þurfa að slást við svona menn, en ég vissi ekki til hvers hann var ví.“

Fljótlega eftir þetta var maðurinn vistaður á stofnun og fékk þá hjálp sem hann þurfti á að halda. Bubbi sagði í viðtalinu að það væri oft ekki fyrir en eitthvað slæmt gerðist, einhver yrði fyrir skaða, sem tekið væri á málinu.

Þá hélt einn maður að Bubbi væri djöfulinn vegna fæðingardagsins. Bubbi lýsti því á eftirfarandi hátt:

„Hann hélt að hann þyrfti bara að opna á mér hausinn til þess að sanna mál sitt. Þegar hann væri búinn að því myndi fólk sjá að hann hefði rétt fyrir sér. Ég væri í raun djöfullinn. Þetta var mjög veikur maður.“

Lögregla fékk að vita frá læknum að Bubbi gæti verið í hættu staddur og hringdi í Bubba. Hann mátti alls ekki opna ef það bankað yrði upp á hjá honum. Fjölskyldan var heima en Bubbi sagði ekkert.

„Hann var svo stoppaður af þegar hann var á leiðinni til mín til að sanna mál sitt. Sem betur fer fyrir hann og kannski fyrir mig líka varð ekkert úr því. Honum

var svo komið fyrir á viðeigandi stofnun þar sem hann fékk hjálp.“

Gestur stakk Bubba

„Ég var einu sinni stunginn með eggvopni á mínu eigin heimili. Þá fyrst kom lögreglan. Það var í eina skiptið sem hún hefur brugðist hratt og örugglega við.“

Bubbi var með gest hjá sér. Skyndilega hafði manneskja komið inn og taldi að hún ætti óupp-gert mál við tónlistarmanninn.

„Þessi manneskja kom óboðin inn til mín, var hleypt inn fyrir slysi. Hún var mjög ógnandi og lamdi frá sér. Þannig að ég tók ákvörðun um að fylgja henni út. Hún átti ekkert að vera þarna og ég var að reyna að koma henni út. Okkur lenti síðan saman með þessum afleiðingum. Ég var stunginn í lærið með eggvopni, ég veit ekki hvað það var, hnífur eða eitthvað.“ Fjölskyldan var öll heima og börnin horfðu upp á þetta gerast.


Þá sagði Bubbi um eftirköstin: „Þetta er ein tegund ofbeldis. Svipað ofbeldi og blöðin beita fólk stundum. Stundum hafa blöðin tekið menn fyrir og lagt þá í einelti. Þetta er svipuð tilfinning. Meðan á þessu stendur verður röskun á daglegu lífi. Þetta hefur líka áhrif á sálarlífið og ég finn fyrir þessu. Þetta er ekki eitthvað sem ég humma bara fram af mér, heldur hefur þetta áhrif á mig.“

Þegar ég fer út úr húsi á morgnana horfi ég í kringum mig og skima eftir því hvort það sé einhver að fylgjast með mér. Þegar ég er á gangi lít ég við til að athuga hvort einhver sé að fylgjast með mér. Þegar ég kem heim á daginn lít ég til hægri og vinstri áður en ég fer inn. Hægt og rólega verður maður, kannski ekki hræddur, en var um sig og óöruggur.“

EIGUM MARGA
LITI Á LAGER

ÁLKLÆÐNINGAR
& UNDIRKERFI

HANNAÐ FYRIR
ÍSLENSKT VEÐURFAR



Nánari upplýsingar á
mt.is og í s: 580 4500



BJÖRK GUÐMUNDS- DÓTTIR – REYNDI AÐ SENDA BJÖRK SPRENGJU


Í DV frá árinu 2010 er fjallað um nokkra þekktu Íslendinga sem hafa verið beittir ofbeldi af eltihrellum. Þar sagði:

„Tilfelli Bjarkar var með því versta sem þekktist. Maður að nafni Ricardo Lopez varð hufanginn af henni og lét hana ekki í friði árið 1996. Það kórónaði óhugnaðinn þegar hann reyndi að senda Björk bréfsprengju, en breska lögreglan náði að stöðva


hann í tæka tíð.

Með sprengjunni fylgdi myndband af manningum, þar sem hann sýndi nákvæmlega hvernig hann bjó til sprengjuna, rakaði svo á sér höfuðið, málaði sig í framan og framdi loks sjálfsmorð.“






SENDIBÍLASTÖÐIN HF
553 5050




TRÚIN FLYTUR FJÖLL VIÐ FLYTJUM ALLT ANNAÐ

Flytjum: Fyrirtæki • Búslóðir • Píanó • Flygla • Peningaskápa
Allt frá umslagi upp í stórflutninga • Skutlur • Millistórir bílar m/lyftu
Stórir bílar m/lyftu • Kælibílar • Búslóðalyftur • Bílstjórnarnir aðstoða



SENDIBÍLASTÖÐIN HF
553 5050



Klettagörðum 1, Reykjavík - Símar 553 5050 & 533 1000 - www.sendibilastodin.is

HULDUMAÐUR ÍSLENSKA FÓTBOLTANS GRÆÐIR Á TÁ OG FINGRI

Frederik Lütt hefur aðstoðað KSÍ í fjölda ára ■ Ekki fæst gefið upp hvað KSÍ hefur greitt honum

Hörður Snævar Jónsson
hoddi@433.is



Frederik Lütt er nafn sem fáir ef nokkur knattspyrnuáhugamaður á Íslandi vissi af fyrr en Hjörvar Hafliðason knattspyrnusérfræðingur fór að nefna hann á nafn og benda á það starf sem hann hefur unnið fyrir KSÍ. Lütt er þýskur viðskiptamaður sem hefur víðtæk tengsl í hinum stóra knattspyrnuheimi. Hann hefur starfað með og fyrir KSÍ í meira en tíu ár, fyrst fyrir fyrirtækið SportFive, sem nú hefur verið lagt niður. Lütt á nú fyrirtækið Pareto, en þangað hefur runnið mikið af fjármunum frá KSÍ vegna starfa hans.

Lütt hefur komið að samningum um sjónvarpsréttindi, bæði vegna fótboldans á Íslands og landsleikja. Lütt hefur komið að samningum KSÍ við Errea, sem sér um búninga landsliðsins. Flestir af

æfingaleikjum Íslands síðustu ár eiga rætur sínar að rekja til Lütt. Lütt hefur þannig náð samböndum í Katar og Asíu, og þangað hefur landsliðið ferðast reglulega, oftast en ekki frítt. Heimildarmaður DV segir að Lütt hafi þénað vel á þeim ferðum. Hann hefur hjálpað til við markaðsréttindi erlendis og fleira. Lütt sést iðulega með starfsmönnum KSÍ á landsleikjum og í kringum verkefni liðsins á erlendri grundu.

Allt í „köttum“

Knattspyrnuheimurinn getur verið flókinn, þar snýst allt um að fá „kött“ eins og sagt er á knattspyrnumáli. Þannig gerist lítið án þess að milliliður fái sinn skerf af kökunni, miklir fjármunir eru í spilu og Lütt hefur veitt KSÍ þjónustu gegn því að fá „kött“ af þeim upphæðum sem eru í boði. Ekki er hægt að sjá út úr ársreikningum KSÍ hversu há upphæð hefur runnið til Pareto,

Lütt á ferðalagi með landsliðinu á Ítalíu, ásamt Geir Þorsteinssyni, þá formanni KSÍ.



fyrirtækis Lütt. Þeir sem þekkja til málanna segja DV að Lütt haf fengið tugi milljóna fyrir að hjálpa KSÍ og líklega yfir 100 milljónir.

Trúnaður um samninga við Lütt

DV sendi fyrirspurn til Klöru Bjartmarz, framkvæmdarstjóra KSÍ, og spurði um samstarf sambandsins við Lütt en ekki fæst gefið upp hvað sambandið hefur greitt honum. „Eins og flest, ef ekki öll, önnur knattspyrnusambönd (og rekstraraðilar almennt) nýtir KSÍ sér aðstoð innlendra og erlendra sérfræðinga í tengslum við ýmis

verkefni. Þar á meðal eru umboðsmenn sem taka að sér að finna og semja um vináttuleiki þegar það á við og hefur það fyrirkomulag gefist vel, bæði knattspyrnulega og fjárhagslega. Um þessa samninga ríkir trúnaður eins og almennt er um samninga sambandsins og greiðslur vegna þeirra,“ sagði Klara í svari sínu.

Geir Þorsteinsson gerði samstarfsamning við Lütt, sem rann út árið 2017. Síðan þá hefur Guðni Bergsson, sem tók við starfinu, nýtt starfskrafta Lütt áfram: „Frederik Lütt er einn þeirra sérfræðinga

sem KSÍ hefur keypt sérfræðiaðstoð af og hefur hann komið að ýmsum verkefnum fyrir KSÍ í gegnum tíðina. Frederik var með samstarfssamning við KSÍ sem rann út 2017 og var ekki endurnýjaður. Frederik hefur þó frá þeim tíma, ásamt fleiri milliliðum sem KSÍ hefur unnið með, stundum aðstoðað við skipulagningu vináttuleikja eins og venja er til, en aðkoma hans að þeim verkefnum er með nokkuð öðrum hætti en áður.“ ■

SKILTAGERÐ

Ljósakassar
Ljósaskilti
3D stafr



Hönnun
Ráðgjöf
Uppsetning

XPRENT
HÖNNUN OG MERKINGAR

Sundaborg 3
104 Reykjavík
777 2700
xprent@xprent.is

Dómarinn: Hvað er að ungu kynslóðinni?

ÞAD liður að verkefni hjá íslenska karlalandsliðinu í fótbolda og líkt og undanfarna mánuði stefni í að nokkra lykilmenn muni vanta vegna meiðsla. Það er áhyggjuefni hversu illa gengur að endurnýja liðið, frá árinu 2013 hefur liðið þurft að treysta meira og minna á sama kjarnann. Eiður Smári Guðjohnsen og Kolbeinn Sigþórsson hafa horfið á braut, en erfiðlega hefur tekist að fá nýja og yngri menn til að taka að sér lykilhutverk og ábyrgð í liðinu. Þannig eru gamlir refir enn á sínum stað, það er ekkert betra í boði.

ÞAD verður að teljast slæmt ástand, að eðlileg endurnýjun í liðinu hafi ekki átt sér stað. Aðeins Arnór Sigurðsson virðist ætla að geta stimplað sig inn af yngri mönnum í bráð, hann spilar reglulega með CSKA Moskvu í sterkri deild, stendur sig vel og frammistaða hans

hefur vakið athygli stærri liða. Arnór er aðeins 19 ára gamall og er vonarstjarna íslenska fótboldans, hann þarf samt meiri hjálp frá yngri mönnum ef gleðin í kringum fótboldann á að halda áfram á næstu árum. Bestu ár lykilmanna eru senn á enda.

ÞAD fögnuðu því flestir þegar Albert Guðmundsson, einn hæfileikaríkasti knattspyrnamaður sem íslenskur fótboldi hefur séð, gekk í raðir AZ Alkmaar. Hann yfirgaf stórlíð PSV í Hollandi og færði sig yfir í minna lið, flestir töldu að þarna myndi stjarna Alberts skína skært. Dvöl hans hjá félaginu hefur valdið mér vonbrigðum. Albert verður 22 ára gamall í sumar og hefur aðeins spilað 1.064 mínútur í deildarkeppni með aðallíði. Sem dæmi má nefna að Gylfi Þór Sigurðsson

hafði spilað rúmlega fimm sinnum meira í deildarkeppni með aðallíði á sama aldri.

ÉG vona að Albert fari að ná flugi með AZ, hann hefur hæfileika til að sigra heiminn, er í sterkri deild og hjá félagi sem er tilbúið til að gefa yngri mönnum tækifærið. Það væru vonbrigði ef Albert þyrfti að fara niður eina tröppu til viðbótar til að spila með aðallíði. Fleiri leikmenn hafa líka valdið vonbrigðum af kynslóðinni sem á að taka við, Jón Dagur Þorsteinsson, Óttar Magnús Karlsson, Kristján Flóki Finnbogason, Alfons Sampsted, Júlíus Magnússon, Viktor Karl Einarsson, og Tryggvi Hrafn Haraldsson eru dæmi um leikmenn sem eru komnir miklu styttra á sinni leið sem knattspyrnumenn. Vonir stóðu til fyrir örfáum árum að þeir yrðu komnir miklu lengra. Ástæða þess að ég dreg Albert meira út fyrir sviga og skrifa meira um hann er að hæfileikarnir þar eru ótrúlegir, þeir skila mönnum þó aðeins hálfra leið, og nú þarf þessi öflugli piltur að hysja upp brækurnar og nýta hæfileikana til fullnustu.



MoReq2

Hagkvæmar lausnir með áherslu á rekjanleika, auðveldan aðgang og gagnsæi.



OneSystems bjóða heildarlausn í skjalamálum fyrirtækja og sveitarfélaga og þjónustu við viðskiptavini og íbúa þeirra

1 SYSTEMS
One[®]
www.one.is

OneSystems - sími: 660 8551 | fax: 588 1057 | www.one.is | one@one.is



BÍLASALA REYKJAVÍKUR



LAND ROVER RANGE ROVER SPORT HSE DYNAMIC . Árgerð 2017, ekinn 5 þ.KM, dísel, sjálfskiptur 8 gírar. Verð 14.900.000. Rnr.436214.



JAGUAR XE R-SPORT AWD. Árgerð 2017, ekinn 22 þ.KM, dísel, sjálfskiptur 8 gírar. Verð 5.690.000. Rnr.436075.



BMW 530E IPERFORMANCE M-TECH . Árgerð 2018, ekinn 8 þ.KM, bensín, sjálfskiptur 8 gírar. Verð 6.850.000. Rnr.602990.



M.BENZ S 500 AMG PLUG IN HYBRID. Árgerð 2017, ekinn 30 þ.KM, bensín, sjálfskiptur. Verð 15.900.000. Rnr.603452.



PORSCHE PANAMERA 4 E-HYBRID. Árgerð 2017, ekinn 18 þ.KM, bensín, sjálfskiptur 8 gírar. Verð 15.800.000. Rnr.436377.



LAND ROVER RANGE ROVER EVOQUE DYNAMIC LANDMARK. Árgerð 2018, ekinn 12 þ.KM, dísel, sjálfskiptur 9 gírar. Verð 7.890.000. Rnr.602763.



LAND ROVER RANGE ROVER EVOQUE SE DYNAMIC LANDMARK. Árgerð 2018, ekinn 9 þ.KM, dísel, sjálfskiptur 9 gírar. Verð 7.990.000. Rnr.436305.



JAGUAR F-PACE R-SPORT. Árgerð 2018, ekinn 22 þ.KM, dísel, sjálfskiptur. Verð 8.390.000. Rnr.435751.



JAGUAR F-PACE R-SPORT. Árgerð 2018, ekinn 18 þ.KM, dísel, sjálfskiptur. Verð 8.880.000. Rnr.436306.



VOLVO Xc90 t8 INSCRIPTION. Árgerð 2016, ekinn 36 þ.KM, bensín, sjálfskiptur. Verð 8.290.000. Rnr.602272.



VOLVO Xc90 D5 INSCRIPTION. Árgerð 2016, ekinn 43 þ.KM, dísel, sjálfskiptur 8 gírar. Verð 7.990.000. Rnr.436346.



LAND ROVER DISCOVERY 4 SDV6 HSE. Árgerð 2013, ekinn 158 þ.KM, dísel, sjálfskiptur 8 gírar. Verð 5.490.000. Rnr.434608.



LAND ROVER DISCOVERY 5 SE SKY VIEW PANORAMA. Árgerð 2018, ekinn -1 þ.KM, dísel, sjálfskiptur 8 gírar. Verð 10.990.000. Rnr.436163.



LAND ROVER DISCOVERY 5 HSE. Árgerð 2018, ekinn 4 þ.KM, dísel, sjálfskiptur 8 gírar. Verð 12.490.000. Rnr.436411.

SAKAMÁL



2 ár liðu frá því að bandaríska parið Brian Dann og Shelly Parks fóru að rugla saman reyttum þar til sambandinu lauk á páskaárinu, 4. apríl árið 1999. Sambandi þeirra lauk fyrir fullt og allt. Þannig var mál með vexti að kvöldið áður hafði Dann litið við hjá fyrrverandi kærustu sinni, Tínu Pace-Morrell, til að fá lánaða skammbyssu. Dann sagði Tínu í fyrstu að einhver vildi hann feigan, en venti síðan sínu kvæði í kross ag sagði að vinur hans, og bróðir Shelly, Andrew Parks, hefði skotið á hann fyrr þann dag. Hann byrfti byssu til að verja sig því einhverjar eigur hans voru í íbúð Andrews og hann hygðist sækja þær. Tina reyndi í fyrstu að telja Dann hughvarf, en þegar það gekk ekki lánaði hún honum .38 kalíbera skammbyssu. Klukkan þrjú, aðfaranótt páskaárinu, ruddi Dann sér leið inn í íbúð

LÍF OG DAUÐI

■ Fólk sem umgekkst Louise varð sumt hvert ekki langlíft ■ Þrír eiginmanna hennar

Bandaríska konan Lofie Louise Preslar var ekki við eina fjölinna felld í karlamálum. Louise fæddist 20. september, 1880, í Bienville í Louisiana.

Fjölskylda hennar var ágætlega efnuð og hún fékk fyrsta flokks menntun, og dýra, en var vikið úr skóla vegna ósæmilegrar hegðunar.

Árið 1903 giftist Louise farandsöllumanni, Henry Bosley, en hjónabandið varð endasleppt. Henry svipti sig lífi eftir að hafa komið að Louise með öðrum karlmanni. Louise settist þá að í Boston, bjó þar um skeið og sá sér farborða sem háklassa vændiskona. Til að drýgja tekjurnar enn frekar stal hún verðmætum af viðskiptavinum sínum.

Slapp fyrir horn

Síðar flutti Louise til Waco í Texas. Þar hóf hún samband við auðugan olíubaron, Joe Appel. Herra Appel kembdi ekki hærurnar því hann fannst myrtur og hafði einhver látið greipar sópa um skartgripahirslur hans.

„Í þetta skipti dugði ekkert elsku mamma og Louise fékk lífstíðardóm.“

Louise var sökuð um glæpinn en tókst að sannfæra kviðdóm um að hún hefði banað honum þegar hann reyndi að nauðga henni, og þar við sat.

Árið 1913 giftist Louise hótelsstarfsmanninum Harry Faurote. Hann hlaut sömu örlög og fyrsti maður Louise og framdi sjálfsmorð eftir að hafa komið að henni í rúminu með öðrum manni.

Enn einn olíujöfur

Næstur á dagskrá hjá Louise var

sölumaður að nafni Richard Peete. Þau gengu í hjónaband árið 1915 og eignuðust eina dóttur. Louise var við sama heyrarshornið, yfirgaf eiginmann og dóttur og flutti til Los Angeles.

Þar bjó hún með Jacob C. Denton, sem líkt og herra Appel var auðugur olíujöfur. Jacob hvarf árið 1920 og virtist týndur og tröllum gefinn. Þegar lögfræðingur Jacobs loks fékk lögregluna til að leita í hóbýlum hans hafði Louise lagt land undir fót. Hún fór til Denver í



Fær reynslu-
lausn Louise
afplánaði 18 ár af
lífstíðardómi.

faðm eiginmanns síns, Richards ... ef einhver skyldi hafa gleymt nafni hans.

Lífstíðardómur

Lík Jacobs C. Denton fannst og Louise var ákærð fyrir morðið á honum. Í þetta skipti dugði ekkert elsku mamma og Louise fékk lífstíðardóm. Hún varði 18 árum á bak við lás og slá og einhvern tímann meðan á afplánum hennar stóð svipti Richard sig lífi.

Eftir 18 ár fékk Louise reynslu-
lausn og réð sig í vinnu sem ráðs-
kona fyrir konu að nafni Jessie
Marcy ... sem fór yfir móðuna
miklu ekki löngu síðar. Öldruð
samstarfskona Louise féll einnig
frá og ekki talið allt með felldu við
fráfall hennar. Ekkert var þó að-
hafst í málinu.

Dauði og mannhvarf

Louise fékk í kjölfarið vinnu hjá Emily nokkurri Dwight Latham. Emily þessi hafði reynt Louise haurk í horni þegar hún sótti um skilorð fyrrum. Nú, Emily dó og var andlát hennar, líkt og Jessie Marcy, talið hafa borið að með eðlilegum hætti.

Árið 1944 fékk Louise enn eitt ráðskonustarfið. Í þetta sinn hjá fólki í Pacific Palisades í Kaliforníu. Þar var um að ræða Arthur C. Logan og eiginkonu hans, Margaret. Um svipað leyti giftist hún manni að nafni Lee Borden Judson.

Falsaðar undirskriftir

Margaret Logan hvarf og grunsemdir vöknud um að maður væri í mysunni þegar einhver rak augn í illa falsaðar undir-

Dropi af náttúrunni

Kaldunnin þorsklifrarólía

„Þegar kemur að næringu og heilsu vel ég aðeins það besta“

Andri Rúnar Bjarnason
Knattpyrnumaður Helsingborg

Nýjar bragðtegundir með lífrænum kjarnaolíum úr ferskri grænmyntu, engifer og fennil

Andrews og skaut hann til bana. Í íbúðinni voru einnig Shelly, og vinur Andrews, Eddie Payan, og hlutu þau sömu örlög og Andrew. Um hálf tíma síðar kom Dann aftur til Tinu til að skila byssunni og sagði henni, nánast í framhjáhlaupi, hvernig hann hefði skotið Andrews, og síðan Shelly og Eddie. Sagðist hann hafa skotið Andrew og Shelly því þau hefðu hlegið að honum og Eddie því hann hefði orðið vitni að morðunum. Tina vildi að Dann gæfi sig fram við lögregluna, en hann tók það ekki í mál. Þess í stað fór hann þess á leit við Tinu að hún útvegaði honum fjarvistarsonnun. Hann fékk síðan hjá henni hrein fót og fór. Morguninn eftir fór hann í íbúð Andrews, hringdi í Neyðarlínuna og sagðist hafa fundið þrjú lík í íbúðinni. Næstu daga ræddi lögregla við hann og Tinu og á endanum fannst byssan og allt lá ljóst fyrir. Dann var dæmdur til dauða 24. janúar árið 2002.



Í ÆVI LOUISE

Þegar sviptu sig lífi ■ Mætti örlögum sínum af reisin



Herra og frú Peete Richard framdi sjálfsmorð líkt og tveir aðrir eiginmenn Louise.

Endalokin tilkynnt Louise tók örlögum sínum af reisin.

APRIL 11, 1947

Mrs. Peete Executed at San Quentin

Lethal Gas Kills Smiling Murderess In 10 Minutes



Vertu alveg róleg,“ sagði hann lágum rómi við Louise sem muldraði þakkarorð.

skriftir á tékkum hennar sem og bréfum til skilorðsfulltrúa Louise.

Lee Borden var eftir yfirheyrslu útilokaður sem gerandi í málinu. Það gekk þó svo nærri honum að hann framdi sjálfsvíg daginn eftir, þann 12. janúar 1945, með því að henda sér út um glugga á 13. hæð skrifstofubyggingar í Los Angeles.

Dauðadómur


Líkið af Margaret fannst síðar niðurgrafið í garði. Hún hafði verið skotin í bakið og barin í höfuðið. Louise fullyrkti að Arthur hefði skyndilega fengið brjálæðiskast og gengið af konu sinni dauðri. Sjálf hefði hún fyllst ótta vegna eigin forsögu og því hefði hún grafið líkið í garðinum.

Louise átti engu láni að fagna þegar þarna var komið sögu. Hún var sakfelld fyrir morðið á Margaret Logan og dæmd til dauða.

Yfirveguð á lokastund

Þann 11. apríl, 1947, gekk Louise inn í gasklefan í San Quentin. Hún brosti og virtist hin rólegasta. Hún kinkaði kolla til fangelsisstjórans. Hún var samvinnuþýð þegar henni var komið fyrir í stólnum og vörðurinn sem sá um það klappaði blíðlega á öxl hennar. „Vertu alveg róleg,“ sagði hann lágum rómi við Louise sem muldraði þakkarorð.

Tíu mínútum síðar var Louise, þá 66 ára, öll. ■



HÆGT AÐ NOTA ÚTI OG INNI



HREIDUR.IS

LEYFÐU HUGMYNDAFLUGINU AÐ RÁÐA




FESTIST Á FLÍSAR OG Í BAÐKÖR



VEGAKORT ÁN HINDRANA FYRIR

Helgarkrossgátan

							dingla	atyr	stæðuna
	↓	val	egnt	krossgátugerð: Bjarni sími: 845 2510	kögur	tvíhljóði	2 eins	1	greinir
álögurnar									2 eins þvertré
hjáleiga				romsur sansa					dældin peninga
vömb						lífið	flenna trjákvöða		7
2 eins				vegleysu lúka					tvíhljóði þrautina
bjána						skass uns			
garmur				tikk flíkin				næring	
		morkin röltir					þrýsti pípa		raftur
afundnar								til	
gjamm			2 eins		sárin	fugl útlím			sýkja
fyrirgefur				6			hast eldsneyti		
	fífl trufla						auðnast	5	dýrahljóð
vitstola			4 eins	muldraðir					
sprænan				2		rambaldur		ræpan	fúlar
öskur					fag			3	svarf röð
		arfberi andvari				tré spil			tóntákn
dýrahljóð				iðngrein	elskuna storm				
	brall í bauk							auð áttund	
fíklana								slóð	
lína					bölvar			4	

1	2	3	4	5	6	7
---	---	---	---	---	---	---

Sudoku

Auðveld

2	4	3			1			5
		1		9				4
	7					8		
9			4	5			2	7
		5	8			6		
	6			7		9		
	3		5					
8		2		1			3	
1	9						8	

Erfið

8			2	7	4	9		
		4	8			2		6
		5		9				4
6	4			8				
9	5		7	4				8
			1					
			4	6				2
	7	2					9	
	1				7			

Verðlaunagáta


Helgarkrossgátan inniheldur lausnarorð.

Lausnarorð skal senda ásamt nafni og símanúmeri á netfangið krossgata@dv.is



Vinningshafi krossgátu síðustu helgar er ...

Hörður Björgvinsson
Lausnarorðið var **RISAEDLA**
Hörður hlýtur að launum bókina Hasím




Í verðlaun fyrir gátu helgarblaðsins er bókin **Barnið sem hrópaði í hljóði: Eddumál #4**

Eddu leiðist aðgerðaleysi eftirlaunaáranna svo hún ræður sig sem au-pair til lækis-hjóna í Skerjafirði – en andrúmsloftið í húsinu er grunsamlega rafmagnað. Dularfullar mæðgur sem virðast í felum fyrir sínum nánustu í íbúð lóunnar, dóttur Eddu, vekja líka forvitni hennar. Á sama tíma ríkir ófremdarastand á heimili í borginni þar sem fjölskylduafarir heldur eiginkonu og börnum í heljargreipum.

Barnið sem hrópaði í hljóði er fjórða bók Jónínu Leósdóttur um Eddu á Birkimelum, glímu hennar við flókin sakamál og samskipti hennar við fjölskyldu sína sem stundum eru síst einfaldari.

Jónína Leósdóttir hefur getið sér gott orð fyrir bókaflokkinn um Eddu, hörku-spennandi sögur sem kítla hláturtaugar lesenda og ríghalda frá upphafi til enda.

Svíf þú inn í svefninn ...í rúmi frá okkur!



Rúm, springdýnur, sængurver,
púðar, rúmteppi & gjafavara!
...við erum með þetta allt og meira til!



Við vorum að taka upp nýja
sendingu af ilmstrám og
ilmkertum frá Mysenso.



Íslensk
hönnun

RB rúm | Dalshrauni 8 | Hafnarfirði | Sími: 555 0397

www.rbrum.is | rum@rbrum.is | erum á **facebook**

Opð alla virka daga frá kl. 09.00–18.00, laugardaga 10.00–14.00, sunnudaga lokað

GÓÐIR SÝNA Á SÉR SKUGGAHLIÐINA

Leikarar þurfa að jafnaði að bregða sér í allra kvikinda líki, hins vegar er raunin sú að margir þeirra festast í ákveðnu fari, sem að okkur sem áhorfendum líkar við að þeir séu í. Sem dæmi má nefna einn okkar allra skemmtilegasta; Þórhall Sigurðsson, Ladda, sem hefur verið helsti grínisti þjóðarinnar, síðan hann steig fram í sviðsljósið.

En svo bregðast krosstré sem önnur tré og nokkrir leikarar sem við höfum bara þekkt af góðu og myndu einu, hafa skipt um gir og sýnt sínar myrkari hliðar, með frábærum árangri. Hér skoðum við nokkra þeirra.

Ragna Gestsdóttir
ragna@dv.is



Guðjón Davíð í hlutverki sínu í Lof mér að falla.

Edda Björgvinsdóttir hefur skemmt landanum með glensi, gríni og sprelli lengur en elstu menn muna (sem er samt ekki svo langt). Það hefur verið samheiti á milli Eddu og gríns í orðabókum landsmanna, hún hefur verið í fjölmörgum áramótaskaupum, óborganleg í Orlofi og fleira og fleira. Í fyrra sýndi Edda þó á sér nýja hlið sem Inga í kvikmyndinni Undir trénu. Inga var bitur, orðljót og útsmogin og vakti frammistaða Eddu mikla athygli og lof bæði hér heima og erlendis. Vonandi verður alheimsathyglin þó ekki til þess að Edda fari alfarið yfir í að vera vonda konan.



Guðjón Davíð í hlutverki sínu í Lof mér að falla.

Guðjón Davíð Karlsson (Gói) var hvers barns hugljúfi sem Gói í Stundinni okkar. Hann lék líka með Sveppa í nokkrum kvikmyndum um ævintýri Sveppa og vina hans. Gói hefur nýlega sýnt á sér dekkri hlið bæði í kvikmyndum og sjónvarpsþáttum. Hann lék eiturfjalsalann og hrottann Dodda drullu í kvikmynd Baldvins Z, Lof mér að falla, svæsnustu atriðin voru meira að segja klippt út áður en myndin fór í sýningu. „Þetta er eitt mesta ógeð sem ég hef komist í kynni við, það er alveg þannig, bæði á sviði og á filmu, blessaður maðurinn,“ sagði Gói um hlutverk sitt. Og í annarri þáttaröð Ófærðar lék hann verkstjórnann Finn, sem kúgaði undirmenn sína. Finnur uppskar eins og hann sáði, líkt og Gói sem er einn af fremstu leikurum þjóðarinnar.



Straumhvörf í neysluvatnsdælum



GRUNDFOS

ÍSLEIFUR
JÓNSSON

Grundfos Scala 3-45
Álagsstýrð, heldur jöfnum þrýsting og
hljóðlát. Dregur vatn allt að 8 metra
Innbyggð þurrkeyrsluvörn
Afkastar 8 aftöppunar stöðvum

Dragháls 14-16 | Sími 412 1200
110 Reykjavík | www.isleifur.is



Jóhann í hlutverki sínu í Hrauninu.

Jóhann G. Jóhannsson varð fyrst þekktur sem Júlli smaladrengrur árið 1988, þá 17 ára gamall, í sjónvarpsþáttunum um Nonna og Manna sem gerðir voru eftir sögum Jóns Sveinssonar. Jói hélt áfram að vera góði gaurinn meðal annars sem Bárður í Stundinni okkar og lög-reglumaður í Eiðinum. Jói sýndi þó á sér nýja hlið sem ofbeldismaðurinn Gísli í sjónvarpsþáttunum Hrauninu árið 2014. Síðan þá hefur Jói leikið jöfnum höndum góða gæjann og gæjann sem er ekki allur þar sem hann er séður, bæði hér heima og í erlendum sjónvarpsþáttaröðum.



Laddi við tókur á Fullir vasar, ásamt aðalleikaranum, Hjálvari Erni Jóhannssyni.

Þórhallur Sigurðsson (Laddi) hefur líkt og Edda séð um að skemmta landanum í áratugi. Hann hefur skapað fjölda karaktera sem lifa munu með þjóðinni um ókomna tíð; Eirík Fjalar, Magnús og Þórð húsvörð svo aðeins nokkrir séu nefndir. Laddi fékk fálkaorðuna um síðustu áramót og vilja margir Hafnfirðingar að hann verði næsti bæjarlistamaður í Firðinum. Í farsanum Fullir vasar sem sýndur var í fyrra sýndi Laddi á sér nýja hlið sem hættulegasti maður landsins, sjálfur Gulli bílasali. Áður hafði Laddi leikið einn af skúrkum bókmenntanna á sviði, þjófakónginn Fagin í Oliver Twist.

„Ég neita að bera virðinguna fyrir krabbameini“

Audur Ösp Guðmundsdóttir
audur@dv.is



Ingibjörg Rósa Björnsdóttir vinnur um þessar mundir að uppistandssýningu sem sýnd verður á Edinborgarhátíðinni í sumar. Sýningin ber hið skemmtilega heiti Sense of Tumour og er byggð á reynslu Ingibjargar af því að greinast og takast á við krabbamein.

„Ég er bara þannig að ég verð að gera grín að hlutunum, út á við, til að höndla þá.“

2016 var áskorunarár

Ingibjörg flutti til Englands árið 2013 en hún hefur í gegnum tíðina starfað sjálfstætt við blaðamennsku og meðal annars tekið að sér stundakennslu í skrifum við Háskóla Íslands og Háskólann á Bifröst. Árið 2016 fagnaði hún fertugsafmæli sínu og ákvað í tilefni þess að skora á sjálfa sig með alls kyns nýjum hlutum. Einn af þeim hlutum var uppistand.

„Uppistandið átti bara að vera eitt námskeið með útskriftarsýningu í London þar sem ég bjó. En svo var þetta svo gaman að ég hélt aðeins áfram og hef verið með annan fótinn í því síðan, ekki síst

við að skipuleggja uppistandssýningar.“

Ingibjörg flutti síðan til Skotlands í október 2016 en þar hefur hún meðal annars sinnt greinaskrifum, þýðingum og kennslu auk þess að koma á laggirnar skosk/íslenskri uppistandshátíð sem haldin var í Reykjavík á síðasta ári við góðar undirtektir.

„Edinborg er nokkurs konar vaggva uppistands í Bretlandi svo ég datt fljótlega inn í þá kreösu en hef unnið fyrir mér með greinaskrifum, þýðingum og kennslu og verið dálítið mikið á þeytingi milli Íslands og Skotlands.“

Ekki hægt að bjóða upp á endalausar „pulsuveislur“

Að hverju hefurðu helst verið að gera grín þegar þú kemur fram?

„Ég byrjaði nú í þessu klassíska: það að vera Íslendingur, íslenskan, fótboltinn og svo stefnumótamenningin og allt það. Íslandsvinkillinn gefur jú alltaf dálítið forskot en ég var orðin svolítið leið á því efni þegar ég kom til Edinborgar og fór í dýpra og persónulegra efni, sem er erfiðara að vinna með og koma almennilega til skila. Og satt að segja gafst ég dálítið upp eftir það, tók mér langa pásu því mér fannst ég kannski



ekki alveg nógu fyndin til að geta fengið fólk til að hlæja að alvarlegri atburðum úr lífi mínu.“

Aðspurð segir Ingibjörg að vissulega sé erfiðara fyrir konur að koma sér á framfæri í uppistandshæminum.

„Það er erfitt fyrir öll kyn að koma sér á framfæri í bransa sem hefur lengi verið helgaður einu kyni. En þetta er sem betur fer að breytast hægt og rólega og skipuleggjendur að verða meira vakandi fyrir því að það sé ekki hægt að bjóða áhorfendum upp á endalausar pulsuveislur.“

En ég finn líka að konur eru farnar að sækja meira í að mæta á uppistandsskvöld af því að þetta eru ekki eingöngu strákaklúbbar lengur heldur eru konur að gera grín að einhverju sem þær tengja betur við. En þú sérð það á flestum auglýsingum og plakötum, það eru vanalega alltaf karlkyns skemmtikraftar í meirihluta. Ein vinkona mín hér úti, mikilsvirtur uppistandari, lenti í því um daginn að vera auglýst sem „Kvenkyns-uppistandari“ okkar í ár...“ á einhverju galakvöldi. Við skelli hlógum að þessu, þetta var einhver eldgamall golfklúbbur að reyna að ná í skottið á breyttum tímum, rosa stoltir af sér greinilega!“

Er mikill munur á húmor hjá Skotum og Íslendingum?

Skotar og Íslendingar hafa mikinn samhljóm og þess vegna einmitt hef ég verið að reyna að rækta þessi tengsl milli uppistandssenanna í báðum löndum. Það eina sem truflar stundum er að skilja hreiminn og sérstök orð, þannig að ég er frekar feimin við að tala mikið við áhorfendur, ef þeir eru flestir skoskir. Eins og ég

segi samt, ég hef ekki verið mikið að fara upp á svið sjálf undanfarið ár, fyrr en núna, og þá með dálítið eldfimt efni svo viðtökurnar eru eitthvað sem ég er að læra á, ég er enn að prófa, og skrifa nýja efnið til að finna réttu aðferðina svo viðtökurnar eru ekki alveg marktækar ennþá.“

Margir fá sjökk í byrjun

Þann 20. desember síðastliðinn greindist Ingibjörg með hraðvaxandi brjóstakrabbamein og gekkst hún undir aðgerð fjórum vikum seinna. Hún er nú nýbyrjuð í lyfjameðferð sem lýkur í júní og því næst tekur við geislameðferð. Það kann að hljóma furðulega að í raun var það krabbameinið sem kom henni aftur af stað í uppistandið, en Ingibjörg hafði þá ekki stigið á svið í rúmum ár.

„Ég er bara þannig að ég verð að gera grín að hlutunum, út á við, til að höndla þá. Svo að þegar ég var að springa úr svörtum húmor þá skelli ég mér með vinum mínum á „open mic“ og sögurnar byrjuðu að flæða. Vanalega fær fólk mikið sjökk í byrjun, sérstaklega þar sem ég hef hingað til alls ekkert litið út fyrir að vera veik þannig að ég gat komið þeim alveg að övörum. Og ég verð að viðurkenna að ég fékk sjálf dálítið kikk út úr því, sem er kannski óréttlátt gagnvart áhorfendum en þeir voru vanalega fljótir að sjá að það væri í lagi að hlæja með mér að þessu – ekki hlæja að mér eða að krabbameininu heldur mínum persónulegu viðbrögðum og hugsunum varðandi sjálfa mig sem krabbameinssjúkling.“

Þetta er samt heilmikill línudans og ég hef farið með nákvæmlega sama sett tvö kvöld í röð, fyrra kvöldið grenjuðu allir af hlátri ▶

VELDU ÚR MEÐ SÁL



J.S. Watch co.
REYKJAVÍK

GILBERT
ÚRSMIDUR
Laugavegi 62 - sími: 551-4100
www.gilbert.is



en seinna kvöldið var meiri þögn og spennan. Það fer eftir aldurs-samsetningu hópsins, salnum, sviðinu, það eru ótrúlega margir þættir sem spila inn í og ég er sem sagt akkúrat bara að læra hvað virkar í hvaða aðstæðum. Mér sýnist til dæmis yngri fólk eiga erfðara með að höndla orðið „krabbamein“ – fer miklu frekar í baklás en eldri fólk. Kannski þarftu ákveðna lífsreynslu til að geta hlegið að svona alvarlegheitum og dauðleikanum. En ég þarf þá líka að læra hvernig ég get upplýst þau og fengið þau til að slaka á með það að hlæja að krabbameininu mínu. Því það er líka það sem þarf að vera á hreinu, ég er ekki að gera grín að krabbameini yfirhöfuð eða að öðrum krabbameinsveikum. Þetta byggist allt einungis á minni upplifun og minni sýn.“

Ingibjörg segir það hjálpa mikið í þessu ferli að nota húmorinn og sjá spaugilegu og kaldhæðnislegu hliðarnar á hlutunum. „Ég neita að bera virðingu fyrir krabbameini. Það tók þetta minn frá mér þegar ég var unglingur sem og fleiri og hefur oft ógnað ástvinum mínum í gegnum tíðina. En í þetta skipti varð ég í raun aldrei hrædd, nema kannski í nokkra daga þegar ekki var vitað hvort meinið hefði náð að dreifa sér. Svo var ekki þannig að ég hef fulla trú á að ég nái heilsu aftur og veit um leið hvað ég er rosalega heppin.“

Þess vegna tek ég þessu svona afslappað en ég þarf líka að tjá mig um þessa reynslu og það kemur bara út í gríni. Kannski líka af því að ég er frekar mikill einfari, bý ein og hef alltaf séð um mig sjálf. Fjölskyldan og flestir vinirnir búa á

Íslandi þannig að ég þarf allt í einu að tjá mig meira við þau til að leyfa þeim að fylgjast með þróuninni. Ég þekki það vel að vera aðstandandi og veit að þau þurfa að fá fréttir en ég vil ekki að neinn hafi áhyggjur af mér svo ég fer í gríngírin. Og ég meina „kommon“, tilhugsunin um að skvísa eins og ég þurfi kannski að ganga með bleiu ef ég skyldi hnerra meðan óheppilegar aukaverkanir af einu lyfjanna minna standa yfir ... ég meina, hvað er ekki fyndið við það?“

Erfitt að vera fjarri ástvinum

Það er ekki auðvelt að takast á við veikindi í öðru landi, fjarri fjölskyldu og vinum. Ingibjörg má ekki fljúga til Íslands meðan á meðferðinni stendur og reidur sig því á að ástvinir hennar heimsæki hana til Edinborgar.

„Ég er nú þegar búin að setja upp nokkurs konar ferðasjóð á fjáröflunarsíðu. Eins og ég segi, það er erfitt fyrir fjölskyldu og vini að vera í öðru landi meðan ég er í meðferðinni og á meðan má ég ekki fljúga til Íslands þá sjá þau mig ekkert fyrir en í fyrsta lagi í haust. En ég á góða systur og vin-konur sem eru æstar í að skiptast á að koma til mín og hjálpa mér svo mér datt í hug að þau sem vildu gera „eitthvert gagn“ gætu leyst það svona, hjálpað mér að endurgreidda þeim ferðakostnaðinn, svo þarna er leið til þess.“

Helst af öllu vill Ingibjörg fá tækifæri til að hitta móður sína, sem nýlega greindist með minnissjúkdóm á byrjunarstigi. „Ég ætlaði þess vegna að dvelja mikið hjá henni í vetur en krabbameinið hefur sett strik í reikninginn. Það er aldrei góður tími til að fá

þegar fer að vora. En þá þarf ég að leigja íbúð því mín er svo lítil og óhentug og eins þurfa fleiri ættingjar að koma með því hún getur ekki ferðast ein og ég verð kannski ekki í ástandi til að sinna henni almenninglega.“

Með mörg járn í eldinum

Ingibjörg lítur framtíðina björtum augum. Líkt og hún segir sjálf þá er krabbameinið einfaldlega eitt af verkefnum lífsins, og lífið heldur jú áfram þrátt fyrir allt.

„Ég hefði viljað geta lagst í mikil ferðalög en er að fara í aukalega lyfjagjöf sem veldur því að ég verð að mæta á sjúkrahúsið hér í Edinborg á þriggja vikna fresti í heilt ár, þannig að ég verð á nokkurs konar „skilorði“ um sinn. En ég get nú vonandi unnið eitthvað fyrir mér inni á milli meðferða, með skrifum. Ég er einmitt að dunda mér við að skrifa nokkurs konar handbók fyrir einfara sem fá krabbamein, með grínváfi, og vonandi hefur einhver áhuga á að gefa hana út á endanum,“ segir Ingibjörg en hún lætur ekki staðar numið þar, því framundan er að halda aðra skosk/íslenska uppistandshátíð í Reykjavík í febrúar 2020. „Svo

er ég að flytja inn skosku hljómsveitina The Proclaimers sem heldur tónleika í Eldborg í apríl. Þannig að ég er vanalega með mörg járn í eldinum og hef upp á síðkastið verið að byggja brú milli Íslands og Skotlands.“

Og svo virðist sem uppistandari- ingibjörg muni hafa nóg að gera á næstunni en sem fyrr segir mun hún koma fram á eigin sýningu á Edinborgarhátíðinni, Edinburgh Fringe Festival, í ágúst næstkomandi. Fyrirhugaðar eru níu sýningar frá 17. til 25. ágúst.

„Þótt að sýningin skrifi sig væntanlega að mestu leyti sjálf á næstunni þá þarf ég líka að fara á fullt um leið og meðferðinni lýkur við að fínþússa hana og markaðssetja. En það stefnir í að við verðum þónokkrir Íslendingar með uppistandssýningar hér í ágúst svo ég verð í góðum félagsskap. Ætli ég verði svo ekki að taka því rólega inni á milli því það tekur tíma að byggja sig aftur upp eftir lyfjameðferð.“ ■

Peir sem vilja leggja ferðasjóði Ingibjargar lið er bent á heimasíðuna: <https://www.justgiving.com/crowdfunding/ingibjorg-rosa>

NOKIA

Nokia 5.1 Plus

Með öflugum 8 kjarna örgjörva fyrir AR leiki


androidone

Frábær orkunýting

Android One

13 og 5MP myndavélar

5.8" HD+ skjár





ÚRVALIÐ
ER HJÁ

prima



Síðasti upplestur Elísabetar

Elísabet Jökulsdóttir skáld mun lesa upp úr verkum sínum í síðasta skipti föstudaginn 8. mars í Iðnó. Þar fer fram viðburðurinn Nornaseiður á vegum Rauða skáldahússins í til efni af Alþjóðadegi kvenna. Konur munu sjá um alla dagskrána, þar á meðal tónlistarkonurnar Skaði og ÍriiS og spákonan Snæugla.

Elísabet mun lesa ljóð upp úr bókinni Enginn dans við Ufsaklett og verður upplesturinn lesinn samhliða af enskum þýðanda. „Svo hef ég ekki ákveðið nákvæmlega hvað ég mun gera, það ræðst ekki fyrir en svona klukkutíma fyrir sýninguna.“

Viðburðurinn er gerður að fyrirmynd frá New York, sem ber

heitið The Poetry Brothel, og gengur út á einkalestur.

„Allt Iðnó verður undirlagt. Þarna verða eldgleypar og fólk í búningum og með grímur. Orkubomban Nanna Gunnarsdóttir sér um þetta og tekur á móti öllum. Hún hefur áður séð um Fringe Festival í Reykjavík.“

Leiði uppretta afreka

Af hverju verður þetta þinn síðasti upplestur?

„Ég hef verið að lesa í þrjátíu ár. Uppi á fjöllum, í Akraborginni, elliheimilum, í flugvélum og úti um allt. Ég ákvað að það væri kominn tími til að breyta til. Ég hef áður fengið þessa tilfinningu, í upplestri

í MH, þá ákvað ég að kveikja í bókinni og lesa á meðan hún brann. Maður á að taka mark á þessum tilfinningum. Leiði getur verið uppspretta mikilla afreka.“

Hvað tekur við hjá þér?

„Ég fer á bókamessu í Póllandi þar sem það var verið að þýða Engan dans við Ufsaklett á pólsku. Svo ætla ég að dvelja þar í tveggja vikna fríi. Síðan er ég að skrifa nýja bók sem gefin verður út á þessu ári, um samband mitt við pabba og sjálfa mig. Það eru náttúrlega allir búnir að fá leiða á þessari fjölskyldu sem er alltaf að skrifa um Jökul Jakobsson. En ég mun pönka þetta upp og síðan brenna upplagið,“ segir Elísabet og hlær. „Og dansa í öskurústunum.“ ■



Jóhanna Guðrún og Davíð eiga von á barni

Söngkonan Jóhanna Guðrún Jónsdóttir og eiginmaður hennar, tónlistarmaðurinn Davíð Sigurgeirsson, eiga von á sínu öðru barni. Fyrir eiga hjónin stúlku sem fædd er árið 2015 og er mikil eftirvænting hjá litlu fjölskyldunni fyrir væntanlegum fjölskyldumeðlimi.

Jóhanna Guðrún var í sviðsljósinu á lokakvöldi undankeppni Ríkisútvarpsins, 2. mars síðastliðinn, fyrir Eurovision-keppnina sem fram fer í Ísrael í maí. Tók söngkonan lagið Is it true, sem heillaði heimsbyggðina fyrir tíu árum og lenti í öðru sæti Eurovision-keppninnar. Frammistaða Jóhönnu Guðrúnar var stórbrotin og í enn eitt skiptið minnti hún á sig sem ein besta söngkona sem Ísland hefur alið. Þó duldust fáum að Jóhanna Guðrún var kona ekki einsömul.

Jóhanna Guðrún og Davíð gengu í hjónaband þann 21. september á síðasta ári og því er skammt stórra högga á milli hjá þarinu. Þau hafa unnið saman að tónlistarsköpun auk þess sem parið treður reglulega upp ásamt valinkunnum hljóðfæraleikurum. Þá stýra þau saman barnakór Vídalínskirkju við góðan orðstír.

Eins og áður segir er Jóhanna Guðrún ein þekktasta söngkona landsins en færri vita að Davíð er einn af framþæfilegustu gítarleikurum landsins. Hann á ekki langt að sækja hæfileikana því faðir hans er gítargoðsögnin Sigurgeir Sigmundsson sem hefur leikið í hljómsveitunum Start, Gildrunni og Drýsli.



www.krokur.net

522 4600

Taktu Krók á leiðarenda

Krókur hf. er fyrirtæki sem að hefur sérhæft sig í flutningum og björgun ökutækja. Félagið rekur einnig þjónustumiðstöð fyrir tjónaökutæki þar sem veitt er ahliða þjónusta í meðhöndlun tjónabifreiða og annarra bifreiða samkvæmt óskum viðskiptavina.

Krókur býður m.a. uppá:

- Starfsmenn sem eru þjálfaðir og reyndir í bíla- og tækjaflutningum
- 24 stunda þjónusta allt árið um kring
- björgunarþjónustu og aðstoð ef bílar bíla eða flytja þarf þá á verkstæði



KRÓKUR
á þinni leið

Suðurhraun 3, 210 Garðabær

